FRÉTTABLAÐIÐ

48. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 26. FEBRÚAR 2019




Atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun starfsmanna Eflingar sem starfa við hreingerningar og þrif á hótelum hófst í gær. Nánar er fjallað um kjaradeiluna á síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Víða kolvitlaust veður á landinu

**VEÐUR** Spáð er kolvitlausu veðri víða um land í dag. „Þetta liggur svona suðvestur til norðausturs, frá Reykjanesi til Akureyrar getum við sagt. Allt þar austan við er mjög slæmt og mjög hvasst,“ segir Óli Þór Árnason veðurfræðingur.

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi mega sömuleiðis búast við að finna fyrir hvassviðrinu, en það verði ekkert í líkingu við það sem ganga mun yfir fyrir norðaustan og austan. Veðrið verði ekki orðið skaplegt fyrr en í kvöld eða nótt. **– dfb**

- **Appelsínugul viðvörun:** Norðurland eystra, Austurland að Glettingi, Austfirðir, Suðausturland og Miðhálendi.
- **Gul viðvörun:** Suðurland og Strandir og Norðurland vestra.

# Áhyggjur innan hótelgeirans

**Þungt hljóð í rekstraraðilum innan hótelgeirans. Framkvæmdastjóri Hótel Sögu segir launakostnað víða um helming útgjalda. Framkvæmdastjóri Íslandshótela segir svigrúm til launahækkana, en ekki mikilla.**

**KJARAMÁL** Rekstraraðilar í hótelgeiranum hafa áhyggjur af framhaldi í kjaradeilu Eflingar, VR, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur við Samtök atvinnulífsins (SA). Svigrúmið til launahækkana sé ekki mikið enda laun einn stærsti rekstrarliður fyrirtækjanna.

Atkvæðagreiðsla um fyrirhugaða vinnustöðvun ræstingafólks Eflingar þann 8. mars hófst í gær en deilt er um lögmæti hennar. Þar mun Félagsdómur hafa lokaorðið. Í gær var einnig sagt frá því hvert framhaldið verður. Hrina sex stuttra verkfalla, sem beinist helst að hótelum, veitingastöðum og hópferðabílafyrirtækjum, er á döfinni en hafi samningar ekki náðst í apríl verði boðað til allsherjarverkfalls.

„Það er grafalvarlegt að beina þessu að hótelum og veitingastöðum og þau fyrirtæki kannski þau sem slíkar aðgerðir ættu síst að beinast að enda forstjórar þeirra fæstir á forstjóralaunum,“ segir Ingibjörg Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hótels Sögu og varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði í gær að aðgerðirnar beindust gegn fyrirtækjum í þessum geira sem hefðu „breiðustu bökin“.



**Ingibjörg Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hótel Sögu**

„Það þykir mér sérkennilegt að beina þessu að stóru fyrirtækjunum. Þau eru langflest að passa upp á að fara eftir öllum lögum og reglum, standa skil og passa að aðstæður séu réttar,“ segir Ingibjörg.

Hún bætir við að launakostnaður sé hjá ýmsum hótelum um helmingur útgjalda og hafi hækkað mikið eftir kjarasamninga 2015. Á sama tíma hægi á straumi ferðamanna til landsins og fyrirtæki gætu þurft að skera niður komi til mikilla hækkana. Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, tekur í svipaðan streng.

„Það er svigrúm til hækkana en ekki mikið. Það má ekki gleyma launatengdum gjöldum á borð við tryggingargjaldið og greiðslur í lífeyrissjóði. Þau toga í,“ segir Davíð Torfi. „Ef það kemur til mikilla hækkana þá er ekki hægt að ýta því út í verðlagið enda Ísland nú þegar dýrt samanborið við önnur lönd.“

Bæði segja að unnið sé að því að láta vinnustöðvunina 8. mars hafa sem minnst áhrif komi til hennar. Samráð standi yfir um hverjir megi ganga í hvaða störf og vonast sé til þess að náist að taka á móti öllum gestum. **– jóe /** **sjá síðu 6**




Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka

Fjármögnun fyrirtækja

Miðvikudaginn 27. febrúar kl. 8:30 í Gamla kaupfélaginu, Kirkjubraut 11, Akranesi

**Nánari upplýsingar á islandsbanki.is/fyrirtaekjafraedsla**

## Veður




Suðvestan 23-30 S-til á landinu en mun hægari NV-til. Dregur smám saman úr vindi og úrkomu síðdegis, en áfram stormur eða rok A-lands fram á kvöld. Hiti víða 3-8 stig en kólnar smám saman og slydda eða él NV-til í kvöld.
SJÁ SÍÐU 14

# Á skíðum skemmti ég mér ...



Þrátt fyrir hlýindakafla og bráðnandi snjó þá skorti ekki gleðina á skíðasvæði Siglfirðinga í Skarðsdal í gærdag, þegar ljósmyndari Fréttablaðsins var á staðnum, líkt og þessi hópur skíðagarpa ber glöggt vitni um. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri ljósmyndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Flest tilmæli um réttindi hinsegin fólks

**UTANRÍKISMÁL** Ísland tekur málefni hinsegin fólks upp við hvert tækifæri og setur fram flest tilmæli til einstakra ríkja í jafningjarýni um réttindi þeirra. Þetta segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra. Hann ávarpaði mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í gær.

„Ísland beitir sér hér eftir sem hingað til með skeleggum málflutningi á erlendri grundu og með því að betrumbæta aðstæður hinsegin fólks heima fyrir, eins og segir í ríkisstjórnarsáttmálanum, þannig að við séum í fremstu röð,“ segir Guðlaugur. Hann gagnrýndi ofbeldi gegn hinsegin fólki í Tansaníu og Tsjetsjeníu í ræðu sinni í gær.



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

Ráðherra ræddi einnig mannréttindabrot ríkja sem sitja í ráðinu og starfshætti ráðsins í ræðunni.

Guðlaugur efast ekki um að stærri ríki hafi komið í veg fyrir tækifæri smærri ríkja til að bjóða sig fram. „Okkur finnst að í ráði – þar sem samanlagt sitja 47 ríki – eigi að vera hægt að koma málum þannig í kring að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna geti setið þar endrum og sinnum, hafi þau áhuga á því. Áhrifaríkin í hverjum heimshluta ættu ekki að einoka ráðið. Það mætti alveg hugsa sér að í hverjum ríkjahópi skiptist ríki á um að fara fram. Ég tek þó fram að mér finnst alls ekki óeðlilegt að fjölmennari ríki heimsins sitji tiltölulega oft í mannréttindaráðinu. Eftir sem áður teljum við mikilvægt að fleiri ríki þjóni í ráðinu.“ **– þea**



## Leit að loðnu árangurslaus

**SJÁVARÚTVEGUR** Leit Hafrannsóknastofnunar að loðnu hefur engan árangur borið og ekki eru forsendur til að gefa út loðnukvóta þetta árið. Frá þessu er greint á vef Austurfrétta.

Síðasta loðnuleiðangri Hafró lauk í fyrradag en leit að fiskinum hefur staðið yfir undanfarnar vikur. Í gegnum árin hefur mismikill fiskur fundist og dæmi til um afar slæmar vertíðir. Sú síðasta var fyrir tíu árum.

Ljóst er að loðnuleysið mun hafa mikil áhrif, sérstaklega á Austfjörðum þar sem stærstur hluti hennar er unninn. Samkvæmt Hagstofunni nam aflaverðmæti loðnu árið 2017 3,6 milljörðum en áætlað er að útflutningsverðmæti hafi verið um fimmfalt hærra. **– jóe**

# Írar biðja fyrir því að Jón Þröstur finnist

**Sautján dagar eru síðan Jón Þröstur Jónsson hvarf á Írlandi. Utanríkisráðherrar Íslands og Írlands ræddu málið á fundi sínum í gær. Bróðir Jóns Þrastar gengur húsa á milli í leit að bróður sínum. Hann finnur fyrir stuðningi Íra.**

**LÖGREGLUMÁL** „Við fengum verðskuldaðan frídag í fyrradag eftir tvær vikur af keyrslu. Það voru allir andlega og líkamlega örmagna. Nú erum við bara að halda áfram að leita og biðja fólk um aðstoð,“ segir Daníel Örn Wiium, yngri bróðir Jóns Þrastar, í samtali við Fréttablaðið.

Jón Þröstur hvarf að morgni laugardagsins 9. febrúar í Whitehall, úthverfi Dyflinnar. Hann var á öðrum degi 10 daga ferðalags ásamt kærustu sinni, en Jón var þangað kominn til að taka þátt í pókermóti og skoða kastala. Jón Þröstur fór af hótelinu án síma og vegabréfs, en talið er líklegt að hann hafi haft greiðslukort á sér. Kortið hefur ekki verið notað frá því hann hvarf. Írskir miðlar hafa greint frá því að hann gæti hafa haft reiðufé á sér, en ekki liggur fyrir hversu mikið.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra ræddi málið við Simon Coveney, utanríkisráðherra Írlands, í gær. „Ég þakkaði honum fyrir þann hlýhug sem við finnum frá írsku þjóðinni í tengslum við þetta erfiða mál,“ segir Guðlaugur Þór. Hann fann það á Coveney að hvarf Jóns Þrastar lægi þungt á írsku þjóðinni. „Það fór ekkert á milli mála. Hann þekkti mjög vel til málsins og sagði mér að þetta hefði vakið mikla athygli á Írlandi. Og þeir lögðu mikla áherslu á að fá lausn í þetta mál.“

Daníel Örn er ánægður með viðbrögð ráðamanna sem séu í takt við alvöru málsins. Hann segir fjölskylduna finna fyrir miklum samhug meðal írsku þjóðarinnar. „Við finnum fyrir stuðningi á hverjum einasta degi frá öllum. Við höfum hitt fólk við leitina sem hefur misst ættingja eða týnt og það hefur hvatt okkur til þess að halda áfram.“

Hann hefur fundið fyrir því hvernig málið hefur smátt og smátt vakið meiri athygli. „Ég er örugglega búinn að banka á fleiri hundruð hurðir hjá fólki, það taka okkur allir opnum örmum. Það er búið að láta okkur vita að það sé verið að biðja fyrir honum í kirkjunum hérna, svo eru fjölskyldur hérna sem eru að passa að okkur vanti ekkert og hugsa um okkur. Það finna allir hvað þetta er erfitt og það eru allir tilbúnir að hjálpa. Vonandi leiðir það til þess að við finnum hann og óvissan taki enda.“

arib@frettabladid.is

### Jón Þröstur hvarf sporlaust af Bonnington-hótelinu




Jón Þröstur var á Bonnington-hótelinu, gekk í norðurátt fram hjá Highfield-hjúkrunarheimilinu þar sem hann sást á eftirlitsmyndavél. Ekkert hefur sést til hans síðan. Rannsóknarlögreglumaður sagði leitarmenn, hunda og þyrlu hafa farið yfir „grænu svæðin“ við hótelið og Highfield.

> **Svo eru fjölskyldur hérna sem eru að passa að okkur vanti ekkert og hugsa um okkur. Það finna allir hvað þetta er erfitt og það eru allir tilbúnir að hjálpa.**
>
> Daníel Örn Wiium, yngri bróðir Jóns Þrastar

**Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 22. mars 2019 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skal hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykkta félagsins.

Reykjavík, 21. febrúar 2019.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**



# Brunað niður brekkur áður en leysa tekur



**Sigtryggur Ari Jóhannesson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á ferð á Siglufirði um liðna helgi og hafði linsuna að sjálfsögðu meðferðis. Snjór hafði eilítið minnkað í hlíðunum en skíðafólk lét það ekki stoppa sig í að renna sér niður. Febrúar rennur bráðum sitt skeið og styttist í að snjór hopi með vorinu. Skíðafólk heldur þó eflaust í vonina um gott páskahret til að lengja tímabilið eilítið.







# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

## MIKIÐ ÚRVAL AF TILBÚNUM RÉTTUM FRÁ REMA 1000




BIXIE
MEÐ KARTÖFLUMÚS
530 kr.




GÚLLAS
MEÐ KARTÖFLUMÚS
555 kr.




DÖNSK
BUFF
563 kr.




STEIKTUR
KJÚKLINGUR
992 kr.




KJÖTBOLLUR
Í KARRÝ
348 kr.




PASTA
CARBONARA
225 kr.




RISOTTO
MEÐ SVEPPUM
312 kr.




KJÚKLINGA
SÚPA
304 kr.




KJÖTBOLLUR
Í KARRÝ
1.517 kr.




PASTA
CARBONARA
1.286 kr.




RISOTTO
MEÐ SVEPPUM
1.401 kr.




LASAGNE
BOLOGNESE
225 kr.

MODENA PIZZA
399 kr.
HÁGÆÐA ÍTALSKAR PIZZUR




SUPER 1 - HALLVEIGARSTÍG 1 - 101 REYKJAVIK

# Aðrir gætu myndað blokk gegn Miðflokknum um nefndaskipan

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Miðflokksins hefur ekki óskað eftir að kosið verði aftur í nefndir þingsins.

„Nei, það er ekki annað komið til mín formlega en bréf frá þeim tveimur þar sem þeir tilkynna formlega um breytingu á aðild sinni að þingflokki,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, og vísar til Ólafs Ísleifssonar og Karls Gauta Hjaltasonar sem gengið hafa til liðs við Miðflokkinn. „Það bréf les ég í upphafi fundar í dag og það tekur þá formlega gildi gagnvart skipulagi þingsins,“ segir Steingrímur.

Þingmenn Miðflokksins munu ekki geta krafist breytinga á skipan nefnda án aðkomu og stuðnings annarra þingmanna.

Í þingsköpum er lagt upp með samkomulag þingflokka um nefndaskipan og við því verði ekki hróflað ef tveir þriðju hlutar þingheims styðji það. Þetta er túlkað þannig að þriðjungur þingmanna geti farið fram á uppstokkun. Það



Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis.

er 21 þingmaður. Þingflokkur Miðflokksins þarf því tólf þingmenn til liðs við kröfu um uppstokkun.

Þá er óvíst að Miðflokkurinn fái aukið vægi við uppstokkun á nefndaskipan þrátt fyrir að flokkurinn sé orðinn stærstur stjórnarandstöðuflokka.

Þingflokkar stjórnarandstöðunnar fara með formennsku í þremur nefndum. Af hálfu þingmanna Miðflokksins hefur því verið haldið fram að sem stærsti flokkurinn í stjórnarandstöðu eigi hann tilkall til þess að velja fyrstur í hvaða nefnd hann kýs að fara með formennsku. Svo þarf ekki að fara enda mögulegt að aðrir þingflokkar stjórnarandstöðu myndi samstöðublokk 18 þingmanna, sem kjósi sameiginlega í nefndir. Slík blokk ætti bæði fyrsta og annað val um formannsstóla og níu þingmenn Miðflokksins þyrftu að taka það formannssæti sem eftir væri.

Styrking Miðflokksins hefur hins vegar þau áhrif í tveimur nefndum þingsins, atvinnuveganefnd og samgöngunefnd, að flokkurinn hefur tvo þingmenn eða helming sæta stjórnarandstöðunnar. **– aá**

## Corbyn leggur drög að nýrri Brexit kosningu

**BRETLAND** Verkamannaflokkurinn í Bretlandi hefur boðað að leggja fram tillögu um aðra þjóðaratkvæðagreiðslu í tengslum við Brexit. Ástæðuna segir Jeremy Corbyn, formaður flokksins, vera þá að koma í veg fyrir „skaðlega“ útgöngu undir forystu Íhaldsflokksins.

Tillöguna hyggst Corbyn leggja fram fari svo að Theresa May forsætisráðherra fallist ekki á kröfur sem Verkamannaflokkurinn hefur sett fram í tengslum við Brexitsamning sem neðri deild breska þingsins greiðir atkvæði um í mars.

Þess er meðal annars krafist að komið verði á fót tollabandalagi sem Bretar myndu taka þátt í. Í ljós kemur á miðvikudag hvort kröfur Corbyns hljóti náð meirihlutans.

Corbyn hefur ekki útlistað hvað fælist nákvæmlega í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem hann vill að verði haldin. Eftir að Bretar kusu um útgöngu úr ESB hefur nokkur fjöldi fólks lýst yfir eftirsjá að hafa kosið með Brexit. Fyrirhugað er að Bretar yfirgefi ESB þann 29. mars. **– dfb**



Jeremy Corbyn.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Hækkaði forstjóra ISAVIA áður en hann hækkaði sjálfur

**Stjórn Íslandspósts hóf umræðu um launabreytingu forstjóra fjórum dögum eftir að forstjóri ISAVIA var hækkaður í launum. Stjórnarformaður ISAVIA segir hækkunina í samræmi við starfskjarastefnu. Forstjóri Póstsins vildi ekki ræða við blaðið. Stjórnarformaðurinn og forstjórinn eru einn og sami maður.**



Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts og stjórnarformaður ISAVIA. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KJARAMÁL** Stjórn ISAVIA ohf. ákvað á fundi sínum 2. nóvember 2017 að hækka laun forstjóra fyrirtækisins um 36 prósent. Fjórum dögum síðar voru starfskjör forstjóra Íslandspósts ohf. (ÍSP) rædd á fundi stjórnar og breyting á kjörum afgreidd í árslok sama ár. Þá var samþykkt að hækka laun forstjóra ÍSP um 25 prósent. Ingimundur Sigurpálsson gegnir bæði starfi forstjóra ÍSP og stjórnarformanns ISAVIA.

Þetta kemur annars vegar fram í svari ISAVIA við fyrirspurn Fréttablaðsins og hins vegar fram í fundargerðum stjórnar ÍSP. Í svari ISAVIA segir að heildarlaun forstjóra hafi verið hækkuð með ákvörðun stjórnar úr 1.748 þúsund krónum í 2.380 þúsund krónur.

Í ráðningarsamningi Björns Óla Haukssonar, forstjóra ISAVIA, er kveðið á um að starfskjör skuli endurskoðuð í janúar ár hvert í samræmi við launaþróun. Hækkuðu þau því um tvö prósent í janúar 2018 og á ný um þrjú prósent í maí 2018 vegna almennra breytinga

> **Launin skulu sæta breytingum í samræmi við almenna þróun launakjara.**
>
> Ingimundur Sigurpálsson, stjórnarformaður ISAVIA

launa á vinnumarkaði. Standa launin því í um 2,5 milljónum króna nú.

„[Starfskjarastefna ISAVIA] skuldbindur m.a. stjórn til þess að endurskoða árlega laun forstjóra og þar er kveðið á um þau viðmið, sem hafa skal til hliðsjónar við þá endurskoðun. Þar er kveðið sérstaklega á um það að launin skuli sæta breytingum í samræmi við almenna þróun launakjara í sambærilegum fyrirtækjum og vera samkeppnishæf,“ segir Ingimundur Sigurpálsson, formaður stjórnar ISAVIA. Einnig hafi verið tekið tillit til fyrirmæla fjármálaráðherra.

Á fundi stjórnar ÍSP 6. nóvember 2017, það er fjórum dögum eftir hækkun ISAVIA, upplýsir formaður stjórnar, Thomas Möller á þeim tíma, að starfskjaranefnd ÍSP hafi hitt forstjóra fyrir stjórnarfund. Þann 20. desember sama ár fundar stjórn á ný og segja formaður og varaformaður, það er Svanhildur Hólm Valsdóttir sem jafnframt er aðstoðarmaður fjármálaráðherra, frá viðræðum við Ingimund um laun hans. Stjórn fól formanni að afgreiða málið.

Á næsta fundi stjórnar, í janúar 2018, lagði Ingimundur fram bókun þar sem fram kom að hann teldi að fjárhæð launagreiðslu væri ekki í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings. Laun hans hækkuðu um 25 prósent við breytinguna, urðu tæpar 1,8 milljónir, en það er nokkru lægra en forstjórar ISAVIA, Landsbankans og Landsvirkjunar fengu. Hækkun tveggja síðarnefndu nam rúmum 55 prósentum. Þá fær Ingimundur 380 þúsund sem stjórnarformaður ISAVIA.

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri ÍSP, vildi lítið ræða umrædda bókun og aðdraganda launahækkunar sinnar við Fréttablaðið og taldi málið ekki eiga erindi í opinbera umræðu. Óskaði hann eftir skriflegri fyrirspurn til upplýsingafulltrúa fyrirtækisins en svar við henni hafði ekki borist þegar blaðið fór í prentun. **joli@frettabladid.is**

ENNEMM / SÍA / NM92141




www.mini.is

PLUG-IN HYBRID
OG FJÓRHJÓLADRIF.

MINI COUNTRYMAN PLUG-IN
VERÐ: 5.490.000 KR.

Staðalbúnaður m.a.: Vetrardekk, 17“ álfelgur, regnskynjari á rúðuþurrkum, lyklalaust aðgengi og gangsetning. Mini Visual Boost 6 hátalara hljómkerfi, Bluetooth tenging, 6,5“ litaskjár, rafdrifinn afturhleri, rendur á vélarhlíf, bakkmyndavél, leggja í stæði hjálp, LED aðal- og afturljós.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

IGNIS
MÍKRÓ JEPPI

SUZUKI
Way of Life!

# LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
# SUZUKI IGNIS 4X4!

SUZUKI ER ÁREIÐANLEGASTI BÍLLINN SAMKVÆMT NIÐURSTÖÐUM ÁRLEGRAR KÖNNUNAR BRESKA BÍLARITSINS „WHAT CAR?“

VERÐ FRÁ KR.
**2.790.000**




*Það er alltaf Suzuki veður!*

ALLGRIP AUTO

- Allgrip auto fjórhjóladrifskerfi
- 18 cm undir lægsta punkt
- Sparneytin og öflug 1,2L Dualjet vél
- 4,7 m beygjuradíus
- Einnig fáanlegur með Mild Hybrid tvinnaflrásarvél

Suzuki Ignis er valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt að utan sem innan.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Ríkið endurgreiði sektir

**STJÓRNSÝSLA** Seðlabankinn telur eðlilegt að endurskoða strax allar sektarákvarðanir og sættir vegna brota á fjármagnshöftum í gildistíð tiltekinna eldri reglna um gjaldeyrismál, þar til reglurnar voru lögfestar síðla árs 2011, og fara þess á leit að ríkissjóður endurgreiði sektir vegna brota á reglunum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá bankanum í gær.

Sem kunnugt er birti umboðsmaður Alþingis í lok janúar álit vegna kvörtunar Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, þar sem meðal annars var komist að þeirri niðurstöðu að við meðferð máls Þorsteins Más hjá Seðlabankanum hefði bankinn ekki tekið afstöðu til röksemda sem lutu að afstöðu ríkissaksóknara til gildis laga og reglna um gjaldeyrismál sem refsiheimilda.

Seðlabankinn lagði 1,3 milljóna króna stjórnvaldssekt á Þorstein Má en hann var meðal annars sakaður um að hafa ekki skilað innan tilskilinna tímamarka erlendum gjaldeyri sem hann fékk greiddan á árinu 2010 vegna endurgreiðslu láns til fjármálafyrirtækis.

Þorsteinn Már hélt því hins vegar fram að bankann hefði skort heimildir til að gera honum að greiða stjórnvaldssekt vegna brota á reglunum og að auki hefði ekki verið um neitt brot að ræða.

Vegna álits umboðsmanns Alþingis ritaði Seðlabankinn ríkissaksóknara bréf þar sem þess var óskað að ríkissaksóknari skýrði frekar þau ummæli um gildi reglna um gjaldeyrismál sem refsiheimilda sem fram komu í fyrri ákvörðunum hans, að því er rakið var í tilkynningu Seðlabankans.

„Í svarbréfi ríkissaksóknara sem barst Seðlabankanum undir lok síðustu viku segir að mat hans sé að reglur um gjaldeyrismál gátu ekki talist gild refsiheimild fyrr en þær voru lögfestar með lögum nr. 127/2011.“

Með bréfinu er þar með tekinn af allur vafi um að mat ríkissaksóknara, sem æðsta handhafa ákæruvalds, sé að reglusetningarheimild í bráðabirgðaákvæði laga um gjaldeyrismál hafi ekki uppfyllt áðurnefnd skilyrði um framsal lagasetningarvalds og skýrleika refsiheimilda. Þar með gætu reglur um gjaldeyrismál, sem settar voru á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins, ekki talist gildar sem refsiheimild,“ segir í tilkynningunni. **– kij**



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri.**

# Iðnaðarmenn hjóla í verkalýðshreyfinguna

**KJARAMÁL** Fjölmennur fundur fagaðila í iðnaði, sem haldinn var í gær, fordæmdi harðlega það sem þeir telja óforskömmuð vinnubrögð verkalýðshreyfingarinnar þar sem þeir hafi gengið freklega fram hjá innlendri framleiðslu við innflutning á fullbúnum húsum, innréttingum og húsgögnum hingað til lands.

„Að forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar semji við erlenda aðila um innflutning á húsum, innréttingum og húsgögnum, á sama tíma og þeir eiga að standa vörð um innlenda framleiðslu, vernda störf, halda við kunnáttu í handverki og tryggja réttindi þeirra starfsmanna sem vinna þessi störf, ber heilindum þeirra ekki gott vitni,“ segir í ályktun fundarins. „Það er heldur ekki sannfærandi vitnisburður um getu þeirra til að sinna þeim störfum sem þeim hefur verið falið.“



**Eyjólfur Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Axis.**

Á þennan fund mætti fjöldi iðnaðarmanna sem fordæma starfshætti ASÍ og BSRB.

„Fasteignafélagið Bjarg, stofnað af ASÍ og BSRB, hefur látið framleiða og flytja inn einingahús frá Lettlandi og borið fyrir sig að innlendir aðilar anni ekki því magni sem óskað er eftir,“ segir Eyjólfur Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Axis. „Þetta er klárlega næsti bær við félagsleg undirboð og við teljum þessi samtök, sem verja eiga réttindi verkafólks, ekki gera það í þessu tilviki.“ **– sa**



**Bíll frá Eflingu keyrði milli gististaða þar sem hægt var að greiða atkvæði um verkfallsaðgerðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gengið vel að ná til erlendra starfsmanna

**Atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun starfsmanna Eflingar sem starfa við þrif og hreingerningar á hótelum og gistihúsum hófst í gær. Samtök atvinnulífsins telja atkvæðagreiðsluna ekki standast lög og hvetja Eflingu til að stöðva hana.**

**KJARAMÁL** Atkvæðagreiðslan um verkfallsaðgerðirnar er rafræn en einnig er hægt að greiða atkvæði á skrifstofu Eflingar. Þar að auki keyrir sérstakur bíll milli vinnustaða og safnar utankjörfundaratkvæðum. Hófst sú þjónusta í gær og var Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, ánægður með viðtökurnar.

„Við höfum heldur betur fengið góð viðbrögð við þessu. Það hafa verið raðir á vinnustöðum og ótrúleg stemning. Þetta er alveg magnað og hreint stórkostlegt,“ segir Viðar.

Rétt til að greiða atkvæði hafa allir félagsmenn sem vinna samkvæmt kjarasamningi vegna vinnu í veitinga- og gistihúsum.

Aðflutt verkafólk er um helmingur félagsmanna í Eflingu og enn stærri hluti þeirra sem mögulega fara í verkfall 8. mars. Viðar segir mjög vel hafa gengið að ná til þessa hóps og koma til hans skilaboðum.

„Það er hluti þess sem við höfum verið að undirbúa síðustu mánuði. Við höfum verið að rækta okkar tengsl við þessa félagsmenn. Það hefur verið eitt af okkar forgangsmálum en við höfum til dæmis verið að fara inn á vinnustaði með fundi þar sem kosnir hafa verið trúnaðarmenn.“

Oft sé um að ræða vinnustaði þar sem aldrei áður hafi verið kosinn trúnaðarmaður. „Það er hluti af okkar nýju hugmyndafræði að virkja fólk til þátttöku í félaginu og til þess að standa almennt vörð um sín réttindi sjálft. Við höfum því búið rækilega í haginn fyrir þetta og finnum það mjög skýrt þegar við rúllum af stað svona aðgerð eins og verkfallskosningu.“

Samkvæmt nýjustu kjarakönnun Eflingar sem gerð var síðastliðið haust voru meðalheildarlaun þeirra sem starfa í gisti- og veitingaþjónustu 449 þúsund krónur á mánuði. Var það um 30 þúsund krónum minna en meðaltal allra félagsmanna Eflingar.

Í eldri könnunum Eflingar og Flóabandalagsins voru laun ræstingafólks sérstaklega könnuð. Haustið 2017 voru meðalheildarlaun þess hóps 393 þúsund á mánuði. Til samanburðar voru meðalheildarlaun í gisti- og veitingaþjónustu þá 423 þúsund en hjá öllum félagsmönnum 473 þúsund.

Þess ber að geta að launarannsóknir Hagstofunnar ná ekki til starfsfólks í gisti- og veitingaþjónustu.

Viðar segir ljóst að ræstingafólk sé hópur sem vinni oft mjög langan vinnudag og vaktavinna sé regla frekar en undantekning. „Þótt við sjáum einhverjar tölur sem ná yfir 400 þúsund á mánuði þá er það ekki vegna þess að fólk sé yfirborgað. Það er bara vegna þess að fólk er að vinna margar vaktir og er að hala þetta inn með álagsgreiðslum.“

**sighvatur@frettabladid.is**

## Deila um lögmæti

Samtök atvinnulífsins skoruðu í gær á Eflingu að stöðva atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls þar sem ólöglega sé að henni staðið. Telja samtökin að ekki sé heimilt að um átta þúsund félagsmönnum sé boðið að taka þátt í atkvæðagreiðslu um aðgerðir sem myndu aðeins ná til um 700 félagsmanna.

Þessu hafnar Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar. Hann segir lögmenn félagsins hafa farið vel yfir undirbúning og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Þar hafi þeir meðal annars notið liðsinnis Alþýðusambands Íslands.

Þess má geta að Magnús M. Norðdahl, deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ, er jafnframt formaður kjörstjórnar Eflingar.


ENNEMM / SÍA / NM92173



RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í RANGE ROVER

**Range Rover Sport HSE PHEV**
**Verð frá: 13.690.000 kr.**

Range Rover Sport HSE P400e tengitvinnbíll setur ný viðmið. Einstök hönnun, framúrskarandi aksturseiginleikar og 404 hestöfl gera þennan sportlega lúxusjeppa að hagkvæmum og umhverfisvænum kosti.
Verið velkomin í reynsluakstur!

www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND

**LAND ROVER** HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK, SÍMI: 525 6500

# LITRÍKUR LESTUR!




VILDARVERÐ:
**5.599.-**
Fullt verð:
6.999.-

**Lífið í lit er nýstárleg bók sem lýsir miklum átökum að tjaldabaki í íslensku viðskiptalífi, en er líka fjölskyldusaga, saga af farsælum viðskiptum þriggja kynslóða í 117 ár. Helgi Magnússon segir sögu sína, en hann hefur á síðari árum verið umfangsmikill þátttakandi í viðskiptum á Íslandi.**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 28. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ónæmi og óþarfi



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Samráð er hafið um frumvarpsdrög atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra sem tekur til breytinga á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Hér er um að ræða viðbragð stjórnvalda við dómum Hæstaréttar Íslands og EFTA-dómstólsins um að núverandi fyrirkomulag leyfisveitinga fyrir innflutningi kjöts og eggja, og frystiskyldu kjöts, brjóti í bága við EES-samninginn.

Frumvarpið er yfirgripsmikið; markmið þess og aðferðir virðast rækilega rökstudd. Að auki virðist, miðað við greinargerð frumvarpsins, að nokkuð víðtækt samráð hafi átt sér stað við ritun þess, þar á meðal um myndun verkefnastjórnar um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir sem stjórnvöld munu þurfa að grípa til með þessum breytingum. Í þeim hópi er að finna fulltrúa stjórnvalda, bændasamtaka og atvinnulífsins.

Með breytingum er áætlað að ábati neytenda verði tæpar 900 milljónir króna á ári, á meðan áætlaður heildarsamdráttur í tekjum innlendra framleiðenda landbúnaðarafurða verði allt að 600 milljónum króna á ársgrundvelli. Að auki felst ábati neytenda í betra úrvali matvæla og meiri samkeppni á matvælamarkaði.

Hins vegar er efnahagslegur ábati neytenda á engan hátt það mikilvægasta í þessu samhengi. Ógnin sem felst í auknu sýklalyfjaónæmi er ein sú alvarlegasta sem blasir við mannkyni og líkur eru á að um miðja öld verði ónæmi einhver mesta áskorun sem nútíma læknavísindi hafa þurft að takast á við. Margþættar ástæður búa að baki útbreiðslu sýklalyfjaónæmis, þar á meðal er ofnotkun sýklalyfja í almennri heilbrigðisþjónustu og búfjárframleiðslu. Sýklalyfjaónæmi á Íslandi er umtalsvert minna en gengur og gerist víðast hvar annars staðar, þennan árangur ber að vernda. En er það hægt með innflutningi á ferskum matvælum?

Útbreiðsla sýklalyfjaónæmis er óneitanlega fylgifiskur þeirra tíma sem við lifum, en með skilvirkum og vel fjármögnuðum mótvægisaðgerðum, eins og þeim sem tíundaðar eru í frumvarpinu, á að lágmarka þá áhættu. Athyglisvert er að á sama tíma og tekist er á um ferska matvöru þá hefur greið leið sýklalyfjaónæmra baktería til landsins með ferðamönnum fengið litla athygli. Þetta er hætta sem er til staðar og mun fara vaxandi á næstu árum en lítill áhugi virðist á því að vekja ferðamenn og ferðaþjónustufyrirtæki til umhugsunar um þetta.

Frumvarp atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra er nauðsynlegt viðbragð við skekkju sem leiðrétta þarf til að hlíta dómi EFTA, ellegar er hætta á neikvæðum áhrifum af aðild að EES. Þeir sem tala fyrir hagsmunum íslensks landbúnaðar ættu að horfast í augu við þessa staðreynd og þess í stað beina orku sinni og athygli að því að hvetja fólk til að kaupa frekar íslenskar vörur en aðrar. Það ætti ekki að vera flókið verk.

Fjórðung af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda má rekja til framleiðslu og flutnings matvæla. Og á tímum þar sem heimsbyggðin hefur sameinast um að stemma stigu við allra verstu hörmungum hnattrænna loftslagsbreytinga með því að draga úr losun, þá skýtur skökku við að auka enn innflutning matvæla þegar höfuðáherslu ætti að vera á innlenda sjálfbærni í matvælaframleiðslu.

**Fjórðung af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda má rekja til framleiðslu og flutnings matvæla.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Leynilegt**
**Atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun ræstingafólks hótela innan Eflingar hófst í gær og varð hún strax umdeild. Samtök atvinnulífsins hafa nú þegar boðað mál fyrir Félagsdómi sem snýr að því hverjir hafi kosningarétt. En það er ekki hið eina sem velta má vöngum yfir. Kosningin er rafræn en að auki er hægt að kjósa utan kjörfundar í þar til gerðum bíl sem rúntar milli vinnustaða. Vinnudeilulögin kveða á um að slíkar atkvæðagreiðslur skuli vera leynilegar. Það má því velta fyrir sér hvort það standist kröfur sem gera skal til leynilegra kosninga að kjörstaðurinn mæti til þín og fylgst sé með meðan atkvæði er greitt.**

**Engin símtöl**
**Undanfarnar vikur hefur Fréttablaðið fjallað nokkuð reglulega um greiðslubrot Íslandspósts og mögulegar ástæður fyrir þeirri stöðu sem komið hefur upp. Hefur það þýtt að reglulega þarf að hafa samskipti við fyrirtækið. Svörin þaðan hafa oftar en ekki búið til fleiri spurningar en þær hafa svarað. Þá hefur forstjóri fyrirtækisins neitað að ræða við blaðið og vill aðeins svara spurningum skriflega. Slíkt styrkir í raun tilfinninguna um að eitthvað sé ekki í lagi.**
**joli@frettabladid.is**

# Þegar þeim sýnist



Aron Leví Beck
varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Nýverið sendu þeir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður og formaður Miðflokksins, og Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, frá sér frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Alþingissvæðinu. Ef frumvarpið verður samþykkt þá tekur Alþingi skipulagsvaldið frá Reykjavík á stóru svæði í Kvosinni en Reykjavíkurborg á tæplega helming eigna á þessu tiltekna svæði. Alþingislóðin er um 18,5 prósent af svæðinu og þá eru rúm 35 prósent lóða í einkaeigu. Þannig er lóð Alþingis einungis tæpur fimmtungur af því svæði sem lagt er til að tekið verði undan skipulags- og byggingarvaldi Reykjavíkurborgar.

Þetta sendir mjög slæm skilaboð til allra sveitarfélaga á Íslandi. Ákveðnum aðilum í þinginu finnst borgin ekki vinna hlutina nákvæmlega eins og þeir sjálfir myndu gera en byggja svo mál sitt á litlum sem engum rökum. Að Alþingi geti komið og hrifsað skipulagsvald af sveitarfélögum þegar þeim sýnist er grafalvarlegt mál. Ég held að þetta endurspegli öðru fremur yfirgripsmikla vanþekkingu á skipulagsmálum.

Í stjórnarskránni er talað um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og að skipulags- og mannvirkjamál séu almennt í höndum sveitarfélaga. Ég sé ekki hvernig þetta tiltekna svæði eigi að lúta öðrum lögmálum og fá einhverja sérmeðferð. Þetta eykur flækjustig og er aðför að lýðræðislega kjörnum fulltrúum í borgarstjórn.

Breytingar á skipulagsvaldi í tilteknum málum – til þess einfaldlega að koma sínum málum áfram – eru hvorki fagleg né lýðræðisleg vinnubrögð. Ef frumvarpið verður að lögum er um að ræða verulegt inngrip ríkisins í skipulagsvald Reykjavíkurborgar. Sjálfstæðisflokkurinn sat hjá í atkvæðagreiðslu um þetta mál í borgarráði. Ef það er eitthvað sem kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn hafa alltaf verið sammála um þá er það að standa vörð um skipulagsvald.

**Þetta eykur flækjustig og er aðför að lýðræðislega kjörnum fulltrúum í borgarstjórn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sjúkraflutningar – ábyrgð ráðherra



Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður

Samfélagsverkefnin eru margvísleg. Eitt þeirra er heilbrigðisþjónusta sem þróast hefur með ýmsum hætti á Íslandi á undanförnum áratugum. Sumir þættir hennar hafa þanist út með ómarkvissum hætti en aðrir sprottið fram fyrir tilstuðlan félagasamtaka án hagnaðarsjónarmiða og þar má nefna sjúkraflutninga í landinu.

**Frumkvæði RKÍ**
Félagar í Rauða krossinum hófu sjúkraflutninga í sjálfboðaliðavinnu fyrir nærfellt einni öld og hafa staðið vörð um þennan þátt æ síðan. Í kjölfarið og á seinni árum hafa svo verið gerðir samningar við heilbrigðisráðuneyti í takt við tíðarandann um nánara fyrirkomulag, m.a. launafyrirkomulag til handa sjúkraflutningamönnum, menntun þeirra og endurnýjun á bílaflota og búnaði. Eftir því sem næst verður komist, þá hefur verið staðið vel að allri þessari þjónustu, bæði hvað varðar faglega og kostnaðarlega þætti. Snurða hefur nú hlaupið á þráðinn.

**Sjúkraflutningar eru heilbrigðisþjónusta**
Sjúkraflutningar eru einn af þeim mikilvægu hlekkjum í heilbrigðisþjónustunni sem landsmenn reiða sig á, bæði á þéttbýlum svæðum en ekki síst á landsbyggðinni. Stopul læknamönnun víða undirstrikar mikilvægi þessa enn frekar. Áhafnir sjúkrabíla eru vel þjálfaðir heilbrigðisstarfsmenn og takast iðulega á við krefjandi verkefni sem skipta sköpum enda styðst þessi þjónusta við ákvæði í lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerð nr. 262/2011.

**Hver á bílana?**
Á dögunum var frá því greint í fjölmiðlum að enn væri óleyst deila um þessa þjónustu á milli Rauða krossins og ráðuneytis og að brýn endurnýjun bifreiða og búnaðar biði enn um sinn. Engir samningar væru í gildi á milli þessara aðila, enginn áhugi á viðræðum og þannig hefði það verið frá ársbyrjun 2016. Nú væri svo komið að Rauði krossinn, úr því sem komið væri, vildi losa sig út úr verkefninu og leita eftir uppgjöri eftir meira en 90 ára samfellda þjónustu sem samtökin hafa byggt upp og þróað á landsvísu.

Eftir því sem fram hefur komið stendur deilan m.a. um eignarhaldið á sjúkrabílum, en vegna ástandsins hafa engir nýir bílar verið keyptir frá árinu 2015. Ráðherra hafði þó forgöngu um útboð á 25 nýjum bílum um mitt síðasta ár en opnun tilboða var frestað í þriðja sinn nú fyrir skömmu. Það vekur umhugsun að ekki er að finna eina einustu krónu í fjárlögum þessa árs til kaupa á nýjum sjúkrabílum.

**Spurningar og svör**
Ég hef í tvígang leitað eftir í munnlegum fyrirspurnum til ráðherra í þingsal hver raunveruleg staða málsins sé og fylgt því síðan eftir með skriflegri fyrirspurn. Ég hef spurt um samningaviðræður við Rauða krossinn, hvort e.t.v. sé verið að semja við aðra aðila, hugsanlega einkaaðila og þá hverja, hvort ríkisvæða eigi þessa þjónustu að fullu og fleiri atriði.

Svörin sem ég hef fengið eru loðin og ekki boðleg. Í ljós hefur komið að engar áhættugreiningar hafa farið fram sem fylgja munu yfirfærslu þjónustunnar til annarra aðila. Engin áætlun liggur heldur fyrir um kostnaðaráhrif breytinganna, þ.e. hvort fjárhagsleg hagkvæmni sé tryggð.

**Hvort er það?**
Þegar svo veigamikil breyting er gerð á þjónustunni sem varað hefur með ágætum í nærri 100 ár hlýtur að liggja að baki eitthvert ósætti, annaðhvort um framkvæmd þjónustunnar eða kostnað. Hvort er það? Hversu mikið sparast með því að hafna samningum við Rauða krossinn og fela öðrum aðila verkefnið? Ráðherra verður að svara því skýrt og afdráttarlaust hver hin raunverulega staða er, hvað þetta brambolt kostar og hvernig hún sjái fyrir sér trygga lausn málsins til framtíðar.

> **Það vekur umhugsun að ekki er að finna eina einustu krónu í fjárlögum þessa árs til kaupa á nýjum sjúkrabílum.**

# Misvísandi nefndarálit, hvað veldur?



Ari Teitsson
bóndi og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands

Nýlega birtist á sjónvarpsstöðinni Hringbraut viðtal við Drífu Snædal, forseta ASÍ, um þjóðfélagsmál og stöðu kjaraviðræðna. Fram kom að eitt af erfiðustu úrlausnarefnum komandi kjarasamninga væri húsnæðisvandi umbjóðenda hennar. Drífa taldi að ein af mestu stjórnunarmistökum sem gerð hafa verið á síðustu áratugum væri afnám félagslega húsnæðiskerfisins í lok síðust aldar. Lausn húsnæðisvandans nú hlyti m.a. að felast í að koma á fót óhagnaðardrifnum (non profit) félögum sem önnuðust byggingu og rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir hluta landsmanna. Að sömu niðurstöðu komst stjórnskipuð nefnd sem nýlega skilaði tillögum sínum.

Þessi niðurstaða leiðir hugann að því að á sama tíma, þ.e. í lok síðustu aldar, var einnig tekin ákvörðun um að einkavæða bankakerfið. Sú tilraun stóð að vísu skemur en tilraunin með húsnæðiskerfið því 2008 hrundi bankakerfið með skelfilegum afleiðingum fyrir þjóðfélagið (um 600 milljarða kostnaði?). Þó tekist hafi að endurheimta verulegan hluta þeirra fjármuna stendur eftir að innviðir þjóðfélagsins voru óhjákvæmilega sveltir í mörg ár eftir hrun og enn fara verulegir fjármunir úr ríkissjóði til greiðslu vaxta og afborgana af hrunkostnaði. Því má færa rök fyrir því að fyrirhuguð veggjöld séu í raun gjald sem við þurfum að greiða fyrir hrunið.

Í þessu ljósi er umhugsunarefni að nýlega hefur önnur stjórnskipuð nefnd komist að þeirri niðurstöðu að meðal leiða til að bæta bankaþjónustu og lækka vaxtakostnað sé að einkavæða bankakerfið á ný. Sérstaka athygli vekur sá reginmunur sem er á hugmyndafræðilegri niðurstöðu þessara tveggja nefnda. Hvað veldur? Er einhver sá munur á þessum tveim þáttum grunnþjónustu við landsmenn að gjörólíkt rekstrarform sé nauðsynlegt? Er bankaþjónusta ef til vill svo flókin og vandasöm að hún sé ekki á færi almennra þjóðfélagsþegna eða félaga í þeirra þágu? Eða skýrist munurinn einfaldlega af skoðunum nefndarmanna og þeirra sem þá skipuðu?

> **Nýlega hefur önnur stjórnskipuð nefnd komist að þeirri niðurstöðu að meðal leiða til að bæta bankaþjónustu og lækka vaxtakostnað sé að einkavæða bankakerfið á ný**


## Aðalfundur Landsbankans 2019

**Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn miðvikudaginn 20. mars 2019 kl. 17:00 í Silfurbergi í Hörpu í Reykjavík.**

### Drög að dagskrá

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

### Aðrar upplýsingar

Hluthafar eiga rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast bankanum fyrir kl. 16:00, þriðjudaginn 5. mars 2019.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða gerð aðgengileg miðvikudaginn 6. mars 2019, á vefsíðu bankans: https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundir/.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs fyrir kl. 16:00, föstudaginn 15. mars 2019 til skrifstofu bankastjóra, Austurstræti 11, Reykjavík. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á vef bankans tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum, að frádregnum eigin hlutum, sem eru án atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 16:30 á fundardegi.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang.

**Reykjavík, 26. febrúar 2019**
**Bankaráð Landsbankans hf.**

Landsbankinn • landsbankinn.is • 410 4000



María Rún Gunnlaugsdóttir sem skipti yfir í FH árið 2016 fór heim klyfjuð verðlaunapeningum frá Meistaramóti Íslands um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sigur í kúluvarpi kom á óvart

María Rún Gunnlaugsdóttir vann til fimm verðlauna á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum um helgina. Hún varð einnig Íslandsmeistari í fimmtarþraut á dögunum. María segir árangurinn hvetjandi.

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** FH-ingurinn María Rún Gunnlaugsdóttir var fimm verðlaunapeningum ríkari eftir Meistaramót Íslands um helgina. Hún vann til gullverðlauna í hástökki, kúluvarpi og 60 metra grindahlaupi og silfurverðlauna í langstökki og 4x400 boðhlaupi með sveit FH.

„Ég stefndi alveg á að vinna hástökkið og grindahlaupið en sigurinn í kúluvarpi kom á óvart. Það er ekki beint mín sterkasta grein,“ sagði María þegar blaðamaður Fréttablaðsins sló á þráðinn til hennar í gær.

„Í langstökkinu vorum við nokkrar sem börðumst um 2. sætið þannig að ég var sátt með að ná því,“ bætti María við en Hafdís Sigurðardóttir varð hlutskörpust í langstökki.

María nældi sér ekki bara í gull í kúluvarpi og grindahlaupi heldur bætti hún sinn persónulega árangur í báðum greinum. Hún kastaði kúlunni lengst 12,75 metra og kom í mark á 8,71 sekúndu í grindahlaupinu. Þá náði hún sínum besta árangri á tímabilinu í langstökki (5,79 metrar).

„Þetta kom svolítið á óvart því langstökkið, kúluvarpið og grindahlaupið var eiginlega allt á sama tíma þannig að maður var á hlaupum á milli. Maður hafði ekki mikinn tíma til að einbeita sér að einni grein,“ sagði María. Lið hennar, FH, varð Íslandsmeistari í liðakeppni. FH-ingar fengu 50 stig, tveimur stigum meira en ÍR.



María Rán er hér í miðri atrennu í langstökkinu . FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

María hefur byrjað árið 2019 af miklum krafti en um þarsíðustu helgi varð hún meistari í fimmtarþraut á Íslandsmótinu innanhúss í fjölþraut. Þar fékk hún 3.927 stig sem er ekki langt frá hennar besta árangri (3.940 stig).

„Ég klúðraði hástökkinu þar og tapaði dýrmætum stigum. En ég stefni á að taka aðra fimmtarþraut eftir tvær helgar. Bikarinn er um næstu helgi og síðan ætla ég að taka eina aðra þraut,“ sagði María. Hún segir að grindahlaupið og hástökkið séu hennar sterkustu greinar eins og staðan er núna. Það sé þó mismunandi eftir tímabilum hvaða greinar hún leggi mesta áherslu á.

„Núna hef ég lagt áherslu á að ná langstökkinu aftur upp. Maður reynir að dreifa þessu og ná öllum greinunum,“ sagði María.

> Ég stefndi alveg á að vinna hástökkið og grindahlaupið en sigurinn í kúluvarpi kom á óvart. Það er ekki beint mín sterkasta grein.
>
> María Rún Gunnlaugsdóttir

Hún hóf ferilinn hjá Ármanni en skipti yfir í FH 2016. „Ég er mjög sátt við þá ákvörðun. Ég þurfti á smá breytingu að halda. Stundum þarf maður að breyta um umhverfi,“ sagði María.

Guðmundur Hólmar Jónsson er hennar aðalþjálfari en Óðinn Björn Þorsteinsson og Ragnheiður Ólafsdóttir hafa einnig verið henni innan handar; Óðinn með kúluvarpið og styrktarþjálfun og Ragnheiður með grindahlaupið.

María segir ýmislegt á dagskrá hjá sér í sumar. „Smáþjóðaleikar og Evrópubikar í þraut og með landsliðinu. Ég stefni á góða bætingu í þrautinni. Ég á það alveg inni,“ sagði hún. María segir að árangur helgarinnar gefi henni byr undir báða vængi.

„Algjörlega, þetta er mjög jákvætt fyrir næstu mót og sumarið. Þetta kemur manni í gang,“ sagði María að lokum. ingvithor@frettabladid.is

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Valur - Selfoss 25-26**

**Valur:** Magnús Óli Magnússon 8, Stiven Tobar Valencia 4, Anton Rúnarsson 4, Sveinn Aron Sveinsson 3, Ýmir Örn Gíslason 2.
**Selfoss:** Elvar Örn Jónsson 7, Alexander Már Egan 5, Atli Ævar Ingólfsson 5, Haukur Þrastarson 3, Hergeir Grímsson 2, Nökkvi Dan Elliðason 2, Einar Sverrisson 2.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 25 | Stjarnan | 13 |
| Selfoss | 24 | KA | 13 |
| FH | 24 | ÍR | 12 |
| Valur | 24 | Fram | 9 |
| Afturelding | 17 | Akureyri | 8 |
| ÍBV | 15 | Grótta | 8 |

## Pochettino þarf að svara fyrir hegðun sína

**FÓTBOLTI** Mauricio Pochettino, knattspyrnustjóri Tottenham, þarf að svara fyrir hegðun sína eftir leik liðsins gegn Burnley um helgina eftir að enska knattspyrnusambandið ákvað að kæra hann í gær.

Pochettino veittist að dómaraþríeykinu eftir leikinn ósáttur með dómgæsluna eftir að Mike Dean dæmdi ranglega horn á Tottenham í upphafi seinni hálfleiks. Upp úr hornspyrnunni kom fyrra mark Burnley í leiknum.

Pochettino sást rífast við fjórða dómarann á meðan á leik stóð og við Dean að leikslokum. Hann virtist gera sér grein fyrir því að hann hafi gengið yfir strikið því hann viðurkenndi að hann hefði gengið of langt í viðtölum eftir leik. – kpt



Fram varð bikarmeistari kvenna í 15. sinn í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Meistararnir mæta Stjörnunni

**HANDBOLTI** Dregið var í undanúrslit Coca-Cola-bikarsins í handbolta í gær. Fram, sem er ríkjandi bikarmeistari í kvennaflokki, mætir Stjörnunni. Fram hefur oftast orðið bikarmeistari kvenna, eða 15 sinnum. Liðið vann Hauka, 30-16, í bikarúrslitum í fyrra. Stjarnan á átta bikarmeistaratitla í sínu safni.

Í hinum undanúrslitaleiknum í kvennaflokki eigast ÍBV og Valur við. Valskonur eru á toppi Olísdeildarinnar en Eyjakonum hefur ekki gengið vel eftir áramót. Valur varð síðast bikarmeistari 2014 en 15 ár eru síðan ÍBV vann bikarinn.

Í karlaflokki mætast annars vegar Fjölnir og Valur og hins vegar FH og ÍR. Fjölnismenn, sem eru á toppi Grill 66 deildarinnar, hafa aldrei komist svona langt í bikarkeppninni. Valsmenn eru hins vegar sigursælastir í bikarkeppni karla með tíu titla.

ÍR hefur tvisvar sinnum orðið bikarmeistari, síðast árið 2013. Það er hins vegar aldarfjórðungur síðan FH-ingar urðu síðast bikarmeistarar. – iþs



Aron eltir Gylfa í fyrri leik liðanna í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Aron og Gylfi mætast í fimmta sinn í kvöld

**FÓTBOLTI** Það verður Íslendingaslagur á Englandi í kvöld þegar Aron Einar Gunnarsson og félagar í Cardiff taka á móti Gylfa Þór Sigurðssyni og félögum í Everton í 28. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

Það munar átta stigum á liðunum fyrir leik kvöldsins en Cardiff getur lyft sér í bili frá fallsæti með sigri í kvöld. Til þess þarf Aron Einar Gunnarsson að hafa betur gegn Gylfa í fyrsta sinn þegar þeir mætast sem andstæðingar á vellinum.

Þetta verður í fimmta sinn sem Gylfi Þór og Aron Einar, sem hafa leikið hlið við hlið inn á miðju íslenska landsliðsins undanfarin ár, mætast sem andstæðingar á Englandi og í annað sinn á þessu tímabili. Til þessa hafa lið Arons Einars ekki riðið feitum hesti frá þessum leikjum.

Gylfi Þór hefur haft betur í öllum fjórum viðureignunum til þessa, tvívegis með Reading gegn Coventry og síðar með Tottenham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

Gylfi reyndist hetja Everton síðast þegar hann mætti Aroni Einari undir lok nóvember þegar hann skoraði sigurmark Everton í 1-0 sigri á Goodison Park.

**8-1**

**Er markatalan í leikjunum fjórum sem Aron og Gylfi hafa mæst í liðum Gylfa í hag.**

Eftir það hefur gengi liðanna snúist við og ættu leikmenn Cardiff að vera nokkuð vongóðir um að þeir geti náð í hagstæð úrslit þegar liðin mætast í kvöld.

Í þeim fjórtán leikjum sem Everton hefur leikið síðan Gylfi skoraði sigurmarkið í fyrri leik liðanna hefur Everton aðeins unnið þrjá þeirra, tapað níu og gert tvö jafntefli sem hefur skilað liðinu ellefu stigum. Er það sex stigum minna en Cardiff hefur nælt í á sama tíma og hafa aðeins tvö lið í deildinni, Fulham og Huddersfield, fengið færri stig í síðustu fjórtán leikjum. **– kpt**




Krabbameinsfélag Íslands býður til örráðstefnu
um skimun fyrir krabbameinum undir yfirskriftinni:

## Screening for cancer of the cervix, breast and colorectum: Organization, success, pitfalls and current challenges

Ráðstefnan fer fram miðvikudaginn 6. mars kl. 15 - 17:15 í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8.
Boðið verður upp á kaffiveitingar frá kl. 14:45.

**Erindi flytja:**
**Ágúst Ingi Ágústsson**, yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands
**Giske Ursin**, yfirmaður norsku krabbameinsskrárinnar og framkvæmdar skimana í Noregi
**Nea Malila**, yfirmaður finnsku krabbameinsskrárinnar og framkvæmdar skimana í Finnlandi
**Thor Aspelund**, formaður skimunarráðs
Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

**Ráðstefnuslit:** Alma D. Möller, landlæknir
**Fundarstjóri:** Helgi Birgisson, yfirlæknir Krabbameinsskrár

Markmið ráðstefnunnar er að auka þekkingu á framkvæmd skimana fyrir krabbameinum með því að skoða stöðuna hér á landi og kynnast reynslu nágrannaþjóðanna.

Ráðstefnan er fyrst og fremst ætluð fagfólki og fer fram á ensku.

Ráðstefnan er þátttakendum að kostnaðarlausu.

**Skráning fer fram með tölvupósti á netfangið krabb@krabb.is**

Krabbameinsfélagið






brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristrún Björt Helgadóttir**
**(Kiddý)**
Hæðargarði 29, áður í Hellulandi 11,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, föstudaginn 22. febrúar 2019. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 28. febrúar klukkan 13.

**Rudolf Þór Axelsson**
**Ásrún Rudolfsdóttir** **Kristþór Gunnarsson**
**Axel Þór Rudolfsson**
**Hrund Rudolfsdóttir** **Kristján Óskarsson**
**Kristrún, Jóhann, Aníta, Hanna, Ásrún, Emelía og Óskar**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Finnbogi Höskuldsson**
véltæknifræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 22. febrúar 2019.

**Hildigunnur Þórðardóttir**
**Rakel Þóra F. Larsen** **Keld Larsen**
**Ásdís M. Finnbogadóttir** **Magnús Magnússon**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ingi Sigurður Helgason**
Kirkjuvöllum 9, Hafnarfirði,

andaðist fimmtudaginn 14. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

**Árný Arnþórsdóttir**
**Helgi S. Ingason** **Hanna Bára Guðjónsdóttir**
**Arnar Þórir Ingason** **Hrönn Sævarsdóttir**
**Birgir Ómar Ingason** **Jóna Marý Hafsteinsdóttir**
**afabörnin.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

# Hundrað ára gljúfur

**Miklagljúfursþjóðgarður fagnar aldarafmæli sínu í dag. Hátíðarhöld í tilefni dagsins. Woodrow Wilson forseti gerði gljúfrið að þjóðgarði en það hefur ratað á nýja lista yfir undur veraldar. Annar þjóðgarður níutíu ára í dag.**



**Miklagljúfur lítur ekki út fyrir að vera deginum eldra en 99 ára.** NORDICPHOTOS/GETTY

Hið víðfræga Miklagljúfur í Arizona í Bandaríkjunum fagnar hundrað ára afmæli sínu í dag. Kannski er ekki alveg rétt að segja að gljúfrið sjálft sé hundrað ára, enda hefur Colorado-áin grafið í steininn í tugmilljónir ára. En hundrað ár eru liðin í dag frá því Woodrow Wilson Bandaríkjaforseti skrifaði undir lög um að gljúfrið yrði að þjóðgarði.

Nokkurra áratuga ferli leiddi að þessari ákvörðun. Árið 1882 lagði Benjamin Harrison, þá öldungadeildarþingmaður en sjö árum síðar forseti, fram frumvarp um að gljúfrið skyldi verða þjóðgarður. Það gekk ekki upp og gerði hann gljúfrið heldur ekki að þjóðgarði í forsetatíð sinni.

Það gerði Theodore Roosevelt ekki heldur í sinni forsetatíð. „Miklagljúfur fyllir mig lotningu. Það er yfir allan samanburð hafið og er ólýsanlegt. Það á sér enga hliðstæðu í öllum heiminum. Leyfa ætti því að standa óbreyttu. Það ætti ekkert að gera sem gæti skaðað fegurð þess. Það er ekki hægt að bæta. En það sem þið getið gert er að varðveita gljúfrið fyrir börn ykkar, barnabörn og allar kynslóðir sem á eftir koma. Miklagljúfur ættu allir Bandaríkjamenn að sjá,“ sagði hann þó um staðinn.

Þessi vinsæli nærri 5.000 ferkílómetra ferðamannastaður stendur fyrir ýmsum viðburðum í tilefni af aldarafmælinu. Samkvæmt vef þjóðgarðastofnunnar Bandaríkjanna fer fram allsherjarveisla í dag þar sem meðal annars fulltrúar frumbyggja svæðisins halda fyrirlestra um gljúfrið og kórar syngja.

Þótt gljúfrið sé ekki á hinum víðfræga, upprunalega lista yfir sjö undur veraldar, sem telur Risann á Ródos, pýramídana í Giza, hengigarða Babýlon, vitann í Faros, grafhýsið í Halikarnassos, Seifsstyttuna í Ólympíu og Artemismusterið, hefur það ratað á ýmsa nýrri lista. USA Today valdi það á lista yfir ný undur veraldar, ásamt til dæmis veraldarvefnum, og CNN á lista yfir náttúruundur veraldar, ásamt til dæmis Everest-fjalli.

Annar bandarískur þjóðgarður fagnar sömuleiðis stórafmæli í dag. Grand Teton-þjóðgarðurinn í Wyoming-ríki hefur nú verið þjóðgarður í níutíu ár. Þjóðgarðurinn hýsir fjölmarga háa tinda og grænar sléttur á 1.300 ferkílómetra svæði. Er vinsæll áfangastaður göngufólks, fjallageita og veiðimanna. Þjóðgarðurinn dregur nafn sitt af hæsta fjalli Teton-fjallgarðsins. Fjallið Grand Teton er heilir 4.199 metrar á hæð.

**thorgnyr@frettabladid.is**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, systur og mágkonu,

**Karólínu Lárusdóttur**
myndlistarkonu.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns fyrir góða umönnun. Einnig innilegar þakkir til vina og vandamanna sem glatt hafa Karólínu með heimsóknum sínum á undanförnum árum.

**Stephen Lárus Stephen** **Louise Harris**
**Samantha Percival** **Christophe Riera**
**Boyd, Elis, Ida, Abigail og Owen**
**Lúðvíg Lárusson** **Margrét Guðmundsdóttir**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórólfur Friðgeirsson**
Árskógum 8, 109 Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 22. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristín Lilja Halldórsdóttir**
**Ágústa Þórólfsdóttir** **Sveinn K. Guðjónsson**
**Elsa Björg Þórólfsdóttir** **Alfreð S. Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, dóttur, systur og mágkonu,

**Aðalheiðar Huldu Jónsdóttur**
Grindavík.

**Súsanna Margrét Gunnarsdóttir**
**Maríus Máni Karlsson**
**Jón Emil Karlsson**
**Jón Guðmundsson – Súsanna Demusdóttir**
**Guðjón, Guðmundur og fjölskyldur.**



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristinn Magnússon**
pípulagningameistari og vélvirki,
Skyggnisbraut 2,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 22. febrúar. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 1. mars kl. 13.00.

**Sigríður Herdís Leósdóttir**
**Magnús Kristinsson** **Hólmfríður Sigurðard.**
**Dóra Birna Kristinsdóttir** **Karl Jóhann Sigurðsson**
**Böðvar Örn Kristinsson** **Þórdís Ómarsdóttir**
**R. Brynja Sverrisdóttir** **Björn H. Hilmarsson**
**Katrín I. Kristófersdóttir** **Snorri Sturluson**
**Leó Kristófersson** **Marissa Smith**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gylfi Thorlacius**
hæstaréttarlögmaður,

lést á Landspítalanum föstudaginn 22. febrúar.

**Svala Thorlacius**
**S. Sif Thorlacius** **Ásbjörn Jónsson**
**Kristján B. Thorlacius** **Þóra M. Hjaltested**
**Ragnhildur Thorlacius** **Magnús Lyngdal Magnússon**
**Gylfi Jón, Ragnhildur Kristjana, Hrafnhildur Tinna, Stefanía Valdís og Hólmfríður Anna**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór Sigurðsson**
lést 20. febrúar.
Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 28. febrúar kl. 13.

**Hanne Hintze**
**Elísabet Halldórsdóttir** **Ólafur Flosason**
**Erling Hintze**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 26. FEBRÚAR 2019



Sigurrós Lilja Ragnarsdóttir var að vonum hamingjusöm yfir að endurheimta hár sitt með Nourkrin eftir ýmsar árangurslausar meðferðir. MYND/EYÞÓR

# Hárið er komið aftur!

Sigurrós Lilja Ragnarsdóttir er aftur himinsæl. Fyrir hálfu öðru ári varð hún fyrir því óláni að fá stóra skallabletti en á örskömmum tíma tókst henni að koma hárvextinum aftur af stað með hjálp Nourkrin Woman. →2

LÍFRÆNT NAMMI
FYRIR ÞIG OG BARNIÐ ÞITT




- GLÚTEINFRÍTT
- LAKTÓSAFRÍTT
- ÁN GERVIEFNA

www.vitta.is

Framhald af forsíðu ➪

Hár er höfuðprýði og það stingur í augu þegar kona missir fjórðung hárs síns. Ég get því ekki lýst því hversu sæl ég er að hafa endurheimt hár mitt að nýju,“ segir Sigurrós Lilja Ragnarsdóttir sem í október 2017 uppgötvaði stóran skallablett í dökku, hrokknu hári sínu.

„Ég sat við eldhúsborðið með mömmu þegar hún benti mér á að ég væri komin með skallablett. Ég hreinlega trúði henni ekki en stóð upp og leit í spegil þar sem við mér blasti nokkuð stór skallablettur. Ég hafði ekki orðið hans vör við hárþvott né þegar ég greiddi sítt hárið,“ útskýrir Lilja sem í framhaldinu bar upp vandamálið við vinkonu sem er hárgreiðslumeistari.

„Á stofunni hennar var samstarfsfólkið sammála um að ég færi til húðlæknis sem taldist fær í hárvandamálum. Ég fór til hans í fimm skipti en enginn bati varð eftir meðferð með sterakremum sem áttu að stoppa hárlosið og slá á kláða. Ég varð þá úrkula vonar, búin að borga tugi þúsunda í ferða-, lækna- og lyfjakostnað,“ segir Lilja sem búsett er á Selfossi.

## Þig vantar sink!

Góð vinkona Lilju er dýralæknir í Þýskalandi og kom henni í samband við þýskan húðlækni sem sérhæfir sig í hárvanda.

„Við kærastinn flugum til Þýskalands á tilsettum tíma en urðum að fara snemma í háttinn fyrsta kvöldið því læknirinn bauð upp á tíma klukkan sex morguninn eftir! Lækninum Rudolf þótti stórmerkilegt að hitta Íslendinga en sagði svo blátt áfram, eftir að hafa horft á mig smástund: „Þig vantar sink!“ Hann skoðaði svo hársvörð skallablettsins í smásjá og sá þá að það vantaði hársekkina í skallablettina en sagði jafnframt að hárið mitt svæfi og mig vantaði sink til þess að vekja upp hárvöxtinn,“ upplýsir Lilja sem hjá þýska lækninum fékk einnig smyrsl sem stoppaði hárlosið og kláðann.

Þegar þau hittust á ný voru skallablettirnir hættir að stækka.

„Það var mikill léttir því þegar ég hitti lækninn fyrst vantaði um fjórðung hársins á mig. Þá var ég alvarlega farin að íhuga að snoða mig enda var orðið erfitt að fela skallablettina, sérstaklega þann stóra hægra megin. Ég náði lengi vel að greiða sitt hárið í hliðartagl til hægri en ef vindar blésu blasti bletturinn við,“ segir Lilja sem óttaðist viðbrögð annarra og skammaðist sín fyrir hármissinn en velti fyrir sér hvað hún hefði að fela.

„Eftir vandlega umhugsun ákvað ég að birta færslu á Facebook. Þar sagði ég alla söguna og birti myndir af því hvernig skallablettirnir litu út í upphafi ásamt fleiri myndum þar sem sást hvað þeir voru orðnir stórir. Það voru aðallega ættingjar og vinir sem lásu færslurnar og sendu mér baráttukveðjur og bataóskir en ein frænka mín benti mér á fæðubótarefnið Nourkrin sem þá var nýkomið á markað á Íslandi,“ upplýsir Lilja sem hafði aldrei heyrt um Nourkrin áður en varð sér úti um töflurnar og hefur nú tekið þær síðan í maí á síðasta ári.

„Hárið er allt komið aftur! Það er mögnuð upplifun. Eftir einn mánuð á Nourkrin Woman fór strax að móta fyrir nýjum hárum og eftir fáeina mánuði voru komin hár í alla litlu blettina. Lengstan tíma tók að fá hárin til að vaxa í stóra skallablettinum en þau eru nú orðin sex sentimetra löng sem þykir eðlilegur hárvöxtur á náttúrulegum hárvaxtartíma.



Sigurrós Lilja nýtur þess að hafa heilbrigt hár. Hún mælir hiklaust með Nourkrin fyrir alla sem þjást af hárlosi. MYND/EYÞÓR



Á myndunum má sjá tvo af stærstu skallablettum Lilju, hægra megin á höfði og í hnakkanum. Myndirnar sýna líka hvernig hárið braust fram og óx á fimm mánuðum og svo hvernig það fyllti út í blettina eftir sjö mánuði.




„Nýju hárin eru í fyrstu eins og ljós ungbarnahár en taka svo sinn rétta lit og mín eru svarbrún eins og þau eiga að sér að vera,“ segir Lilja alsæl með árangurinn.

## Bætiefni hárinu mikilvæg

Gildi vítamína og steinefna mælast nú eðlileg í blóðprufum hjá Lilju.

„Hjá íslensku húðlæknunum voru aldrei teknar blóðprufur til að athuga hvort mig skorti vítamín eða steinefni þótt það sé mikilvægt með tilliti til hárloss. Verst þótti mér að engin lausn var til í íslenska heilbrigðiskerfinu önnur en sterakrem sem eru engin lausn og aðeins húðþynnandi. Það er svo hægt að láta sprauta efni undir húð ef hárlos hættir, en það hætti ekki hjá mér. Ég fékk því svar við mínum vanda í Þýskalandi og það kostaði mig minna en einn tími hjá húðlækni í Reykjavík,“ segir Lilja.

Við leit að lausn við hármissinum hitti Lilja hárheilara ytra sem lét henni í té sérstakan hárbursta sem gert hefur hár hennar liflegra.

„Burstinn er gerður úr þýskum kirsuberjatrjám og hárum úr villisvínum. Með honum greiði ég mér ekki lengur frá toppi og niður heldur hvolfi ég höfðinu og bursta að aftan og niður. Þar með losnar salt úr hárinu sem annars getur stöðvað hárvöxt og lokað hársekkjum,“ útskýrir Lilja.

Hún segir hárheilarann hafa verið eins og alfræðiorðabók um allt sem viðkemur hári.

„Samkvæmt hárheilaranum má rekja hárlos og hármissi til andlegs áfalls allt að ár aftur í tímann. Ég gat rakið það nákvæmlega ári áður en ég fékk skallablettinn að hafa orðið fyrir stóru andlegu áfalli. Orsökin fyrir mínum hármissi er því sennilega bland af sinkleysi og áfalli, en hárheilarinn sagði hárlos líka geta orsakast af tannrótarbólgu og fótasvepp,“ segir Lilja sem varð margs vísari hjá hárheilaranum.

> **Nourkrin telst mjög öruggt og má notast af öllum nema þeim sem eru með ofnæmi fyrir fiski eða skelfiski.**

## Elskar óvenjulegt starfið

Lilja starfar sem gripabílstjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands og sækir hross, nautgripi og svín til slátrunar allt frá Höfn í Hornafirði í austri að Gilsfirði í vestri.

„Ég er í óvenjulegu starfi fyrir konu og sennilega eina konan í öllum heiminum í slíku starfi. Ég er ein í bílnum og það hefur gengið áfallalaust en það tók tíma að fá suma bændur til að treysta mér því ég er kvenmaður. Fyrsta kastið var ég var iðulega spurð hvort það kæmi enginn maður með mér,“ segir Lilja sem fær lista frá SS að morgni og fer svo á gripaflutningabílnum að sækja gripi um sveitir Suður- og Vesturlands.

„Eftir að fólk vissi af skallablettunum fór það að tína til ástæður eins og streitu, hreyfingarleysi, vitlaust mataræði, vöðvabólgu og álag í vinnunni en það er ekkert í vinnunni sem stressar mig og ég elska vinnuna mína.“

## Nourkrin breytti öllu

Lilja mælir heilshugar með Nourkrin fyrir þá sem glíma við hárlos og hármissi.

„Nourkrin olli straumhvörfum í lífi mínu því ég sýndi svo rosalega góð viðbrögð. Hefðbundin meðferð með Nourkrin eru sex mánuðir en ég þori ekki að hætta því það er greinilegt að í því er eitthvað sem líkama minn vantaði og mér líður undurvel,“ segir Lilja sem tekur eina töflu kvölds og morgna og hreinlega horfir á hár sitt vaxa og dafna.

„Ég sé orðið litlu lokkana og krullurnar sem áður voru. Þegar ég var búin að missa um 25 prósent af hárinu var ég nálægt því að bugast og fór til sálfræðings til að takast á við áfallið sem það er að fá skallablett. Maður óttast viðbrögð samfélagsins og hvernig manni verður tekið; hvort maður verði fyrir áreitni eða jafnvel einelti. Það var ástæðan fyrir því að ég ákvað að gera vandamálið opinbert sem reyndist bæði mín besta útrás fyrir sorg og tilfinningar en líka lausn vandamálsins því þannig komst ég á snoðir um Nourkrin. Það er dásamlegt að til hafi verið lausn eftir allt sem ég hafði reynt og prófað og á meðan ég fæ að halda hárinu mínu er ég himinsæl.“

## Nourkrin er fyrir konur og menn

- Nourkrin er bætiefni fyrir hársekkina sem er unnið úr sjávarríkinu og stuðlar að eðlilegum hárvaxtarhring.
- Nourkrin® er 100% lyfjalaust og byggir á 56 vísindalegum rannsóknum og yfir 30 ára reynslu.
- Nourkrin® inniheldur hið byltingarkennda Marilex® bætiefni sem er einkaleyfisvarið og eingöngu í vörum frá Pharma Medico.
- Marilex® hefur verið prufað um allan heim og er samþykkt af heilsuyfirvöldum í öllum heimsálfum.
- Nourkrin® telst mjög öruggt og má notast af öllum nema þeim sem eru með ofnæmi fyrir fiski eða skelfiski.

Nourkrin Women og Nourkrin Men er fáanlegt í nær öllum apótekum landsins. Nánari upplýsingar má finna á isam.is/nourkrin eða senda póst á isam@isam.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir
**Umsjónarmenn efnis:** Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768
**Sölumenn:** Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !





Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtímaferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.

**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

### HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

**Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur**

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

*Snyrtistofan Hafblik*

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Langaði alltaf að vera sterk

**Líkamsræktin leysti Sif Garðarsdóttur undan þriggja ára kvölum. Hún hefur nú starfað sem einkaþjálfari í tuttugu ár og opnaði nýverið nýja þjálfunarstöð, Train Station.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Sif Garðarsdóttir var farin að stelast til að lyfta lóðum 14 ára. „Mig langaði alltaf til að vera sterk. Ég fór þó ekki að stunda líkamsrækt af viti fyrr en 21 árs og þá til þess að þjálfa mig upp eftir að hafa lent í slæmu bílslysi sem hafði kippt undan mér fótunum þremur árum áður. Í þrjú ár hafði ég kvalist af verkjum nánast upp á dag; ég var orðin hundleið á að bíða eftir að lyf og sjúkraþjálfun myndu hjálpa mér. Því fór ég að líta inn á við og sem betur fer hafði ég skap til að spyrja mig hvað ég gæti gert til þess að snúa þessum veruleika við og svarið var að gera það sem ég gæti, styrkja mig og hlúa betur að mér. Ég sneri algjörlega við blaðinu, fór að sofa snemma, vakna snemma, drekka vatn, æfa að sársaukamörkum og hreinsa mataræðið. Líf mitt umturnaðist á níu mánuðum," segir Sif.

Hún er í dag 41 árs, þriggja barna móðir, og hefur starfað sem einkaþjálfari í 20 ár. Hún er einnig menntuð sem heilsumarkþjálfi frá Institute for Integrative Nutrition og er Advanced höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferðaraðili. Sif stofnaði í nóvember síðastliðnum, í samstarfi við félaga sinn, nýja þjálfunarstöð í Dugguvogi 4 sem heitir Train Station. „Þar varð langþráður draumur að veruleika. Í Train Station bjóðum við upp á þjálfun í litlum hópum þar sem hverjum og einum er mætt þar sem hann er. Ég hef alltaf verið á því að fólk þurfi eitthvað meira en að rölta bara inn á líkamsræktarstöð og æfa. Við bjóðum öllum viðskiptavinum okkur upp á viðtal í upphafi og mánaðarlega á meðan á áskrift stendur," lýsir Sif sem einnig rekur trainer.is þar sem boðið er upp á fjar- og næringarþjálfun.

*Hvaða líkamsrækt stundar þú í dag?*

Æfingar mínar þessa dagana samanstanda af jóga flæðis-, pilates-, jafnvægis-, kraftlyftinga-, ketilbjöllu-, trx- og vaxtarræktaræfingum. Hljómar pínu eins og samsull en eftir að hafa æft í yfir 20 ár er maður kominn með reynslu og þekkingu til að geta blandað þessu öllu saman og með þessum æfingum líður mér eins og ég geti allt. Ég er sterk, liðug, hef gott jafnvægi og umfram allt finn ég hvergi til.

### Hvað æfir þú oft í viku?

Ég æfi fimm daga vikunnar. Stundum bara eitthvað rólegt og stundum af alvöru, ég er komin á það stig að æfingarnar okkar þurfi ekki að vera eitthvað rosalegar til þess að þær skili sínu og þar eru einmitt lífsgæðin í hreyfingunni; við þurfum ekki alltaf að fara yfir strikið.

*Hver er uppáhaldsæfingin þín?*

Ég á nú svolítið erfitt með að gera upp á milli æfinganna en ef ég mætti bara velja eina æfingu til að gera þá væri það líklega hnébeygja. Hana vel ég þar sem hún er ein af grunnhreyfingum mannskepnunnar. Hnébeygjan er ekki bara æfing sem styrktir fæturna og þú færð kúlurass af, heldur líka snilldar teygju-, liðleika- sem og stöðugleikaæfing.

### Hver er besta teygjan?

Ég á tvær uppáhalds; teygjurnar sem flestir þyrftu að kunna og gera, en það er að teygja á framanverðum hálsi og síðan á framanverðri mjöðm. Flest allir eru þreyttir í hálsinum að aftanverðu og fara þá að teygja höfuðið fram og til hliðanna og vinna þannig eiginlega á móti sér í staðinn fyrir að teygja höfuðið upp og aftur. Síðan er það psoas-vöðvinn sem svo margir klikka á að halda hreyfanlegum. Án hans kæmumst við ekki fram úr á morgnana. Psoas-vöðvinn tengir lendarhrygginn við lærlegginn og gegnir þar af leiðandi risavöxnu hlutverki varðandi líkamsstöðu og stöðugleika hryggjarins. Hvort sem maður hreyfir sig mikið eða ekkert þá er þetta mjög mikilvæg teygja. Stígðu fram í annan fótinn, réttu úr þér, settu brjóstkassann fram og pressaðu mjöðminni fram. Þú ættir þá að finna teygju á framanverðri mjöðminni.

*Aðhyllist þú einhverja sérstaka stefnu í mataræði?*

Í grunninn þarf það sem þú nærir þig á að innihalda næringu. Ef ég á að setja mig einhvers staðar niður þá er það líklega hreint mataræði/paleo. Ég leitast við að borða mat sem nærir mig og mér líður vel af. Maturinn þarf að vera sem næst sinni upprunalegu mynd og koma frá náttúrunnar hendi. Ég forðast mikið unnin matvæli, sætuefni og vörur merktar fat free eða sugar free.

Ég hef starfað sem einkaþjálfari í 20 ár og margt hefur breyst í matarmenningu okkar síðan ég hóf störf. Það var t.d. bara einn fæðubótarefnaframleiðandi á markaðnum á Íslandi og við gátum bara fengið óhrært skyr eða bláberjaskyr. Í dag er bara allt of mikið úrval af lággæða fæðubótarefnum hvort sem það er í matar- eða drykkjarlíki. Ég vil að maturinn minn sé alvöru matur og helst borða ég ekki neitt sem ég veit ekki hvað er.



Sif Garðarsdóttir hefur verið einkaþjálfari í 20 ár. Hún stofnaði í nóvember, í samstarfi við félaga sinn, þjálfunarstöðina Train Station. MYND/EYÞÓR

*Er eitthvað sem þú neitar þér um/forðast?*

Ég sneiði algjörlega hjá sætuefnum eins og aspartame, sucralose og acseulfame-k, ég bara treysti því alls ekki að þessi efni séu hættulaus og hef t.d. séð í gegnum vinnu mína að fólk fær mun verri fráhvarfseinkenni af því að hætta í sætuefnum heldur en sykri. Ég borða sykur, hveiti og mjólkurvörur í hófi, ekki til þess að vera mjó, heldur af því að mér líður bara ekki vel af þessum efnum.

*Getur þú lýst dæmigerðum matseðli yfir daginn?*

Ég vakna kl. 5.15 alla virka daga og byrja á að fá mér vatnsglas með sítrónusafa. Fer síðan að þjálfa og um átta leytið þá er það sjeik, stútfullur af næringu, millimálið er yfirleitt hnetur, fræ, egg, brauð úr Brauðhúsinu í Grímsbæ, hrökkbrauð, avókadó, hummus og einhver dásemd. Í hádeginu borða ég mat, sest niður og borða og síðan elda ég alltaf kvöldmat. Ég legg upp úr því að útbúa a.m.k. 80% af matnum mínum sjálf.

*Hvað borðar þú fyrir og eftir æfingu?*

Í grunninn leitast ég við að halda jafnvægi í mataræðinu, get æft eftir hvaða máltíð dagsins sem er. Læt þó alltaf líða a.m.k. 30 mín. áður en ég fer í einhver átök.

*Hvaða borðar þú milli mála?*

Yfirleitt sjeik, hnetur, fræ, egg, brauð úr Brauðhúsinu í Grímsbæ, glútenlaust hrökkbrauð, avókadó, hummus og alls konar dásemd. Ég er mjög dugleg að prófa mig áfram með mat og borða bara góðan mat.

*Lumar þú á einhverjum góðum heilsuráðum?*

- Ekki fara í kúr/megrun, gerðu plön; breyttu, ekki bara stökkva.
- Drekktu vatn, þú trúir því ekki hversu mikilvægt og vanmetið það er.
- Hreyfðu þig; ekki of mikið, ekki of lítið.
- Vertu meðvitaður neytandi, ekki kaupa drasl sem er selt sem heilsuvara.
- Borðaðu hreina fæðu.
- Taktu Omega-3 fitusýrur.
- Mundu að heilbrigði er eitthvað sem við þurfum að vinna fyrir.
- Það þarf ekki að sæta mat. Gefðu bragðlaukunum 10 daga hvíld frá sykri og sætuefnum og finndu muninn, paprikan og möndlurnar verða sætar aftur.

### Súkkulaðisæla – uppáhalds sjeik Sifjar

**1 bolli möndlumjólk**
**½ banani**
**1 tsk. maca-duft**
**1 tsk. möndlusmjör**
**1 tsk. kókosolía**
**1 msk. prótein ef vill**
**1 tsk. kakónibbur**
**1 tsk. kókosmjöl**

Öllum innihaldsefnum nema kakónibbum og kókosmjöli skellt í blandara og blandað vel saman. Skellið síðan í glas og stráið kakónibbum og kókosmjöli yfir – et voilà!

Föstudaginn **8. mars** mun Fréttablaðið gefa út sérblaðið

**ALLT FYRIR HÓTEL & VEITINGAHÚS**

Allt ritstjórnarefni blaðsins er sérstaklega miðað á rekstraraðila þeirra þúsunda fyrirtækja sem starfa í gisti og veitingaþjónustu á Íslandi.

Blaðið er um leið frábær auglýsingamiðill fyrir öll fyrirtæki sem bjóða upp á rekstrarvörur og þjónustu fyrir hótel, gisti og veitingahús.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

**Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins**
**Sími 550-5652 / arnarm@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Fermingar

ÞRIÐJUDAGUR 26. FEBRÚAR 2019

**Kynningar:** Elko, Bestseller, Panduro, MS



## Með boðorðin tíu út í lífið

Tvíburarnir Egill Helgi og Stefán Bogi Guðjónssynir fermast í Fella- og Hólakirkju 7. apríl. Margir muna eftir þeim úr sjónvarpsþáttunum Fólkið í blokkinni og bíómyndinni Víti í Vestmannaeyjum en sem knáir knattspyrnumenn spila þeir með Leikni í Efra-Breiðholti. →2

Tvíburarnir Egill Helgi og Stefán Bogi Guðjónssynir völdu að fermast í kirkju því þeir vildu staðfesta skírn sína, játa trú sína og gera Jesú Krist að leiðtoga lífs síns. MYND/ERNIR

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Ég ákvað að fermast því ég trúi á Guð og Jesú og vil gera Jesú að leiðtoga lífs míns,“ svarar Stefán Bogi um ástæður þess að hann valdi kirkjulega fermingu í stað borgaralegrar.

Egill Helgi tekur í sama streng: „Ég vil fermast til að staðfesta skírn mína því ég trúi á Jesú Krist.“

## Líður vel í kirkjunni

Fermingardagur tvíburanna rennur upp sunnudaginn 7. apríl í Fella- og Hólakirkju en þeir verða fermdir af prestunum Guðmundi Karli Ágústssyni og Jóni Ómari Gunnarssyni.

„Það hefur gengið fínt í fermingarfræðslunni. Það sem ég get tekið með mér út í lífið eru helst boðorðin tíu, en ég hélt að fræðslan yrði minni lærdómur en hún er,“ segir Stefán Bogi.

Þeir Egill Helgi hafa þurft að sækja tíu messur í tengslum við fermingarfræðsluna.

„Mér finnst bara fínt að mæta í messur. Það er kannski ekkert mjög gaman en mér finnst gott að sitja í kirkjunni og hlusta,“ segir Egill Helgi.

„Messurnar eru ekki á góðum tíma því það er fótboltaæfing í Egilshöll hálftíma eftir messu. Þær hafa ekki verið það skemmtilegasta sem ég hef gert en mér líður vel í kirkjunni og finnst sérstakt að heyra prestana tóna,“ segir Stefán.

## Flytur ekki ræðuna einn

Fermingarveisla Egils og Stefáns verður haldin á Grand Hótel Reykjavík.

„Við ætlum að bjóða upp á bröns-hlaðborð en ég hafði skoðun á því hvað yrði borðað og hvernig skrautið yrði á litinn,“ segir Egill en Stefán hafði minni skoðanir á veisluhaldinu þótt hann hafi fengið að ráða öllu sem hann vildi.

„Við bræður erum reyndar sammála um flest. Mér finnst góð tilfinning að fermast með tvíburabróður mínum. Þá verður minni athygli á mér einum í veislunni og í fermingunni sjálfri en við fermumst með bekkjarsystkinum okkar,“ segir Stefán og Egill tekur undir orð bróður síns. „Já, það er fínt að vera ekki einn. Þá þarf ég til dæmis ekki að flytja ræðuna í veislunni einn og ekki að taka einn á móti öllum gestunum,“ segir hann og brosir kankvís.

Þeir bræður óttast ekki að bera minna úr býtum þegar kemur að fermingargjöfunum þótt gestirnir þurfi að koma færandi hendi með tvær gjafir.



Drauma gjöf Egils Helga og Stefáns Boga er að komast utan í fótboltaskóla með sameiginlegum vini þeirra úr Víti í Vestmannaeyjum. MYND/ERNIR

„Óskagjöfin er utanlandsferð svo ég komist til útlanda í fótboltaskóla með Agli bróður og vini mínum, Páli Steinari Guðnasyni sem lék Bjössa í Víti í Vestmannaeyjum. Ef ég fæ mestmegnis peninga mun ég leggja þá inn á bankabók,“ upplýsir Stefán Bogi.

„Mig dreymir um það sama,“ segir Egill. „Mig langar að komast í fótboltaskóla í útlöndum með vini mínum Páli og bróður, en gjafirnar eru ekki aðalatriðið sem ég er að hugsa um í sambandi við ferminguna. Ef mér hlotnast peningar mun ég geyma þá til framtíðarinnar.“

## Með slaufur frá afa sínum

Mörgum þykir erfitt að þekkja tvíburabræðurna Egil og Stefán í sundur enda þykja þeir mjög líkir í útliti.

„Við verðum ekki eins klæddir á fermingardaginn,“ upplýsir Egill. „Ég verð í gráum jakka, svörtum gallabuxum og hvítri skyrtu en á eftir að finna mér skó, og með svarta slaufu sem afi minn átti þegar hann var á lífi.“

Stefán verður í svörtum gallabuxum, hvítri skyrtu, bláum jakka og svörtum skóm.

„Ég verð líka með slaufu sem móðurafi okkar átti. Hann dó áður en við fæddumst, fyrir tuttugu árum og var bara 56 ára gamall. Hann kynntist okkur því aldrei né við honum en hann var mikið snyrtimenni og átti mikið af sparifatnaði, þar á meðal mjög mikið af slaufum og bindum,“ útskýrir Stefán.

> Þá datt mömmu í hug að við bærum slaufur frá afa. Með því yrði hluti af afa með okkur á fermingardaginn þótt hann sé ekki lengur hjá okkur í lífinu.
>
> **Egill Helgi Guðjónsson**

„Þegar við vorum að ræða saman um hvernig við vildum vera klæddir á fermingardaginn kom í ljós að við vildum báðir vera með slaufu. Þá datt mömmu í hug að við bærum slaufur frá afa. Með því yrði hluti af afa með okkur á fermingardaginn þótt hann sé ekki lengur hjá okkur í lífinu,“ segir Egill, en fermingardag bræðranna ber næstum upp á dag tuttugu árum eftir að afi þeirra lést. Einnig vill svo skemmtilega til að á fermingardaginn eiga foreldrar strákanna, þau Ragnheiður Arna Höskuldsdóttir og Guðjón Helgason, tólf ára brúðkaupsafmæli.

## Hlakka til að játa trúna

Stundum er sagt að börn komist í fullorðinna manna tölu við fermingu.

„Ég held að það sé rétt að vissu leyti,“ segir Stefán. „Maður hugsar kannski sjálfur að maður sé orðinn eitthvað fullorðinn fyrst maður er búinn að fermast, en ég held samt að það breyti ekki mjög miklu.“

Egill er á öndverðum meiði í þessum hugleiðingum.

„Nei, ég held ég þroskist ekki við ferminguna. Maður þroskast bara með tímanum.“

Fermingardrengirnir hafa ólík framtíðarplön.

„Ég ætla að verða stúdent og reyna svo að komast í háskóla í Danmörku. Það er svo margt sem kemur til greina að ég er ekki tilbúinn að velja strax hvað ég ætla að verða,“ segir Stefán.

> Mér finnst góð tilfinning að fermast með tvíburabróður mínum. Þá verður minni athygli á mér einum í veislunni.
>
> **Stefán Bogi Guðjónsson**

„Framtíðarplönin eru engin eins og er,“ segir Egill. „Ég sé bara til hvað gerist.“

Báðir hlakka mikið til fermingardagsins.

„Ég hlakka til að vera búinn að taka þessa ákvörðun, að fermast. En á fermingardaginn sjálfan; ætli það sé ekki að opna gjafirnar. Þótt þær skipti ekki miklu máli þá er samt alltaf gaman að fá gjafir,“ segir Egill og Stefán er sama sinnis.

„Maður hlakkar náttúrlega alltaf til að opna gjafir þannig að ég hlakka til þess. Og síðan að játa trúna,“ segir Stefán.

LEGGÐU Á BORÐ MEÐ OKKUR



UMHVERFISVÆNN BORÐBÚNAÐUR Í ÚRVALI

Hleyptu lífi í veisluna þína með fallegum veisluvörum frá Rekstrarlandi. Pappírsdúkar í rúllum, renningar, servíettur í mörgum litum, einnota diskar, glös og hnífapör, kerti og fleira. Fermingarveislur, útskriftir, brúðkaup, afmæli, ættarmót og endurfundir verða enn glaðlegri með veisluvörunum okkar.

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8–17.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is


Sparaðu og við
hvetjum þig áfram
Landsbankinn greiðir 6.000 kr. mótframlag þegar fermingarbörn
leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn eða í verðbréfa-
sjóð. Ef báðir kostir eru nýttir leggur Landsbankinn því til 12.000 kr.
í mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.
Nánari upplýsingar um sparnað og verðbréfasjóði má nálgast á landsbankinn.is/sparnaður.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

# Ætlar að ná langt í CrossFit

**Rökkvi Guðnason ákvað að fermast borgaralega eins og eldri systir hans gerði. Hann verður fermdur 31. mars og hlakkar mikið til.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Foreldrar Rökkva eru Margrét Benediktsdóttir fördunarfræðingur og Guðni Finnsson tónlistarmaður sem flestir þekkja úr Pollapönkurum. Margrét segir að Rökkvi hafi ekki gert miklar kröfur fyrir fermingardaginn. „Undirbúningurinn er þægilegur, maður gerir þetta smátt og smátt. Frekar létt og þægilegt. Hann er ekki mikill jakkafatamaður svo við völdum einfaldan og sportlegan klæðnað. Í veislunni sem haldin verður heima ætlum við að bjóða upp á smárétti og tertur, jafnvel sushi. Við eigum von á milli 40-50 gestum,“ segir Margrét þegar við forvitnuðumst um væntanlega fermingu.

„Rökkvi valdi sjálfur myndina á boðskortið og var með í að skipuleggja veisluna. Annars fannst honum ferming systur sinnar mjög fín og ætlar að hafa þetta svipað,“ segir Margrét og bætir við að Rökkvi hafi gaman af því að prófa alls kyns rétti. „Hins vegar borðar hann ekki sælgæti svo það verður enginn nammibar en í staðinn bjóðum við upp á franskar makkarónur og konfekt.“

Margrét segist hafa límt upp myndir af systur Rökkva, Álfrúnu, á fermingardegi hennar. Ég geri það líka fyrir Rökkva ef hann leyfir það,“ segir hún. „Mér finnst mjög gaman að undirbúa heimilið fyrir veislu og gaman að taka á móti gestum. Ég er minna fyrir að kokka, maðurinn minn er betri í því. Þar sem hann hefur lítinn tíma núna þá finnst okkur ágætt að fá matreiðslumann til aðstoðar,“ segir hún.

Rökkvi segist fara í fermingarfræðslu á hverjum mánudegi sem passar honum þó misvel vegna íþróttaæfinga hans. Rökkvi æfir CrossFit og er að undirbúa sig fyrir heimsmeistaramótið í sínum aldursflokki. Hann hefur þó ekkert á móti fermingarfræðslunni, segir hana áhugaverða en hún snúist að mestu um heimspeki. „Það er alltaf gaman í þessum tímum,“ segir hann. „Líf mitt snýst annars um CrossFit sem ég stunda fimm sinnum í viku. Hina dagana fer ég í léttara sport eins og sund,“ segir Rökkvi sem stefnir á að verða heimsmeistari í sinni grein.

„Það eru mjög margir unglingar að æfa CrossFit enda er þetta mjög vinsælt sport. Ég var í fótbolta en finnst skemmtilegra að vera í einstaklingsíþróttum,“ segir Rökkvi og viðurkennir að vera orðinn nokkuð sterkur þegar hann er spurður.

„Ég hlakka mikið til fermingardagsins, get ekki neitað því að það er alltaf gaman að fá gjafir. Mér fannst fermingardagur systur minnar mjög skemmtilegur og hlakka til að upplifa þetta sjálfur,“ segir fermingardrengurinn sem stefnir á Verzlunarskóla Íslands eftir tíunda bekk. „Ég hef mjög mikinn áhuga á heilsu, hollu fæði og góðum lífsstíl. Mig langar í einhvers konar heilsutengt nám í framtíðinni.“



Mæðginin, Rökkvi og Margrét, eru mjög spennt fyrir fermingardeginum sem verður í lok mars. Rökkvi fermist borgaralega. MYND/ERNIR

> **Ég hlakka mikið til fermingardagsins, get ekki neitað því að það er alltaf gaman að fá gjafir.**
>
> Rökkvi Guðnason






## CHIRO UNIVERSE




Aukahlutur
á mynd: Gafl.

# FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGAR-TILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 59.925 KR. | 5.574 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 67.425 KR. | 6.220 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 74.925 KR. | 6.867 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 86.175 KR. | 7.838 KR. |

* Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántöku-gjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

- Fimmsvæðaskipt poka-gormakerfi.
- Heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

## SERTA OPERA




Aukahlutur
á mynd: Gafl.

Serta STÆRSTI DÝNUFRAM-LEIÐANDI VERALDAR

# FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGAR-TILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 120X200 | 121.000 KR. | 90.750 KR. | 8.232 KR. |
| 140X200 | 135.000 KR. | 101.250 KR. | 9.138 KR. |

* Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántöku-gjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

- Sjólaga heilsu- og hægindahluti tryggir réttan stuðning við mjóbak.
- Vandað fimmsvæðaskipt pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði sem andar vel.
- Steyptar kantstyrkingar.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

# Ljúffengir fermingarréttir

Gott í matinn lumar á einföldum og góðum smáréttum í fermingarveisluna. Fylltar beikondöðlur og snittur með camembert og sætri peru eru bara brot af því sem finna má á síðunni.

Uppskriftasíðan gottimatinn.is er góður staður til að byrja á þegar kemur að fermingarundirbúningi bæði hvað varðar mat og skreytingar. Á síðunni eru til að mynda flokkar uppskrifta tileinkaðir veislum, fermingum og ostum, þar sem finna má margs konar uppskriftir sem henta fullkomlega fyrir þetta stóra tilefni og getur síðan þannig hjálpað til við undirbúninginn og veitt fólki innblástur. Fjölmargar hugmyndir má finna að snittum, spennandi smáréttum, innbökuðum ostum og ostabökkum sem henta vel í fermingarveislur.



Byrjið veisluundirbúninginn á gottimatinn.is en á síðunni er að finna fjölda ljúffengra uppskrifta.

> Fjölmargar hugmyndir má finna að snittum, spennandi smáréttum, innbökuðum ostum og ostabökkum sem henta vel í fermingarveislur.

## Mozzarella-snittur

**1 stk. baguette-brauð**
**1 dós litlar mozzarella-kúlur í dós**
**1 box kirsuberjatómatar**
**Fersk basilíka**
**Ólífuolía**
**Hvítlauksduft**
**Gróft salt**

1. Skerið brauðið á ská í sneiðar, penslið með ólífuolíu, stráið hvítlauksdufti og grófu salti yfir. Ristið í um 2 mínútur í ofni við 200°C.
2. Skerið mozzarella-kúlurnar í tvennt og dreifið yfir hverja sneið (um það bil þrír helmingar á hverri sneið) og setjið aftur í ofninn í um 2 mínútur. Leyfið ostinum aðeins að bráðna.
3. Skerið kirsuberjatómata til helminga og saxið góða lúku af ferskri basilíku, blandið saman í skál með um ½ msk. af ólífuolíu. Dreifið yfir snitturnar og njótið.

## Fylltar beikondöðlur

**Um það bil 25 döðlur**
**5 msk. rjómaostur frá Gott í matinn**
**2 msk. hnetusmjör**
**1 pakki beikon**

1. Skerið smá rauf í döðlurnar.
2. Blandið saman rjómaosti og hnetusmjöri, setjið í zip-lock poka og klippið lítið gat á endann. Sprautið fyllingu í hverja döðlu.
3. Klippið beikonið í tvennt og vefjið því utan um döðlurnar. Gott er að miða við að minnsta kosti 1½ til tvo hringi af beikoni á hverja döðlu.
4. Hitið í ofni við 200°C þar til beikonið fer að dökkna.

## Camembert-snitta með sætri peru

**1 stk. baguette-brauð**
**1½ Dala camembert-ostur**
**1½ pera**
**Klettasalat (um ½ poki)**
**Ristaðar furuhnetur (um ½ poki)**
**Ólífuolía**
**Hvítlauksduft**
**Gróft salt**
**Sykur og smjör til að brúna perusneiðarnar**

1. Skerið brauðið á ská í sneiðar, penslið með ólífuolíu, stráið hvítlauksdufti og grófu salti yfir. Ristið í um 3 mínútur í ofni við 200°C.
2. Kælið brauðið aðeins og setjið klettasalat yfir hverja sneið.
3. Skerið peruna í sneiðar sem passa brauðstærðinni ykkar (ekki of þykkar).
4. Stráið sykri á pönnu, hitið þar til hann bráðnar og bætið þá smjörklípu saman við og lækkið hitann.
5. Brúnið perusneiðarnar á báðum hliðum, þegar þið snúið er camembert-sneið lögð á hverja perusneið þar til osturinn fer aðeins að bráðna.
6. Þá er peru/camembert-sneiðin færð yfir á snittuna, ofan á klettasalatið.
7. Ristuðum furuhnetum er að lokum stráð yfir.

## Einfaldasti partíréttur aldarinnar

**1 askja rjómaostur frá Gott í matinn**
**Sweet chili-sósa**
**Ferskur kóríander**
**Ritz-kex eða annað kex**

1. Hvolfið rjómaostinum á fallegan disk.
2. Hellið ríkulega af Sweet chili sósu yfir og nógu af kóríander.
3. Njótið með góðu kexi.

# Með hvítt hár í sígildum jakkafötum

Kristjan Thor Waage fermdist í Árbæjarkirkju árið 2006. Hann keypti sér borðtölvu fyrir fermingarpeningana og lagði þannig grunn að glæstri framtíð í teknótónlistargeiranum.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Tónlistarmaðurinn Kristján Thor Waage hefur getið sér gott orð fyrir teknótónlist en fyrsta platan hans, W, sem kom út árið 2017 fékk afbragðsgóðar viðtökur og sat á toppi Juno spilunarlistans í tvo mánuði. Önnur plata er á leiðinni og kemur hún út í mars. Færri vita að tónlistarferill Kristjáns hófst eins og margra ungra tónlistarsnillinga samtímans, í tölvunni sem hann keypti fyrir fermingarpeningana sína.

Kristján fermdist árið 2006 í Ábæjarkirkju. „Ég man nú ekkert sérstaklega margt frá þessum degi. Í kirkjunni var ég með hvítt hár þannig að ég stóð mikið út úr og svo var ég mjög tanaður sem mér fannst mjög kúl þá.“ Hann segir veisluna hafa verið frekar hefðbundna. „Hún var í sal rétt hjá Laugardalshöllinni, fólk mætti og fékk kökur og kaffi og heilsaði upp á mig. Ég man ekki eftir að hafa fengið að ráða miklu í þessu ferli, man bara að það var mikið af veitingum og að mér fannst þær góðar enda þekkja foreldrar mínir mig alveg og vissu hvað ég fílaði. Þetta er annars ekkert mjög merkilegur dagur fyrir mér í minningunni,“ segir Kristján.

> Í kirkjunni var ég með hvítt hár þannig að ég stóð mikið út úr og svo var ég mjög tanaður sem mér fannst mjög kúl þá.

Hann segir trúna hafa skipt máli þegar hann ákvað að fermast. „Á þessum tíma var ég kannski ekki beint trúaður en samt ekki heldur vantrúaður, meira svona forvitinn um þetta allt saman. Í dag er ég alveg vantrúaður og ef ég ætti tímavél mundi ég fara til baka og fermast borgaralega. Ég sé samt ekkert eftir því að hafa fermst í kirkjunni, það var mjög fallegt.“ Fermingarfötin voru líka fyrstu jakkafötin. „Ég var í blárri skyrtu og fínum jakkafötum og það fáránlega við þetta er að ég kemst ennþá í þau í dag, þrettán árum síðar. Ég nota þau þegar ég er að fara fínt út að borða eða eitthvað. Þau eru fín og fara mér vel og ég sé enga ástæðu til að nota þau ekki.“



Waage að störfum við tónlistargerð í fermingarjakkafötunum sem hann passar ennþá í. MYND/EYÞÓR



Kristján Thor Waage með hvíta fermingarhárið og í fínu fermingarfötunum.

Fermingargjafirnar eru öllum fermingarbörnum minnisstæðar. „Ég fékk PSP leikjatölvu frá bróður mínum og svo voru þetta aðallega bara peningar,“ segir Kristján. „Ég held að flestir krakkar kaupi sér eitthvert tæknidót fyrir fermingarpeningana og ég var engin undantekning og keypti mér borðtölvu.“

Og tölvan sú hefur komið að góðum notum. „Fyrst var ég bara í leikjum í henni en bróðir minn sýndi mér fljótlega tónlistarforrit sem ég byrjaði að fikta við áfram með og fljótlega var ég farinn að semja tónlist.“

Kristján sendir frá sér sína aðra plötu um þessar mundir. „Platan heitir W í öðru veldi en ég sem undir nafninu Waage,“ segir hann. Tónlistinni hefur verið lýst sem taktfastri, flæðandi en þó dansvænni og þessi plata er eins konar framhald af fyrstu plötunni, W, sem kom út 2017. „Ég er auðvitað mjög spenntur fyrir útgáfunni og fyrir útgáfupartíinu sem verður 16. mars á Bravó.“

Og framtíðin er björt. „ Planið er að vera hamingjusamur og líða vel og partur af því er að gefa út tónlistina mína, spila meira úti og gefa út fleiri plötur.“



FRÁBÆRAR FERMINGARGJAFIR
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
WWW.RFL.IS
1. MARSTAL spegill Ø50 cm 4.495 40x55 cm 4.995 Vnr. 3683491, 3683491 2. ABBETVED skrifborð 48 x 120 cm 12.950 Vnr. 3620860 3. OLIVER skrifborðsstóll 3 litir 19.950 Vnr. 8880000830 4. EGELEV skemill með loki 5.995 Vnr. 3681931 5. TAKS skinn 4 litir 60 x 90 cm 2.495 Vnr. 6501002 6. ERNST borðlampi 2 litir 2.995 Vnr. 4931100 7. ANTONI vegghilla 3.995 Vnr. 328-17-1040 8. KONGSSPIR ábreiða 140 x 200 cm 2.995 Vnr. 4531718 9. MALLING snyrtiborð 24.950 Vnr. 3620858 10. ROYAL DREAM dýna 120 x 200 cm 99.950 Vnr. 8880000703 11. KUGLEASK púði Ø40 cm 1.995 Vnr. 6822716 12. ILBRO náttborð 4.995 Vnr. 3616902 13. INGEBORG sængurver 140 x 200 cm fæst í nokkrum litum 4.995 Vnr. 1366480 14. THYRA andadúnsæng 135 x 200 cm 34.990 Vnr. 4111350

# Stolt en líka viðkvæm stund

Séra Elínborg Sturludóttir, prestur í Dómkirkjunni í Reykjavík, fermdist í Stykkishólmskirkju á hvítasunnudag 1982. Hún segir vanmetið hvað fermingin sé mikilvæg fyrir fermingarbörnin.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Yfir fermingardeginum mínum er bara birta. Mér finnst veðrið hafa verið mjög gott. Ég man mjög vel eftir því hvað ég skammaðist mín fyrir að fermingarsystur mínar fóru að hlæja í kirkjunni. Mér fannst það fyrir neðan allar hellur. Ég jafnaði mig þegar presturinn hafði gert gott úr því um leið og við stilltum okkur upp fyrir utan kirkjuna til að taka við hamingjuóskum frá kirkjugestum. Það er líka mjög eftirminnilegt að við fjölskyldan fluttum inn í nýtt hús nokkrum dögum áður en ég fermdist og mömmu tókst á nokkrum dögum að búa til voða fína veislu heima með fullt af fínum veitingum,“ segir séra Elínborg og finnur enn málningarlyktina í nýmáluðu húsinu þegar hún hugsar til fermingardagsins síns, 30. maí 1982.

Hjá Elínborgu var fullkomlega sjálfsagt að fermast.

„Ég ólst upp við mjög jákvæða afstöðu til kirkju og kristni og að sjálfsögðu bað ég alltaf bænir á kvöldin áður en ég fór að sofa. Presturinn talaði við okkur krakkana um að við þyrftum að taka ákvörðun okkar alvarlega, hún mætti ekki vera léttvæg og hann áréttaði við okkur að það væri engin skylda að fermast. Þess vegna kom ég heim úr kirkjunni einn daginn eftir fermingarfræðslu og sagði að ég væri að hugsa um að fresta fermingunni minni um eitt ár. Foreldrar mínir fengu mig ofan af því eftir smá samtal, en á þessum tíma þekktist ekki annað í Hólminum en að allir krakkar fermdust.“



Elínborg fermdist í Stykkishólmskirkju en er nú prestur í Dómkirkjunni í Reykjavík. MYND/SIGTRYGGUR ARI

> Ég hygg að það sé oft vanmetið hvað fermingin er mikilvæg fyrir börnin. Ég held að flest taki þau ferminguna alvarlega og kannski birtir það bara virðingarleysi fyrir börnunum að halda öðru fram.

Fermingin reyndist Elínborgu mjög mikilvæg og dýrmæt.

„Ég var mjög heppin með að fermingarfræðslan var skemmtileg og eðlilegt framhald af því sem ég hafði reynslu af úr sunnudagaskólanum, starfi í Hvítasunnusöfnuðinum, starfi í Barnastúkunni og hjá St. Fransiskussystrum. Allt þetta kristilega starf mótaði mig mjög, hafði djúp áhrif á mig og þess vegna bar ég kannski mikla virðingu fyrir kirkjunni og boðskap trúarinnar. Fermingarárið mitt var ánægjulegt og það kom að minnsta kosti ekki í veg fyrir að ég færi í guðfræði,“ segir Elínborg sem lærði heimspeki áður en hún fór í guðfræðinám.

Presturinn sem fermdi Elínborgu valdi ritningarversið.

„Hann skrifaði í sálmabókina mína þessi orð úr 2Kro 15:7: „En verið þér öruggir og látið yður eigi fallast hendur, því að breytni yðar mun umbun hljóta,“ upplýsir Elínborg sem minnist þess ekki að hafa óskað sér neins sérstaks í fermingargjöf nema að fá að fara til útlanda.

„Sú ósk rættist og ári eftir fermingu fékk ég að fara til Frakklands að heimsækja móðursystur mína og fjölskyldu hennar sem bjó og býr enn í París. En ég var mjög glöð og ánægð með allar mínar fermingargjafir og fermingarskrifborðið er enn í notkun!“ segir hún og brosir.

### Hálffullorðnir einstaklingar

Alls fermast um tuttugu börn í Dómkirkjunni í Reykjavík í ár.

„Þetta er fyrirmyndarhópur. Fermingarbörnin eru augljóslega vel uppalin í skólastofunni því þau kunna vel að vera virkir þátttakendur í fermingarfræðslunni sem hefur gengið prýðilega. Það eina sem ég finn fyrir er að mörg þeirra hafa mjög mikið að gera og margar skyldur. Þessi kynslóð barna er svo virk á svo mörgum sviðum, í íþróttum, tónlistarnámi, leiklist og fleiru, þannig að það er flókið að finna tíma fyrir fermingarfræðsluna sem hentar öllum,“ upplýsir Elínborg og vonar að börnin njóti fræðslunnar og hafi gagn af henni.

„Mikilvægasta veganestið úr fermingarfræðslunni er að Guð elskar þau eins og þau eru og vill að þau láti sér annt um sig sjálf og samferðamenn sína. Og að þau geti ræktað með sér trú sem gagnast þeim á lífsgöngunni, bæði í meðbyr og mótbyr. Svo vona ég að þau finni og skynji að kirkjan vill vera þeim bakland á lífsgöngunni,“ segir Elínborg sem hefur mikið dálæti á fermingunni.

„Það er alltaf mjög hátíðlegt að sjá fermingarbörnin ganga inn kirkjugólfið svo falleg og uppábúin. Maður getur ekki annað en skynjað hvað þetta er stór stund, ekki síst fyrir foreldrana. Það eru tímamót að vera fermingarforeldri og þegar frumburðurinn minn fermdist fannst mér nauðsynlegt að fá mér nýjan sparikjól, mér fannst þetta svo hátíðleg stund. Á þessari stundu finna foreldrarnir sterkt fyrir því hvað tíminn hefur liðið hratt og hve óskóp stutt er síðan börnin þeirra voru agnarsmá kríli sem þau báru á höndum. Þetta gerir flesta foreldra bæði stolta en líka svolítið viðkvæma,“ segir séra Elínborg um stór tímamót í lífi fjölskyldna.

Fermingarbörnin séu iðulega full af eftirvæntingu og gleði.

„Þau eru fullorðinsleg á þessum degi og vita að þau eru að stíga inn í tímabil sem hálffullorðnir einstaklingar. Ég hygg að það sé oft vanmetið hvað fermingin er mikilvæg fyrir börnin. Ég held að flest taki þau ferminguna alvarlega og kannski birtir það bara virðingarleysi fyrir börnunum að halda öðru fram. Mikilvægast er samt að gefa þeim tækifæri til að átta sig á kristnum lífsgildum, rækta með sér trú og gefa sér tóm til að kynnast því að fara til kirkju. Mörgum finnst líka mikilvægt að láta gott af sér leiða með því að kynnast hjálparstarfi kirkjunnar og taka þátt í söfnun fyrir brunnum í Afríku,“ upplýsir Elínborg sem nýtur þess að sinna fermingarstarfinu.

„Það er ögrandi og tengir mann við unga fólkið. Við prestarnir þurfum sífellt að hugsa um það hvernig við komum kristnum boðskap að sem gagnlegu veganesti út í lífið fyrir nýja kynslóð. Kannski þurfum við líka að huga meira að því að rækta tengslin við foreldra barnanna og mæta þeim, því vitaskuld eru það foreldrarnir sem hafa mest áhrif á börnin.“








**Islandus - 44mm**
Hvít skífa með rómverskum tölum.
Brún ól úr strútslegg.



**101 - 32mm**
Rauð skífa með rómverskum tölum.
Stálkeðja.



**Islandus 1919 - 44mm**
Svört skífa með arabískum tölum.
Svört ól úr vísundaskinni.



**Frisland 1941 - 42mm**
Blá skífa með sjálflýsandi tölum.
Svört ól úr vísundaskinni.



**Frisland Classic - 42mm**
Hvít skífa með rómverskum tölum.
Blámaðir vísar og brún ól úr strútslegg.



**Frisland - 42mm**
Svört skífa með sjálflýsandi tölum.
Svört ól úr strútsskinni.



**Sif NART - 40mm**
Svört skífa með sjálflýsandi tölum.
Svört gúmmí ól með rauðum saum.



**Sif NART 1948 - 40mm**
Blá skífa með sjálflýsandi tölum.
Brún ól úr kálfaskinni með hvítum saum.



**101 - 38mm**
Hvít skífa með arabískum tölum.
Brún ól úr strútsskinni.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

# Raftæki alltaf vinsæl fermingargjöf

**Í dag getur orðið fermingargræjur náð yfir mun meira en bara hljómflutningstæki. Bragi Þór Antoníusson, markaðsstjóri Elko, segir frá vinsælustu fermingargjöfunum.**



Bragi Þór Antoniusson, markaðsstjóri ELKO, segir fermingargræjur ekki síður vinsælar en fyrir hálfri öld þó tækin séu fleiri sem geta fallið undir skilgreininguna. MYND/ERNIR

Bragi segir þráðlaus heyrnartól njóta mikilla vinsælda. „Heyrnartól eru til í öllum stærðum og gerðum og öllum litum,“ segir hann og bætir við: „Margir unglingar í dag eiga nokkur sett af heyrnartólum eftir notkun og svarar ELKO þeirri þörf eftir bestu getu. BOSE QC35 þráðlausu heyrnartólin eru spariheyrnartólin sem þú notar þegar þú þarft að útiloka umhverfið með „Noise Cancellation“ s.s. við lærdóminn eða í flugvélinni á leið í sumarfrí. Svo er það jólagjöf ársins 2018, heyrnartólin Apple Airpods sem eru örlitlir tappar algerlega snúrulausir og þráðlausir. Fyrir íþróttafólkið þá er nauðsynlegt að hafa svitaþolin þráðlaus heyrnartól sem festast vel í eyra og má þar nefna Soundsport Free.“

Hann minnir á að heyrnartólum fylgir gjarna farsími. „Vinsælustu símarnir eru Apple iPhone, Samsung S10 og Samsung A8,“segir hann en bendir á að sá eða sú sem gefur þurfi að afla sér upplýsinga um fermingarbarnið til að vita í hvora áttina það hallast, að Samsung eða Apple farsímum. Hann bendir enn fremur á að farsímum fylgi þó fleiri spennandi hlutir til dæmis þráðlausir hátalarar. „Hátalarar eru að breytast töluvert og nú eru vinsælustu hátalararnir með „þjón“ og má þar nefna Alexu sem býr í Amazon Echo 2 hátölurunum. Alexa spilar tónlist, svarar spurningum, spilar leiki og gerir fullt af öðrum hlutum.“




Það er mikilvægt að kynna sér hvort fermingarbarnið aðhyllist Samsung eða Apple áður en fjárfest er í fermingargjöf en þó má minna á að í ELKO er mjög rúmur skilafrestur.



Ungu fólki er ekki síður umhugað um heilsuna en þeim sem eldri eru og því eru snjallúr sem mæla heilsufar og líkamsástand vinsæl til fermingargjafa.



Heyrnartól eru sennilega vinsælustu fermingargjafirnar og þá einkum þráðlaus sem fást í öllum stærðum og litum í ELKO.

## Leikir og leikjavörur

Annað sem ber á góma eru tölvuleikir en Bragi leggur áherslu á að þegar farið er út í leikina þurfi að hafa gaman líka. „Gaming“ vörur eða leikjavörur eru nú orðnar gríðarlega vinsælar og endurspeglast það í rafrænum íþróttamótum eins og var haldið á Íslandi fyrir nokkrum vikum,“ segir hann. „Leikjavörur eru fjölmargar og býður ELKO upp á það allra besta í þessu. Leikjamýs, leikjalyklaborð, leikjaskjái, leikjaheyrnartól, leikjastóla, leikjatölvur, og meira að segja leikjaskrifborð. Fyrir þá sem vilja fá sér í stíl þá býður ELKO upp á Razer vörur, heyrnartól, mús og lyklaborð. Til að spila leikina þarf tölvuna líka og er hægt að velja um fartölvu eða borðtölvu. Borðtölvurnar eru vinsælastar þegar þú vilt ná sem bestum gæðum og hraða í leikina. ELKO er með tilbúnar borðtölvur fyrir leikina og má þar nefna HP borðtölvur. Fartölvur eru þó einnig hentugar fyrir þá sem vilja geta verið meira á ferðinni og fullnýtt tölvuna í meira en bara leiki. Þar er ELKO einnig með gott úrval og þá helst af HP leikjafartölvum.

PlayStation er þó aldrei langt undan og hefur hún festi sig í sessi á Íslandi sem aðalleikjavélin. Það sem verður vinsælast í PlayStation er PlayStationVR sem eru sýndarveruleikagleraugu sérhönnuð fyrir leikina. ELKO hefur verið með gleraugun í töluverðan tíma með góðri raun og eru spilarar sérstaklega ánægðir með þessa viðbót í leikjatölvuheiminn.“

Hann bendir á að það vilji ekki allir leikjatölvur. „Þá er vinsælast að taka Apple fartölvur. ELKO býður upp á allar nýjustu Apple tölvurnar og er vinsælasta fermingarvélin Apple Macbook Air. Apple er þó ekki bara með tölvur og heyrnartól, heldur líka snjallúr.“

## Í takt við tímann

Bragi segir vinsældir snjallúra fara vaxandi. „Úr hafa lengi verið vinsæl ferminargjöf en hefðbundnu úrin virðast vera að víkja fyrir snjallúrum, ástæðan er sú að þau eru eins og þessi klassísku, falleg en notagildið er mikið meira. Það er meira að segja hægt að hlusta á uppáhalds tónlistina sína beint úr úrinu auk þess að fylgjast með heilsunni. Snjallúr í ELKO eru til frá Apple, Samsung, Garmin, Polar og fleirum.“

## Mikilvægt að hafa góðan skilarétt

Það er ekki alltaf auðvelt að velja réttu gjöfina og smekkur fermingarbarna er mjög misjafn. Starfsfólk ELKO þekkir þetta af eigin raun og þess vegna býður ELKO upp á Brostryggingu. „Það tryggir fermingarbarninu fullt frelsi til að prófa gjöfina í allt að 30 daga, skila henni og velja nýja eða fá bara endurgreitt í peningum og kaupa eitthvað allt annað sem hentar betur. Þannig er hægt að tryggja að fermingargjöfin hitti beint í mark en endi ekki ónotuð inni í skáp.“




**30 DAGA SKILARÉTTUR**

Þú hefur 30 daga til að prófa vöruna heima. Ef þér líkar ekki varan getur þú skilað henni og fengið endurgreitt. Sjá skilmála á elko.is.

**SENDUM UM ALLT LAND**

Ef pantað er fyrir 12:30 getur þú sótt vöruna samdægurs í næstu verslun eða fengið sent heim til þín, hvert á land sem er.

**NETSPJALLIÐ ER OPIÐ**

Sölufólk okkar getur svarað öllum þínum spurningum í gegnum netspjallið.

ELKO

# Innblásin af Game of Thrones

**Brynja Guðmundsdóttir, hársveinn á Manhattan í Egilshöll, segir látleysi einkenna fermingargreiðslurnar í ár eins og undanfarin ár. Slegið hárið er tekið frá andlitinu með fléttu og léttir liðir í kring gefa frísklegt yfirbragð**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Fermingargreiðslur eru orðnar frekar látlausar í dag og mér finnst það fallegra," segir Brynja sem greiddi Katrínu Talíu Imsland fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins. „Það er skemmtilegt hvað greiðslurnar eru sætar og einfaldar í dag í staðinn fyrir að fermingarstelpur líti út eins og litlar kellingar eins og var einu sinni. Passar miklu betur fyrir svona litlar stelpur að fá látlausar greiðslur."

Hún lýsir hárgreiðslunni á svofelldan hátt. „Mér finnst skemmtilegra að taka hárið aðeins frá andlitinu og það vill svo heppilega til að ég hef verið að horfa á Game of Thrones og þar eru leikkonurnar rosalega fallega fléttaðar allar. Þetta er ein „waterfall" eða fossaflétta og ein föst flétta sem er fléttuð út frá fossafléttunni og þær svo teknar saman í hnakkann og svo gerði ég stórar, lausar krullur í kring. Greiðslan er tiltölulega látlaus en það er samt fullt að gerast."

Hún segir krullur og liði sívinsælt hjá fermingarstúlkum. „Ég vinn fyrst og fremst út frá því sem fermingarbarnið vill og þær vilja yfirleitt ekki hafa hárið alveg stífkrullað heldur aðeins lausara eins og ég geri í hana Katrínu. Katrín er reyndar með mjög sítt hár en það er alveg hægt að gera þessa greiðslu í axlasítt eða síðara hár.



**Hér leggur Brynja Guðmundsdóttir lokahönd á greiðsluna í Katrínu Talíu, og að sjálfsögðu er krullujárnið að störfum.** MYND/SIGTRYGGUR ARI

> **Það vill svo heppilega til að ég hef verið að horfa á Game of Thrones og þar eru leikkonurnar rosalega fallega fléttaðar allar.**
>
> **Brynja Guðmundsdóttir**

Í styttra hár myndi ég gera liði og setja kannski aðra hliðina upp í smávafning."

Brynja var ein af þeim fermingarstúlkum sem vildu krullur. „Já, ég var með einhverjar krullur sem láku allar út því það helst aldrei neitt í hárinu á mér," segir hún hlæjandi. „Ég var með vafninga sem var gerð hálfgerð spöng úr, og með lifandi blóm í hárinu. Mjög flott!"

Hún segir að stelpur séu ennþá stundum með lifandi blóm og velji þá til dæmis brúðarslör eða önnur smáblóm. „En það er til alls konar skraut og hægt að panta allt sem hugurinn girnist á netinu og ég held að það sé algengara en að þær séu með lifandi blóm. Mér finnst minna vera meira í þessu tilfelli, þarf ekki að vera of mikið í gangi og endalaust að troða einhverju dóti í hárið sem á ekki þar heima."

Hún gerir nokkrar fermingargreiðslur á ári og finnst það alltaf hátíðlegt. „Ég held að fólk sé oft farið að gera þetta meira heima því þetta er orðið látlausara en var. En það er alltaf stemming að koma og láta greiða sér að morgni fermingardags og mér finnst þetta alltaf mjög hátíðleg tilefni. Mér finnst þetta fylgja fermingunni, að koma og láta greiða sér, kannski í fyrsta skipti."



**Katrín Talía er með sítt, mikið og fallegt hár og greiðslan nýtur sín mjög vel en þessa greiðslu er einnig hægt að gera í axlasítt eða síðara hár.**



**Brynju finnst mikilvægt að sjá framan í fermingarbarnið og tekur hárið því frá andlitinu á Katrínu Talíu fyrirsætu en leyfir síddinni að njóta sín.**





Framtíðin
er björt
PINNIG snagar
2.690,-/stk.
MALM kommóður
9.950,-/stk.
2019
Ferming
11.990,-
IKEA
Nýr rafrænn
fermingarbæklingur
á IKEA.is!
© Inter IKEA Systems B.V. 2019
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is
IKEA




Einu sinni þurfti að hafa fyrir því að hlusta á tónlist.




Hljómtæki og úr. Eru ennþá vinsæl.




Skartgripir komu sterkir inn. Hér er auglýsing frá 1929.




Útilegubúnaður á borð við tjöld og svefnpoka, hefur haldið sér sem vinsæl gjöf til þeirra sem fermast.






Einu sinni þótti stórkostlegt að fá úr. Pierpont úrin voru vatnsþétt, höggvarin og sjálftrekkt með dagatali.




Pennar sem áttu að endast ævina voru vinsælar gjafir enda margir sem eiga sinn penna enn í dag.




Skíði hafa alltaf verið vinsæl gjöf.




Bækur eru klassísk gjöf og munu trúlega alltaf verða.




# Gjafirnar góðu í gamla daga

Fermingargjafir hafa lengi verið gefnar en eins og með flest allt hafa þær tekið breytingum í áranna rás. Einu sinni voru það vasaúrin, reiðhjól og í sveitum voru kindur eða hestar gefin.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Í bók Árna Björnssonar þjóðháttafræðings, Merkisdagar á mannsævinni, kemur fram að fermingargjafir fóru ekki að tíðkast fyrr en eftir 19. öld. Þá voru til dæmis peningar eða munir sem komu barninu að gagni gefnir að gjöf.

Á þriðja áratugnum voru það vasaúr sem urðu algeng fyrir drengi. Armbandsúrin komu í kjölfarið og þá fyrir bæði kynin. Reiðhjólin fylgdu fast á eftir og síðan duttu skattholin inn.

Eftir að ferðalög urðu aðeins einfaldari um landið fór fólk að gefa svefnpoka og tjöld, skíði og sumir fengu jafnvel myndavél til að festa gleðina á filmu.

Hljómflutningstækin slógu svo í gegn og voru vinsæl mjög lengi. Sumir fengu jafnvel sex diska spilara.

Trúlega yrði nútímaunglingurinn hálf orðlaus ef eitthvað af þessu ofantöldu leyndist í pakkanum.




GSM sími með myndavél að framan. Tækni sem þótti mjög byltingarkennd á sínum tíma.


NÝJAR VÖRUR VIKULEGA
Stærðir 14-28 eða 42-56
Sjáðu úrvalið á www.curvy.is eða komdu
við í verslun okkar við Grensásveg
Opið alla virka daga frá kl. 11-18
og á laugardögum frá kl. 11-16
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Curvy
Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is


Mexíkóskar vefjur.


Karmelluostakaka.




Jarðarberjaostakaka.

# Vegan góðgæti á fermingarborðið

Þau Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir og Aron Gauti Sigurðarson bera grænkeralífsstílnum fagurt vitni. Á vef þeirra, grænkerar.is, má finna ýmislegt vegan góðgæti. Meðal annars það sem gæti átt heima á veisluborði fermingarbarnsins.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

## Karamelluostakaka

### Botn

**1 dl pekanhnetur**
**2 dl möndlur**
**6 ferskar döðlur, muna að taka steinana úr**
**2 tsk. kókosolía, bragð- og lyktarlaus**
**Salt**

Setjið hneturnar í matvinnsluvél og blandið þar til þær eru nokkuð fínmalaðar.
Bætið döðlum, kókosolíu og salti út í og blandið þar til deigið festist saman.
Leggið smjörpappír í botninn á hringlaga smelluformi. Þrýstið deiginu vel niður í formið svo það þeki allan botninn.
Geymið botninn í kæli meðan fyllingin er útbúin.

### Fylling

**3 dl kasjúhnetur**
**8 ferskar döðlur, muna að taka steinana úr**
**½ dl hlynsíróp, má vera minna ef vill**
**1 dl kókosolía**
**1 dl rjómaostur, t.d. Oatly-smurosturinn**
**2 dl kókosmjólk í dós, þykki hlutinn**
**1 tsk. vanilludropar**
**1 tsk. sítrónusafi**
**Salt**
**3 dl vatn**
**1 tsk. agar-agar-duft**

Kælið kókosmjólkina en þá skilur hún sig og þykki hlutinn situr efst en þunnur vökvi neðst.
Setjið vatn og agar-agar-duft í pott og hitið að suðu.
Setjið hin hráefnin í matvinnsluvél og blandið þar til silkimjúkt. Þetta getur tekið nokkrar mínútur.
Hellið næst agar-agar-blöndunni út í og blandið áfram í smástund.
Hellið fyllingunni yfir botninn og geymið í kæli meðan karamellukremið er útbúið.

### Karamellukrem

**½ dl hlynsíróp**
**½ dl kókossykur eða hrásykur**
**½ dl kókosolía**
**1½ dl kókosmjólk í dós, þykki hlutinn**
**1 tsk. vanilludropar**
**salt**

Setjið öll hráefnin í pott og sjóðið í um 10-15 mín. Þar til karamellan hefur dökknað og þykknað. Gott er að setja örlítið af karamellunni í glas og inn í frysti til að athuga hversu stíf hún er orðin.
Smyrjið karamellukreminu yfir fyllinguna og skreytið að vild, ég notaði saxaðar pekanhnetur.

## Jarðarberjaostakaka

**1 dl pekanhnetur**
**2 dl möndlur**
**8 medjool-döðlur, steinarnir teknir úr**
**1 tsk. kókosolía, bragð- og lyktarlaus**
**1 tsk. vanilludropar**
**Salt**

Setjið möndlur og pekanhnetur í matvinnsluvél og malið í um 20 sek.
Bætið hinum hráefnunum út í og látið matvinnsluvélina ganga þar til deigið festist saman.
Leggið smjörpappír í botninn á hringlaga smelluformi og smyrjið hliðarnar með olíu.
Þrýstið deiginu vel niður í formið svo það þeki allan botninn.
Geymið botninn í kæli meðan fyllingin er útbúin.

### Fylling

**3 dl kasjúhnetur, ásamt u.þ.b. einum dl vatni**
**2 dl kókosolía, bragð- og lyktarlaus, bráðin**
**4 dl fersk jarðarber**
**1 dl vegan rjómaostur, t.d. frá Oatly**
**¾-1 dl hlynsíróp**
**1 msk. vanilludropar**
**¾ dl sítrónusafi**
**Börkur af hálfri sítrónu**
**Salt**

Setjið kasjúhnetur, vatn og bráðna kókosolíu í matvinnsluvél og blandið þar til silkimjúkt.
Bætið afganginum af hráefnunum út í og blandið vel.
Hellið fyllingunni yfir botninn.
Ég ákvað að skera jarðarber í helminga og raða þeim með fram kantinum á forminu áður en ég hellti fyllingunni yfir.
Geymið kökuna í frysti þar til hún stífnar eða í kæli yfir nótt.
Eftir að kakan er stífnuð má taka hana úr forminu og skreyta að vild, t.d. með ferskum berjum.

## Mexíkóskar vefjur

**1 dós vegan rjómaostur, t.d. Oatly**
**1 dós vegan sýrður rjómi, t.d. Oatly**
**8 cm púrrulaukur**
**2-3 litríkar paprikur**
**2 avókadó**
**1 dós svartbaunir, skola vel**
**2 dl gular baunir, skola vel**
**1 tsk. sítrónusafi**
**1 lúka ferskt kóríander**
**Salt og pipar**
**Mexíkósk kryddblanda, eftir smekk**
**6 tortillavefjur**

Skerið púrrulauk, paprikur og avókadó smátt niður.
Skolið svartbaunirnar og gulu baunirnar í sigti.
Blandið öllum hráefnunum saman í stóra skál og smakkið til með kryddum.
Smyrjið blöndunni á tortillakökurnar og rúllið upp í vefjur.
Setjið vefjurnar í lokað fat og geymið í ísskáp yfir nótt. Skerið þær síðan niður í um 2 cm þykkar sneiðar daginn eftir og raðið á stóran disk. Sniðugt getur verið að stilla þeim upp í rönd og stinga tannstöngli í.

## Avókadó hrákaka

**1½ dl möndlur**
**3 dl ristaðar kókosflögur**
**8-10 medjool-döðlur, steinarnir teknir úr**
**1-2 tsk. kókosolía, bragð- og lyktarlaus**
**Salt**

Setjið möndlur og ristaðar kókosflögur í matvinnsluvél og malið í um 20 sek.
Bætið hinum hráefnunum út í og látið matvinnsluvélina ganga þar til deigið festist saman.
Leggið smjörpappír í botninn á hringlaga smelluformi og smyrjið hliðarnar með olíu.
Geymið botninn í kæli meðan fyllingin er útbúin.

### Fylling

**5-6 avókadó, fallega græn og fersk**
**6 límónur (lime), safinn kreistur úr þeim**
**2 dl kókosolía, bragð- og lyktarlaus**
**¾-1 dl hlynsíróp**
**1 tsk. vanilla, eða vanilludropar**
**Salt**
**Börkur af einni límónu**

Setjið öll hráefnin í blandara eða matvinnsluvél og blandið þar til silkimjúkt. Gott er að geyma hluta af hlynsírópinu og límónusafanum og hella varlega út í blandarann þar til sætt og súrt hefur náð jafnvægi.
Hellið fyllingunni yfir botninn.
Geymið kökuna í frysti þar til hún stífnar eða í kæli yfir nótt.
Eftir að kakan er stífnuð má taka hana úr forminu og skreyta að vild, t.d. með límónuberki eða kókosflögum.







**„Þeir eru frábærir sem skraut, hvort heldur sem er við inngang, borð eða jafnvel sem bakgrunnur í myndavegg. Þeir lífga svo sannarlega upp á veisluna og gleðja augað," segir Eva Rán Reynisdóttir verslunarstjóri.** MYND/STEFÁN

# Lífga upp á veisluna og gleðja augað

Blöðruvendirnar frá Panduro eru litríkir, skemmtilegir og fallegir. Þeir henta vel sem skraut og bakgrunnur.

Panduro í Smáralindinni býður upp á mikið úrval skemmtilegra og fallegra vara í tengslum við fermingarnar fram undan. Verslunin er sannarlega draumaverslun föndrarans þar sem auðvelt er að gefa sköpunargleðinni lausan tauminn segir Eva Rán Reynisdóttir verslunarstjóri. „Það sem við erum helst að bjóða upp á er efniviður til að föndra fermingarkortin, ýmiss konar borðskraut, fallegir skrautsteinar, pappírsdúskar, fánalengjur og helíumfylltar blöðrur. Svo erum við að sjálfsögðu með flest allt sem hugmyndaflugið getur unnið með, svo sem málningu, pappastafi, téstafi og fleira."

## Ólíkar útfærslur

Blöðruvendirnir njóta sívaxandi vinsælda hjá Panduro enda lífga þeir mikið upp á fermingarveislurnar, eins og raunar allar aðrar veislur. „Blöðruvöndurinn er vöndur sem samsettur er úr nokkrum mismunandi blöðrum. Við erum með margs konar staðlaða vendi sem hægt er að velja úr en jafnframt er líka hægt að velja vendi eftir eigin höfði. Það er ótrúlega gaman að sjá hvað fólk velur og að fá síðan að raða því saman í fallegan vönd."

## Frábært skraut

Vendirnir eru að sögn Evu Ránar lifandi, litríkir, skemmtilegir og fallegir. „Þeir eru frábærir sem skraut, hvort heldur sem er við inngang, borð eða jafnvel sem bakgrunnur í myndavegg. Þeir lífga svo sannarlega upp á veisluna og gleðja augað."

> **Blöðruvöndurinn er vöndur sem samsettur er úr nokkrum mismunandi blöðrum. Við erum með margs konar staðlaða vendi sem hægt er að velja úr en jafnframt er líka hægt að velja vendi eftir eigin höfði.**

## Pantið tímanlega

Eva Rán segir að þægilegast sé fyrir viðskiptavini að panta blöðruvendina með a.m.k. dags fyrirvara. „Þá sjáum við um að fylla á blöðrurnar í versluninni okkar og setja vendina saman. Þannig verða þeir endingarbetri og um leið fallegri. Ef hins vegar um einstakar blöðrur er að ræða og ef viðskiptavinir eru á hraðferð, þá að sjálfsögðu gerum við þetta á staðnum meðan þeir bíða."

# Hamingjuleitin er aðalmálið

**Ýmislegt hefur breyst frá því Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur Hallgrímskirkju, fermdist fyrir tæpum 53 árum í Neskirkju í vesturbæ Reykjavíkur. Í ár fermast yngstu börnin hans tvö.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Tæp 53 ár eru síðan Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur Hallgrímskirkju, fermdist en í ár fermast yngstu börnin hans, tvíburarnir Jón Kristján og Ísak. Starfsins vegna hefur hann séð fermingar þróast undanfarna áratugi betur en margir og segir þær snúast í æ meiri mæli um upplifun og innlifun. „Ferming var siður í samfélaginu og flestir fermdust áður fyrr. Kirkjan var eins og skólinn, stofnun sem var nýtt og sótt. Áherslan í fermingarundirbúningnum var því á fræðslu en er í dag meiri á upplifun og innlifun, sem getur orðið á kostnað fræðslu. Það er mjög áberandi hvað fermingarungmenni eru upptekin af hamingjunni. Ég hef í fimmtán ár kannað viðhorf fermingarungmenna og hamingjuleitin er þeim aðalmál. Það er æviverkefni að vinna að lífshamingjunni og fermingartíminn er mikilvægt skref á þeim vegi.“

## Einhæfnin er rofin

Sjálfur fermdist Sigurður árið 1966 og hefur margt breyst síðan þá. „Menningarsamhengið hefur breyst, einhæfnin er rofin og fjölbreytnin er meiri. En inntakið í fermingarundirbúningnum er jafn áleitið og fyrrum. Mér þótti allt fermingarferlið merkilegt og sagði alvöru já við Guði og lífinu. Fermingarungmenni nútímans grufla af miklum heilindum, spyrja gagnrýninna spurninga og skoða mál trúar með opnum huga. Þau eru raunverulega að glíma við mennsku sína og þar með Guð. Og nú er fram undan ferming tvíbura minna. Ég dáist að því hvað þeir eru tengdir sjálfum sér og opnir fyrir lífsreynslu og hugsa stóru málin.“

## Guð gefur lífið

Í fermingunni hljóma ekki aðeins já fermingarbarna segir Sigurður, heldur já, já, já Guðs. „Við erum oft með hugann við mannheima en gleymum stundum Guðsvíddinni. Mesta undrið í fermingunni er sama undrið og í skírninni. Guð gefur lífið og lofar að vera alltaf nærri. Guð svarar fermingarspurningunni ekki aðeins með fermingaryfirlýsingu: „Vertu trú(r) allt til dauða, og ég mun gefa þér kórónu lífsins.“ Guð svarar með því að gefa allt sem við þurfum til að lifa vel og með hamingju. Hvað er ferming? Já á jörðu og já á himni hljóma saman. Fermingarungmenni staðfesta lífið sem Guð gefur, staðfestir og viðheldur.“



Sigurður Árni Þórðarson ásamt sonum sínum, Jóni Kristjáni (t.v.) og Ísaki, en þeir fermast í ár. MYND/ERNIR



Sigurður Árni ásamt systur sinni, Kristínu Þórðardóttur, en þau fermdust saman í haustið 1966.

## Mættust á miðri leið

Ferming Sigurðar var eftirminnileg, ekki síst þar sem hann var yngri en hinir krakkarnir auk þess sem þau voru bara tvö fermingarbörnin í fermingarathöfninni í Neskirkju. „Ég var ekki fermdur að vori heldur haustið 1966. Við systkinin erum tvö og stutt á milli okkar. Ákveðið var að hafa eina fermingu og eina veislu. Systir mín er eldri og hún seinkaði fermingu sinni og ég fermdist hálfu ári á undan jafnöldrum mínum, var bara 12 ára. Við systkinin mættumst því á miðri leið og vorum fermd 23. október. Ég sótti fermingarfræðslu með krökkum á undan mér í aldri sem komu úr Hagaskóla en ég var úr Melaskóla. Í fermingarfræðslunni lærði ég 23 sálma, Biblíuvers og fræði Lúthers og við vorum ágætlega undirbúin.“

> „Menningarsamhengið hefur breyst, einhæfnin er rofin og fjölbreytnin er meiri. En inntakið í fermingarundirbúningnum er jafn áleitið og fyrrum.

## Sannkölluð tertuveisla

Fermingarveislan var haldin heima á Tómasarhaga og segir Sigurður hana hafa verið eins og framlag Íslands í heimsmeistarakeppni í tertugerð. „Stórfjölskyldan og fjölskylduvinir komu og m.a. biskupshjónin sem bjuggu hinum megin götunnar, Magnea og Sigurbjörn. Þau gáfu mér Biblíu sem Sigurbjörn skrifaði fallega í. Veislan endaði á eftirminnilegri myndasýningu um náttúruperlur Hornstranda en við systkinin vorum ekki spurð um útfærslu veislunnar en hún varð þó eftirminnilegur menningarviðburður.“

## Var sítengdur Guði

Eftir á að hyggja var kannski ekki skrýtið að Sigurður skyldi hafa valið sér þennan starfsvettvang. „Ég var sem barn sítengdur við Guð. Efni og andi, tími og eilífð, hafa alla tíð verið mér eining. Ég sótti að og í sjóinn við Ægisíðu og var á fjöllum og á kafi í veiði og náttúruupplifunum í sveitinni. Náttúra og yfirnáttúra voru systur og aldrei andstæður í lífi mínu. Fermingarfræðslan varð eitt af mörgum skrefum í minni lífsframvindu. Á menntaskólaárunum hætti ég við að verða læknir og ætlaði að læra líffræði en tók u-beygju varðandi náms- og starfsval um tvítugt og þá vegna veikinda.“




GEFÐU ÆVINTÝRI Í FERMINGARGJÖF
COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI
VERÐ 14.995 KR.
COLEMAN EXCURSION KÆLIBOX
VERÐ 8.995 KR.
COLEMAN MAXI SINGLE DÝNA
VERÐ 9.995 KR.
COLEMAN FYRESTORM MEÐ HELLU
VERÐ 18.995 KR.
COLEMAN KOBUK VALLEY 2 MANNA TJALD
VERÐ 18.995 KR.
THE NORTH FACE KUHTAI EVO 18 BAKPOKI
VERÐ 14.995 KR.
DUGGARAPEYSA
VERÐ 25.900 KR.
DEVOLD EXPEDITION ZIP BOLUR
VERÐ 12.995 KR.
ECCO XPEDITION III GÖNGUSKÓR
VERÐ 20.995 KR.
MOUNTAIN HARDWEAR EXPOSURE 2 GTX PACLITE
VERÐ 44.995 KR.
THE NORTH FACE APEX FLEX JAKKI
VERÐ 34.995 KR.
ZAMBERLAN VIOZ GTX GÖNGUSKÓR
VERÐ 34.995 KR.
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS
WWW.ELLINGSEN.IS



## Mavic Air

Mavic Air er ótrúlega meðfærilegur en um leið afkastamikill dróni fullur af möguleikum.

- 32 MP Sphere Panorama myndataka[1]
- Hægt að brjóta saman
- Þriggja ása gimbal & 4K myndavél
- Umhverfissskynjun
- SmartCapture
- 21 mínútu flugtími

Verð 114.990

Flymore kit 144.990*
*Taska, 2x aukarafhlöður, hleðslustöð, spaðavörn, auka spaðasett



## DJI SPARK

Spark er lítill dróni útbúinn DJI tækni. Spark gerir þér kleift að grípa augnablik hvenær sem þú vilt.

- Flugtími: 16 mínútur
- Hraði: 50 km/klst.
- Gimbal: Tveggja ása
- Drægni: 2 km
- Drægni Vision Positioning System: 30 m
- Myndupplausn: 12 MP

Controller combo 69.990

Flymore combo 89.990*
*1 aukabatterí, spaðavörn, hleðsludokka, auka spaðasett.



## Tello

Tello er frábær dróni sem hentar byrjendum einstaklega vel. Hægt er að forrita Tello í Scratch-umhverfinu.

Verð 19.990



## Osmo Pocket

Osmo Pocket er minnsta 3-ása myndavél með hristivörn sem DJI hefur nokkru sinni framleitt.

- Létt og meðfærileg
- 4K 60fps myndbandsupptaka
- Vélræn hristivörn
- Fjöldi aukahluta
- 140 mínútna rafhlöðuending

Verð 54.990



## Osmo Mobile 2

verð 19.990



dji | AUTHORIZED RETAIL STORE REYKJAVÍK

**VIÐURKENNDUR SÖLUAÐILI**
DJI Reykjavik er viðurkenndur sölu- og dreifingaraðili DJI vara á Íslandi.
Við bjóðum DJI vörur á svipuðu verði og erlendis.

**UM DJI**
DJI er stærsti drónaframleiðandi heimsins í dag með um 70% markaðshlutdeild.
DJI er þekkt fyrir gæði og góða þjónustu.

**KÍKTU VIÐ**
Við þekkjum DJI vörur eins og handarbökin á okkur. Kíktu í heimsókn til okkar ef þig vantar aðstoð eða ráðgjöf.




## Mavic 2 Pro

Mavic 2 Pro notast við Hasselblad-myndavélartækni til að tryggja myndgæði.

- Hasselblad-myndavél
- 1” CMOS myndflaga
- Stillanlegt ljósop
- 10-bita Dlog-M
- 10-bit HDR myndbandsupptaka
- Hyperlapse
- Flugtími 31 mín

Verð 209.990

HASSELBLAD

# GEFÐU HUGMYNDA-FLUGINU LAUSAN TAUM




## Mavic 2 Zoom

- 2x optískur aðdráttur (Optical Zoom)
- 1/2,3” CMOS myndflaga
- 48MP myndataka
- 4x stafrænn aðdráttur án þess að tapa gæðum
- (FHD myndbandsupptaka)
- Dolly Zoom
- Hyperlapse
- Flugtími 31 mín

Verð 179.990

dji | REYKJAVÍK
AUTHORIZED RETAIL STORE

Lækjargata 2a, 101 Reykjavík, djireykjavik.is



Fermingartertan með gullinu er glæsileg og gæti sómt sér vel í hvaða prinsessuveislu sem væri. Takið eftir skreytingunum og pinnakökunum. Allir litir eru útpældir á borðinu.



Þarna setti Berglind upp nammibar eins og vinsælt er í fermingum.



Harpa Karin gullfalleg á fermingardaginn sinn. Kjólinn pantaði hún frá asos. Móðir hennar bakaði afar glæsilegar tertur af öllum stærðum. Til dæmis tvenns konar kransakökur.

# Fermingarterta skreytt með gulli

Berglind Hreiðarsdóttir hefur haldið úti glæsilegri bloggsíðu þar sem sjá má gullfallegar tertur. Berglind bauð upp á gulltertu í fermingu dóttur sinnar og gefur hér uppskriftina að henni.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Berglind er vinsæll bloggari en síðan hennar nefnist gotteri.is. Þar geta lesendur kynnst alls kyns girnilegum kökum en Berglind hefur haldið námskeið í kökugerð. „Næsta ferming hjá mér verður eftir fjögur ár og ég er strax farin að hlakka til. Mér finnst þetta svo skemmtilegt,“ segir hún. „Bakstur hefur alltaf verið stórt áhugamál hjá mér. Margir leita til mín fyrir fermingar og brúðkaup. Ég var sjálf mjög skipulögð og samviskusöm þegar ég fermdi 2017. Fólk getur séð á síðunni minni hvernig ég setti upp smárétti fyrir veisluna miðað við ákveðinn fjölda.

Dóttir mín, Harpa Karin Hermannsdóttir, hafði líka ákveðnar skoðanir og við plönuðum þetta í jólafríinu hennar. Við vorum sem sagt mjög skipulagðar,“ segir Berglind. „Við pöntuðum til dæmis allar skreytingarnar á netinu og það er gott að vera tímanlega í því. Hún valdi síðan kjól í stíl sem við pöntuðum á asos. Harpa er núna að klára tíunda bekk í Varmárskóla og svo tekur alvaran við næsta vetur í framhaldsskóla,“ segir Berglind sem segist trúa því að næst þegar hún þarf að ferma verði tískan líklega orðin svolítið breytt.




Berglind er mikill snillingur í kökubakstri og henni finnst ótrúlega skemmtilegt að halda veislu. Hún hlakkar til næstu fermingar. MYND/EYÞÓR

## Fermingarterta með gulláferð

(uppskriftin dugar fyrir 3 form, 6, 8 og 12˝)

Hér þarf að notast við smelluform og kökuplast (fæst í Allt í köku en einnig oft hægt að fá að kaupa í bakaríum). Eftir að kökubotnar hafa verið bakaðir þarf að klæða smelluformið að innan með kökuplasti og raða lögunum saman inni í því. Mikilvægt er að vera einnig með pappaspjöld fyrir tvo minni botnana og „burðarsúlur“.

### Brownie botnar

- 450 g smjör
- 285 g sykur
- 210 g púðursykur
- 6 egg
- 600 g suðusúkkulaði
- 1 tsk. salt
- 5 msk. bökunarkakó
- 225 g hveiti
- 7 msk. volgt vatn
- 4 tsk. vanilludropar

Þeytið saman sykur (báðar tegundir) og smjör þar til létt og ljóst. Bætið eggjunum saman við einu í einu og skafið á milli. Bræðið súkkulaðið og hrærið í blönduna. Setjið þurrefnin út í og loks vatnið og vanilludropana. Klæðið smelluform með bökunarpappír í botninn og spreyið PAM á hliðarnar. Skiptið deiginu á milli formanna svo allir botnarnir verði svipaðir á þykkt. Bakið í 175° heitum ofni í um 30-35 mínútur eða þar til prjónn kemur út með smá kökumylsnu á endanum (ekki blautu deigi). Kælið og geymið þar til allt annað er tilbúið.

### Svampbotnar

- 6 egg
- 570 g sykur
- 375 g hveiti
- 3 tsk. lyftiduft
- 300 ml vatn
- 150 g smjör

Þeytið saman sykur og egg þar til létt og ljóst. Hitið saman vatn og smjör og leggið til hliðar. Blandið hveiti og lyftidufti saman við eggjablönduna og loks vatni og smjöri þegar bráðið. Skiptið niður í formin þrjú. Bakið við 200°C í um 15 mínútur eða þar til botnarnir verða gullinbrúnir. Kælið og skiptið síðan hverjum botni í tvennt með kökuskera, geymið þar til síðar.

### Jarðarberjamús

- 15 gelatínblöð
- 230 g sykur
- 1 kg jarðarber (maukuð í blandara)
- 5 msk. sítrónusafi
- 1 l rjómi (þeyttur)

Leggið gelatínblöðin í bleyti í um 1 lítra af köldu vatni. Hitið saman maukuð berin, sítrónusafann og sykurinn þar til heitt (alls ekki sjóða). Bætið gelatíni saman við berjablönduna, hafið hana á vægum hita og hrærið vel á milli hvers blaðs. Hitið þar til vel blandað (um 5 mín.) og færið þá yfir í skál og leyfið að ná stofuhita. Því næst má kæla blönduna í um klukkustund en hræra vel í henni á milli. Um leið og blandan fer að verða hlaupkennd má blanda henni saman við þeytta rjómann með sleif og smyrja ofan á brownie botnana. Kælið og leyfið músinni að taka sig áður en haldið er áfram (a.m.k. 1 klst.).

### Þeyttur rjómi og samsetning

- 1 l þeyttur rjómi á milli svampbotnanna

Stífþeytið rjómann og haldið því næst áfram með samsetninguna. Fyrri svampbotninn settur ofan á jarðarberjamúsina, því næst þeyttur rjóminn og loks seinni svampbotninn. Nú þarf að plasta kökurnar og kæla í að minnsta kosti 4 klukkustundir eða yfir nótt. Smelluforminu er þá smeygt af og plastið fjarlægt. Kakan ætti að vera stíf og fín. Hér þarf að hjúpa hverja köku með þunnu lagi af hvítu smjörkremi, stafla henni með stoðum og skreyta að vild. Að þessu sinni notaði ég orkídeur, rósir, brúðarslör og litlar makkarónur (litaði ljósar makkarónur með gulldufti).




SPORTÍS

Mörkin 6 | 108 REYKJAVÍK | 520-1000 | SPORTIS.IS







Eldur með foreldrum sínum, Jóhönnu Björgu og Eiríki Unnari Kristbjörnssyni, og systkinum sínum, þeim Önnu Sól, Stormi Sæ og Frosta Hrafni. MYNDIR/RÖGNVALDUR HELGASON



# Tók siðfestu á Þingvöllum

Eldur Árni Eiríksson tók siðfestu að heiðnum sið á allsherjarþingi Ásatrúarfélagsins á Þingvöllum í júní 2017. Móðir Elds, Jóhanna Björg, saumaði föt í víkingastíl á alla fjölskylduna fyrir athöfnina.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Öll fjölskylda Elds er í Ásatrúarfélaginu. „Krakkarnir fá vitanlega að velja hvort það sé sú stefna sem þau vilja taka inn í lífið eða hvort þau kjósi að fara aðra leið. Eldur valdi ásatrúna, “ segir Jóhanna en bendir á að honum hafi allir aðrir möguleikar verið opnir. Boðskapur ásatrúarinnar var Eldi hugleikinn þegar hann valdi að taka siðfestu. „Ég er sjálfur ekkert mikið í ásatrúnni sjálfri heldur er ég meira hrifinn af því sem ásatrúin og heiðinn siður hefur í för með sér, eins og að vera heiðarlegur og bera virðingu fyrir öðrum,“ segir Eldur en hann sótti fræðslu hjá Ásatrúarfélaginu og lærði um Hávamál og ýmislegt fleira.

Athöfnin fór fram fimmtudagskvöldið 22. júní 2017 á Þingvöllum á allsherjarþingi Ásatrúarfélagsins, en veislan var haldin daginn eftir. Tveir goðar framkvæmdu athöfnina, þau Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði og Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði.

„Athöfnin var vægast sagt geggjuð. Eldur valdi að taka siðfestu á allsherjarþingi í Almannagjá. Veðrið var æðislegt og örugglega um þrjú hundruð manns á staðnum, bæði fólk úr Ásatrúarfélaginu og ferðamenn sem dreif að,“ lýsir Jóhanna en aðeins nánasta fjölskylda Elds mætti á athöfnina ásamt þremur bestu vinum Elds og foreldrum þeirra.

Athöfnin fór þannig fram að Eldi var skipað í sæti í brekkunni ásamt goðum félagsins. Farið var í ýmis mál tengd þinginu áður en vikið var að siðfestunni. Eldur fór með erindi úr Hávamálum sem hann hafði valið sér og lært og síðan fór Hilmar allsherjargoði með erindi númer 68 úr Hávamálum, Eldi til heiðurs.

*Eldur er bestur*
*með ýta sonum*
*og sólar sýn,*
*heilyndi sitt,*
*ef maður hafa náir,*
*án við löst að lifa.,*
***Hávamál, gestaþáttur, kvæði 68.***

Að þessu loknu voru Eldi drukkin heill úr horni goða. „Eldur hefur drukkið heill við ýmis tilefni en alltaf hefur verið vatn eða malt í horninu. Hann hrökk því svolítið í kút þegar hann var búinn að taka gúlsopa af pilsner,“ segir Jóhanna og kímir.

Hornið var látið ganga til allra nærstaddra til þess að fólk mætti drekka drengnum heill. „Fólk ýmist saup af horninu eða lyfti því. Sumir sögðu nokkur hlý eða hvetjandi orð sem fylgdu á meðan aðrir létu nægja að lyfta horninu hátt yfir höfuð og segja „heill“.

## Saumaði fötin á fjölskylduna

Öll fjölskyldan klæddist fögrum víkingaklæðum á siðfestudaginn og í veislunni daginn eftir. Jóhanna sjálf saumaði öll fötin og vann allan útsaum í höndum. „Ég ætla að sauma fermingarfötin á öll börnin í framtíðinni. Mér finnst það falleg hefð og svolítið eins og ég sé að senda þau vel búin úr pilsfaldinum hjá mér inn í fullorðinsárin,“ segir hún.

„Mamma var mestmegnis við stjórnina með fötin en ég gat komið með tillögur,“ segir Eldur.

Veislan var ekki í sérstökum víkingastíl utan þess að fjölskyldan klæddist sömu fötum og í athöfninni daginn áður. „Eldur fékk að vera með í ráðum þegar kom að veisluundirbúningi. Honum þótti snilld að bjóða upp á hamborgara og í desert hafði ég dulbúið Rice Crispies köku sem marsipantertu. Það var frekar fyndið að sjá upplitið á sumum frænkunum.“

Þegar kom að því að bjóða til borðs fór Eldur nokkuð óvenjulega leið. „Í stað þess að bjóða í borðaröð byrjaði hann á því að bjóða öllum gestum yngri en 10 ára auk aðstoðarfólks. Því næst bauð hann fólki eldra en sextíu ára og loks þeim sem teljast nokkur fráir á fæti og með getu til þess að bíða.“



Eiríkur Unnar með Önnu Sól.



Jóhanna Björg með Frosta Hrafn.


BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242
Nýjar vörur



Þórður Bjarni Baldvinsson er einlægur áhugamaður um Harry Potter og ákvað að hafa þemað í fermingarveislu sinni tengt galdrastrákn- um. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Fundu skraut í Góða hirðinum

Þórður Bjarni Baldvinsson fermdist í Seljakirkju á skírdag í fyrra. Í veislunni var Harry Potter þema enda er Þórður einlægur aðdáandi . Skrautið kom úr nytjaverslunum og ýmsum geymslum.


## Nýjar fermingarmöppur




Mappan geymir myndir, gestabók og kort

Varðveittu minningarnar um fermingardaginn á einum stað

Múlalundur Vinnustofa SÍBS
Reykjalundur | 270 Mosfellsbær
Sími 562 8500 | www.mulalundur.is

MÚLALUNDUR


Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Áhugi Þórðar á Harry Potter á sér langa sögu. „Ég held ég hafi verið um fjögurra ára gamall þegar ég horfði á fyrstu tvær Harry Potter myndirnar á íslensku. Síðan þá hef ég haft rosalega mikinn áhuga á öllu sem tengist Harry Potter,“ segir Þórður sem deilir áhuga sínum með systur sinni Steinunni sem er þrettán árum eldri en hann. „Við erum mjög góðir vinir, eigum allar bækurnar og allar myndirnar og horfum á þær reglulega.“

Þegar kom að fermingunni kom því ekkert annað til greina en að velja Harry Potter þema í skreytingum. „Við keyptum langmest af skrautinu á nytjamörkuðum og í Góða hirðinum. Við vorum lengi að safna saman bæði skrauti og Harry Potter bókunum sem við notuðum líka sem skraut. Síðan skreyttum við borðin sem voru fjögur löng eins og heimavistarborðin í myndunum og bókunum,“ lýsir Þórður en meðal muna sem keyptir voru á nytjamörkuðunum voru gamaldags kertastjakar og annar álíka borðbúnaður. Einnig fengu þau að skoða í geymslur hjá ömmum og öfum fermingarbarnsins til að gramsa eftir álitlegu skrauti. „Eftir veisluna gáfum við síðan allt aftur til nytjamarkaða og reyndum þannig að gera góðverk um leið og við héldum veisluna.“

Þórður fermdist á skírdag í fyrra í Seljakirkju. Veislan var haldin í safnaðarheimilinu. Boðið var upp á heitan mat og tertur í eftirrétt en fermingarbarnið lét ekki sitt eftir liggja í veisluundirbúningnum. „Ég reyndi að taka sjálfur þátt með því að skreyta, elda og baka,“ segir Þórður sem segist hafa fengið að ráða flestöllu sem sneri að veislunni.

Fermingarfötin voru hefðbundin jakkaföt en hins vegar stóð gestum til boða að sveipa yfir sig skikkju í Hogwarts-stíl við sérstakan myndavegg og láta smella af sér mynd. „Fólki fannst Harry Potter þemað mjög skemmtilegt og var duglegt að nota myndavegginn.“



Harry setti svip á veisluborðið.




Þemað var víða sjáanlegt.

Harry Potter áhugi Þórðar og systur hans hefur síst dvínað á því ári sem er liðið frá fermingunni. Nú hlakka þau til næstu Fantastic Beasts myndarinnar en þær myndir hafa tekið við af Harry Potter myndunum enda gerast þær í sama galdraheimi. „Við systir mín förum alltaf á frumsýningarnar á þessum myndum. Viljum sjá þær strax,“ segir Þórður. Hann segir jafnaldra sína skilja áhugamálið, sér í lagi einn af vinum sínum sem deili áhuganum. „Við horfum saman á gömlu myndirnar aftur og aftur. Þær eldast svo vel.“



Kafað var í hillur nytjaverslana og geymslur hjá ömmum og öfum til að finna réttu skrautmunina.



Þessi gæðarúmföt frá ítalska merkinu Quagliotti eru gerð úr 600 þráða satíni. MYND/RÚMFÖT.IS



Bestu rúmfötin koma frá Ítalíu. Þau hafa eiginleika sem Björn hefur ekki fundið hjá neinum öðrum framleiðendum. Hægt er að kynna sér úrvalið á www.rumfot.is. MYND/RÚMFÖT.IS



Rúmföt.is sérhæfir sig í hágæða rúmfötum úr allra flottustu damask- og satínefnum sem til eru. MYND/EYÞÓR



Góð rúmföt eru aðeins dýrari, en þau endast líka lengur og eru einstaklega þægileg. MYND/EYÞÓR

# Ítölsk gæði tryggja góðan svefn




Björn Heiðdal, verslunarstjóri Rúmföt.is, segir að góð rúmföt geti bætt svefngæði verulega. MYND/EYÞÓR

Hjá Rúmföt.is er hægt að fá hágæða rúmföt úr fínustu efnum sem til eru. Góð rúmföt geta bætt svefngæði og við eyðum stórum hluta ævinnar í rúminu, svo það er full ástæða til að vanda valið.

Við eyðum einum þriðja hluta ævinnar í rúminu. Það eru ansi margir klukkutímar. Hvers vegna ættum við ekki að vilja láta okkur líða sem best þann tíma?“ segir Björn Heiðdal, verslunarstjóri Rúmföt.is.

„Lykillinn að góðum svefni, fyrir utan gott rúm og sæmilega heilsu, eru rúmfötin,“ segir Björn. „Margir átta sig kannski ekki á því, en það getur bætt svefngæðin verulega að sofa í mjúkum og hreinum rúmfötum.“

## Bjóða upp á einstök gæði

„Það er vissulega hægt að kaupa sæmileg rúmföt víða á Íslandi, en líkurnar á að finna hágæða lúxusrúmföt í næstu verslun eru nánast engar,“ segir Björn. „Rúmföt.is er ný rúmfataverslun sem sérhæfir sig í hágæða rúmfötum úr allra dýrustu og flottustu damask- og satínefnum sem til eru.

Ég elska að gleðja fólk og selja góð rúmföt. Að sama skapi þoli ég ekki rúmföt úr lélegum efnum,“ segir Björn. „Bestu rúmfötin mín koma frá Ítalíu. Það er eitthvað alveg sérstakt við þessi ítölsku rúmföt sem ég hef ekki fundið hjá neinum öðrum framleiðendum. Vissulega eru rúmfötin aðeins dýrari en önnur, en þau endast líka lengur og þú færð varla þægilegri rúmföt til að sofa í.

Við seljum m.a. rúmföt frá ítalska fyrirtækinu Quagliotti, en það er lítið fjölskyldufyrirtæki í nágrenni Tórínó sem var stofnað árið 1933 af Vincenzo Quagliotti,“ segir Björn. „Fyrirtækið sérhæfir sig í hágæða rúmfötum fyrir fimm stjörnu lúxushótel og aðra vandláta viðskiptavini. Aðeins sérvalin langþráða bómull frá Egyptalandi eða Perú er notuð til að búa til þessi silkimjúku gæðarúmföt.

Mottó búðarinnar er: Bara það besta er nógu gott. Ég spyr aldrei hvað er ódýrast þegar ég tala við framleiðendur, bara hvað er best,“ segir Björn. „Ég lækka frekar álagninguna en að slá af gæðunum.“

> Lykillinn að góðum svefni, fyrir utan gott rúm og sæmilega heilsu, eru rúmfötin.
>
> **Björn Heiðdal, verslunarstjóri Rúmföt.is**

Rúmföt.is er opin milli 12-18 virka daga og 11-15 laugardaga. Sími: 565 1025, www.rumfot.is.

# Góðgæti fyrir standandi gesti

Snorri Victor Gylfason, yfirkokkur á Vox, gefur hér uppskriftir að nokkrum gómsætum fermingarréttum sem henta vel til að borða í veislum þar sem ekki er endilega sæti fyrir alla.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Það hentar ekki öllum að hafa sitjandi borðhald og því geta fylgt ýmsir kostir að hafa gesti standandi í fermingarveislum. Þannig spjallar fólk meira saman og hópurinn blandast betur. Veitingarnar geta líka sem best verið sniðnar að þessu fyrirkomulagi, eins og til dæmis þessir dýrindis réttir sem Snorri hjá Vox hefur sett saman og gefur hér uppskriftir að.



Snorri Victor Gylfason á Vox.

## Arachini-bollur

- 400 g bygg
- 500 g kjúklingasoð
- 100 g rjómi
- 1 stk. skalottlaukur
- 1 stk. hvítlauksgeiri
- 1 dl hvítvín eða edik
- 200 g parmesan-ostur
- 200 g brauðraspur
- 100 g eggjarauður
- 100 g hveiti

Skolið byggið með köldu vatni. Hitið olíu í potti og steikið byggið þar til það er kominn smá litur á það. Bætið þá fínt söxuðum lauk og hvítlauk við og látið malla með. Hellið ediki eða víni yfir og sjóðið niður. Bætið kjúklingasoði við í litlum skömmtum og látið sjóða niður á milli. Bætið við rjóma og sjóðið þar til byggottóið er orðið þykkt. Bætið fínrifnum parmesan saman við. Kælið byggið niður, gerið svo litlar kúlur og frystið. Þegar á að bera fram kúlurnar er þeim fyrst velt upp úr hveiti, svo eggjarauðu og þar næst brauðraspi og endurtakið tvisvar sinnum. Djúpsteikið síðan á 180°C þar til þær eru gullinbrúnar. Þessar bollur er gott að bera fram með pastasósu.



Arachini-bollurnar eru gómsætar með góðri pastasósu.



Marineruð kjúklingaspjót með kryddmajónesi.

## Mjúkt takó

- 250 g tígrisrækjur
- 100 g arabiata tómatsósa
- 100 g piparrót
- 100 g rauðlaukur sýrður í blöndu sem er 100 ml vatn, 100 g sykur og 100 ml edik
- 3 stk. vorlaukur
- 20 stk. lítil taco brauð
- 200 g hrásalat

Rífið piparrótina út í hrásalatið. Steikið rækjurnar og veltið upp úr tómatsósunni. Skerið rauðlaukinn í sneiðar og hellið edikskleginum yfir, látið bíða 15 mínútur. Skerið vorlaukinn smátt niður og raðið svo öllu saman í takóbrauðin.

## Kjúklingaspjót

### Marinering

- 1 þumall ferskur engifer
- 200 ml sojasósa
- 2 geirar hvítlaukur
- 200 ml sushi-edik
- 25 g shiracha eða sambal
- 250 g kjúklingalæri (u.þ.b. þrír bitar úr hverju læri)
- 50 g sesamfræ
- 200 ml hotspot teriaki-sósa
- 50 g ferskur kóríander
- 150 ml kryddmajónes

Marinerið kjúklinginn í um 30 mín. og eldið hann þá í ofni við 250°C í 15-20 mín. Skerið lærin í þrennt, setjið á spjót og hellið sesamfræjum, teriaki og kóríander yfir. Berið fram með kryddmajónesi.



Þessi litlu rækjutakó eru einstaklega handhæg og bragðgóð í veisluna.






# SPORT 24

Íþróttavöruverslun




## Öll helstu merkin á einum stað

adidas

NIKE

hummel

PUMA

**Opnunartími**

Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook

# Fermingarmyndin yfirleitt elst vel

A-landslið kvenna í fótbolta hefur þátttöku í Algarve Cup 2019 í Portúgal á morgun og leikur við Kanada og Skotland á næstu dögum. Hér rifja nokkrar landsliðskonur upp ferminguna sína.

## Elín Metta Jensen,

leikmaður Vals.



*Hvenær fermdist þú?*
Ég fermdist í Háteigskirkju í Reykjavík árið 2009.
*Hvað er minnisstæðast frá undirbúningnum og deginum?*
Ég eyddi talsverðum tíma í að finna fín föt fyrir daginn og endaði á að velja mér grámunstraðan kjól úr búð í Kringlunni og klæddist túrkísbláum sokkabuxum við hann. Síðan fékk ég að fara í hárgreiðslu hjá hárgreiðslukonu sem setti slöngulokka í mig. Ég held þetta hafi verið ágætis „lúkk“ miðað við aðstæður. Reyndar man ég ekkert sérstaklega eftir athöfninni sjálfri, sem er kannski svolítið sorglegt.
*Hvaða veitingar var boðið upp á?*
Þær voru frekar dæmigerðar fyrir fermingarveislu, t.d. snittur, kökur og kleinur. Mér fannst klassísku veitingarnar bestar, þ.e. pönnukökurnar og flatkökur með hangikjöti.
*Fékkstu góðar gjafir?*
Ég var mjög ánægð með gjafirnar. Ég fékk alls konar fína skartgripi og veglegar bækur, en Nikon myndavélin frá mömmu og pabba sló samt mest í gegn.
*Hvernig hefur fermingarmyndin elst?*
Ég fór ekki í fermingarmyndatöku, en mamma tók mynd af mér og Ingunni vinkonu minni fyrir utan Háteigskirkju. Það var ágætis mynd og hún eldist alveg ágætlega.

## Hallbera Guðný Gísladóttir,

leikmaður Vals



*Hvenær fermdist þú?*
Ég fermdist í Akraneskirkju 16. apríl árið 2000.
*Hvað er minnisstæðast frá undirbúningnum og deginum?*
Það var að fá að velja föt og skó fyrir stóra daginn ásamt því að finna út hvernig hárgreiðslan átti að vera. Mér fannst ég agalega smart á sínum tíma en það er svo sem alveg hægt að deila um það í dag. Síðan var ákveðin spenna að fá að fara í hvíta kyrtilinn og ganga til altaris í fyrsta (og eina) skiptið.
*Hvaða veitingar var boðið upp á?*
Veitingarnar í veislunni voru nokkuð hefðbundnar, kökuhlaðborð og kaffi. Ég valdi reyndar ístertu og Rice Krispies kransaköku í staðinn fyrir rjómatertu og marsipan kransaköku og var alsæl með það.
*Fékkstu góðar gjafir?*
Ég var virkilega ánægð með gjafirnar sem ég fékk en skartgripir og reiðufé er svona það helsta sem stóð upp úr, auk þess sem ég fékk „nýtt herbergi“ frá foreldrum mínum.
*Hvernig hefur fermingarmyndin elst?*
Fermingarmyndin mín eldist alveg ágætlega held ég. Ég var seinþroska svo ég var ekki komin almennilega á þetta vandræðalega unglingaskeið, heldur leit frekar út eins og ég væri tíu ára.

## Fanndís Friðriksdóttir,

leikmaður Vals.



*Hvenær fermdist þú?*
Ég fermdist í Landakirkju í Vestmannaeyjum 3. apríl árið 2004.
*Hvað er minnisstæðast frá undirbúningnum og deginum?*
Það voru fermingarfræðslutímarnir sem maður reyndi að komast hjá eftir bestu getu. Mér er t.d. minnisstætt að við áttum að læra texta utanbókar og segja fyrir framan prestinn. Þegar kom að veislunni reyndist mikill hausverkur að finna föt til að klæðast auk þess sem það fór mikill undirbúningur í að brjóta saman servíetturnar sem áttu að vera á borðunum og þræða á þær perlur.
*Hvaða veitingar var boðið upp á?*
Ég man ekki mikið eftir veitingunum sjálfum en borðið var mjög fagmannlega skreytt af móður minni. Sjálf er ég ekki mikil kökumanneskja en ég man að ég bað um að boðið yrði upp á Rice Krispies köku.
*Fékkstu góðar gjafir?*
Ég fékk fullt af fallegum gjöfum, t.d. mikið af skartgripum sem voru úr sömu skartgripaversluninni í Vestmannaeyjum. Eftir veisluna skipti ég öllu skartinu í einn fallegan hring sem ég svo týndi í einni U-17 ára landsliðsferðinni.
*Hvernig hefur fermingarmyndin elst?*
Bara ágætlega, það er a.m.k. gaman að skoða gamlar fermingarmyndir.

## Guðbjörg Gunnarsdóttir,

leikmaður Djurgården.



*Hvenær fermdist þú?*
Það var í Fríkirkjunni í Hafnarfirði árið 1999
*Hvað er minnisstæðast frá undirbúningnum og deginum?*
Það helsta var að undirbúningurinn hófst við fjögurra ára aldur þegar ég pantaði kransaköku frá frænda mínum í Sandholt bakaríi.
*Hvaða veitingar var boðið upp á?*
Það var heitur matur með innbökuðu lambalæri og öðrum heitum réttum ásamt meðlæti. Í forrétt var kaldur rækjuréttur. Eftirrétturinn, kransakakan, var klárlega hápunktur veislunnar. Bakarinn sagðist aldrei hafa fengið pöntun svona snemma. Hann hafði góð tíu ár til að undirbúa hana enda minnti ég hann reglulega á það.
*Fékkstu góðar gjafir?*
Við Tinna Bergs, æskuvinkona mín, fengum stóra bláa GSM síma sem okkur fannst geggjaðir. Það var frítt að senda SMS allt sumarið svo við sendum SMS okkar á milli alla daga og nætur sem var í algjöru uppáhaldi.
*Hvernig hefur fermingarmyndin elst?*
Ég var hálfblind á þessum aldri með stór kringlótt Harry Potter gleraugu og á því myndir með og án gleraugna. Myndirnar án gleraugna eru töluvert betri.

## Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir,

leikmaður Utah Royals FC.



*Hvenær fermdist þú?*
Ég fermdist í október árið 2002. Þar sem ég flutti heim frá Bandaríkjunum um sumarið þurfti ég að fermast hálfu ári seinna en jafnaldrar mínir.
*Hvað er minnisstæðast frá undirbúningnum og deginum?*
Það sem er minnisstæðast er að ég fékk að fermast með bestu vinkonu minni sem var líka að flytja heim frá Bandaríkjunum. Í dag erum við enn bestu vinkonur.
*Hvaða veitingar var boðið upp á?*
Það voru þessar veitingar, t.d. kransakaka, heitir réttir og kökur sem ömmur og afar og fjölskylda bjuggu til. En þar sem ég hef mjög einfaldan smekk var uppáhaldsrétturinn minn flatkökurnar með hangikjöti.
*Fékkstu góðar gjafir?*
Það var mikið verið að gefa pening en uppáhaldsgjöfin mín var fjólublá ferðataska sem ég fékk frá Yrsu frænku minni og fjölskyldu.
*Hvernig hefur fermingarmyndin elst?*
Ég veit ekki hvað kom upp á í tengslum við fermingarmyndirnar mínar en ég er búin að fela þær allar. Þannig að þær hafa ekki elst vel.







# GEFÐU ÆVINTÝRI Í FERMINGARGJÖF






**COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI**
VERÐ 14.995 KR.

**COLEMAN EXCURSION KÆLIBOX**
VERÐ 8.995 KR.

**COLEMAN MAXI SINGLE DÝNA**
VERÐ 9.995 KR.

**COLEMAN FYRESTORM MEÐ HELLU**
VERÐ 18.995 KR.






**COLEMAN KOBUK VALLEY 2 MANNA TJALD**
VERÐ 18.995 KR.

**THE NORTH FACE KUHTAI EVO 18 BAKPOKI**
VERÐ 14.995 KR.

**DUGGARAPEYSA**
VERÐ 25.900 KR.

**DEVOLD EXPEDITION ZIP BOLUR**
VERÐ 12.995 KR.






**ECCO XPEDITION III GÖNGUSKÓR**
VERÐ 20.995 KR.

**MOUNTAIN HARDWEAR EXPOSURE 2 GTX PACLITE**
VERÐ 44.995 KR.

**THE NORTH FACE APEX FLEX JAKKI**
VERÐ 34.995 KR.

**ZAMBERLAN VIOZ GTX GÖNGUSKÓR**
VERÐ 34.995 KR.

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**WWW.ELLINGSEN.IS**


Epla-crumble með kanil og súkkulaði.


Graskerssúpa með límónu og chili.


Lúxus piparhamborgari með sætri kartöflu.

# Fjölbreytnin í fyrirrúmi

Kara Guðmundsdóttir, matreiðslumaður hjá Fiskifélaginu og meðlimur kokkalandsliðsins, gefur hér lesendum nokkrar skemmtilegar uppskriftir í fermingarveisluna.


Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is




Fyrsta ráð sem Kara Guðmundsdóttir, matreiðslumaður hjá Fiskifélaginu, gefur er að ofhugsa ekki hlutina þegar kemur að veitingum. „Það er betra að gefa sér meiri tíma í færri rétti svo gestir njóti færri betri rétta, frekar en of margra misgóðra rétta. Það er gott að vita af ýmsum sérþörfum, hvort gestir hafi ofnæmi og góður tími og undirbúningur skiptir miklu máli. Auk þess er góð regla í fermingarveislum að hafa a.m.k. einn grænmetisrétt, jafnvel tvo.“ Hér gefur Kara lesendum þrjár uppskriftir.

## Graskerssúpa með lime og chili

Fyrir 35 manns

**4 stk. meðalstór grasker**
**700 g saltað smjör**
**400 g púðursykur**
**½ stk. rautt chili, smátt saxað og fræhreinsað**
**3-5 límónur**
**2 l rjómi**
**Smakkið til með salti**

Skerið graskerin langsum í tvennt og hreinsið kjarnann úr. Bútið smjörið yfir hvern helming og stráið púðursykri yfir. Bakist við 170°C með blæstri þar til graskerið er eldað í gegn (u.þ.b. 30-45 mín.). Takið graskerið úr ofninum og takið allt kjötið úr hýðinu, með t.d. skeið. Næst er graskerið sett í pott ásamt rjóma og chili. Maukið saman með töfrasprota. Mikilvægt er að allt sé heitt á meðan svo maukið nái mjúkri áferð. Skrælið börkinn af límónunum með rifjárni og passið að hvíta fari ekki með. Kreistið safann úr límónunum í súpuna, setjið börkinn í súpuna og smakkið til með salti og lime-safa.

## Lúxus piparhamborgari með sætri kartöflu

Fyrir 35 manns

**35 stk. hamborgarabrauð**
**35 stk. hamborgarabuff**
**8 stk. piparostur**
**6 stk. sætar kartöflur**
**8 stk. rauðlaukar**
**7 stk. rauð paprika**
**1 kg sveppir**
**1 búnt ferskt garðablóðberg (timían)**
**1 kg majónes**
**400 g Dijon-sinnep**
**100 g smjör**

Hrærið saman majónes og sinnep og setjið til hliðar. Skrælið sætu kartöflurnar og skerið í 1 cm þykkar skífur. Skerið piparostinn niður í sneiðar. Bakið kartöflurnar í ofni við 180°C í 10 mínútur. Raðið ostinum ofan á og bakið í 15 mín. Skerið sveppina, paprikuna og laukinn og setjið til hliðar. Steikið sveppina á heitri pönnu á háum hita með olíu og salti. Þegar sveppirnir byrja að brúnast skal bæta við smjöri og fersku garðablóðbergi. Leyfið smjörinu að freyða til að ná fullkominni steikingu og takið af pönnu. Steikið hamborgarana á pönnu með salti. Steikið í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Gott er að setja brauðin í ofn í 5 mínútur til að ná hita en ef hægt er skal setja það á grillið, 2-3 sekúndur á hvorri hlið. Smyrjið sósu á botnbrauðið og bætið við sveppunum, kjötinu, paprikunni og lauknum. Að lokum kemur sæta kartaflan með ostinum.


Kara Guðmundsdóttir, matreiðslumaður hjá Fiskifélaginu. MYNDIR/STEFÁN

## Epla-crumble með kanil og súkkulaði

Fyrir 35 manns

**400 g hveiti**
**400 g saltað smjör**
**400 g púðursykur**
**400 g möndlumjöl**
**8 stk. græn epli**
**300 g sykur**
**3 msk. kanill**
**Sítrónusafi**
**3 plötur súkkulaði (t.d. mjólkur- eða karamellusúkkulaði. Persónulega vel ég dökkt).**
**1,5 l rjómi**

Skerið eplin í miðlungs bita (2 cm x 2 cm) og kreistið safa úr einni sítrónu yfir svo þeir verði ekki brúnir. Stráið kanilsykri yfir og blandið saman. Setjið þurrefnin ásamt smjörinu í skál og vinnið saman með höndunum. Setjið eplin í eldfast mót og stráið deiginu yfir þannig að það nái yfir eplin. Hægt er að geyma réttinn á þessu stigi í kæli í heilan dag, áður en hann er bakaður. Að lokum er rétturinn bakaður við 170°C með blæstri í 35-45 mín. Saxið súkkulaðið í ræmur og setjið yfir um leið og rétturinn kemur úr ofninum. Þeytið rjómann og berið fram heitt.




# Blái liturinn er vinsæll hjá fermingardrengjum

**Fermingarstrákar hafa sterkar skoðanir á því hvernig þeir vilja klæðast á fermingardaginn. Starfsfólk Selected og Jack & Jones finnur vel fyrir því en strákarnir sækja mikið í þessar tvær verslanir.**



Jack & Jones er stútfull af fallegum og þægilegum sparifötum á strákana fyrir fermingardaginn MYND/ERNIR

Verslanir Jack & Jones og Selected eru reknar af Bestseller á Íslandi en fyrirtækið er með tíu vinsælar fataverslanir í Kringlunni og Smáralind. Auk þeirra fyrrnefndu eru það Vero Moda, VILA og Name It. Hjá Bestseller er gríðarlega mikið úrval af fallegum fötum sem henta vel fyrir fermingar, bæði fyrir fermingarbörnin en ekki síður fyrir aðra fjölskyldumeðlimi. Selected og Jack & Jones bjóða fjölbreytt úrval fyrir stráka og flestir finna eitthvað við sitt hæfi í þessum verslunum auk þess sem verðin eru sérstaklega góð.

## Selected – elegant og flott

„Í Selected má finna hágæða danska hönnun, falleg jakkaföt og góðar skyrtur úr vönduðum efnum. Það er mjög vinsælt hjá strákum í dag að velja sér jakkaföt fyrir ferminguna og við erum með nokkur snið sem henta vel fyrir stráka. Svo er líka mjög algengt að pabbarnir komi með og velji sér föt fyrir stóra daginn,“ segir Ingimunda Maren Guðmundsdóttir, verslunarstjóri í Selected í Smáralind. „Þeir drengir sem kjósa að vera ekki í jakkafötum geta fundið sér stakan jakka við buxur eða jafnvel gallabuxur. Í Selected má einnig finna fallegar peysur og svo má ekki gleyma bindinu eða þverslaufunni,“ segir Ingimunda.

Þegar hún er spurð hvaða litir séu vinsælastir hjá fermingarstrákum sem koma í búðina núna, svarar hún: „Blá jakkaföt eru mjög vinsæl í ár. Margir strákar taka hvíta skyrtu við en svo eru alls konar litir í bindum og slaufum. Strákarnir hafa mjög sterkar skoðanir á hvað þeir vilja og eru alls ekki feimnir að tjá sig um það,“ segir Ingimunda og bætir við að afgreiðslufólkið í Selected aðstoði þá og leiðbeini ef þeir eru í einhverjum vafa. „Það er okkar hlutverk að hjálpa fermingarstrákum og öllum öðrum viðskiptavinum enda leggjum við mikla áherslu á góða þjónustu,“ segir hún.

## Jack & Jones – sportlegt og töff

Jack & Jones hefur verið á Íslandi í fjöldamörg ár og þar geta strákar alltaf fundið falleg föt sem henta. „Í Jack & Jones er jafnan mikið úrval af gallabuxum en undanfarin ár hafa margir strákar kosið að fá sér nýjar gallabuxur fyrir fermingardaginn. Vinsælustu buxurnar eru svartar þröngar gallabuxur sem heita „LIAM“. Við gallabuxur er síðan hægt að fá fallega skyrtu og stakan jakka. Í Jack & Jones er sömuleiðis mikið úrval af fallegum jökkum, bæði stökum, fínum jökkum en auk þeirra hafa hinir svokölluðu „bomber“ jakkar verið vinsælir hjá fermingarstrákum undanfarin ár. Þannig verður það örugglega aftur núna,“ segir Izabele Grigoriana, verslunarstjóri Jack & Jones í Smáralind.

Hún segir að góðir strigaskór hafi verið vinsælir undanfarin ár en verslunin býður fjölbreytt úrval af þeim núna fyrir fermingarnar.



Það er mikið af fallegum og vönduðum fermingarfötum fyrir stráka í Selected í Smáralind. Bæði jakkaföt sem stakir jakkar og buxur. MYNDIR/ERNIR

> **Selected og Jack & Jones bjóða fjölbreytt úrval fyrir stráka og flestir finna eitthvað við sitt hæfi auk þess sem verðin eru sérstaklega góð.**

„Sumir strákar kjósa að fara hefðbundnu leiðina og þeir geta auðveldlega fundið þægileg jakkaföt á góðu verði í Jack & Jones og fallega sparitskó,“ segir hún.

Izabele segir að kóngablár litur sé afar vinsæll um þessar mundir en einnig dökkgrár, bæði í skyrtum og jökkum. „Svartar gallabuxur eru alltaf vinsælastar en margir strákar velja sér vínrauða slaufu eða bindi við og hvíta strigaskó. Íslenskir unglingar hafa gott auga fyrir tískustraumum, þeir kjósa notalegan fatnað eins og stretch-gallabuxur og þægilega strigaskó. Mér finnst þeir yfirleitt hafa sterka skoðun á litum, fatnaði og skóm. Þótt stelpurnar séu kannski meira að spá í hárgreiðslunni og skreytingum í veislunni þá eru bæði kynin með sterkar skoðanir á fatnaðinum,“ segir Izabele. „Ef einhver er í erfiðleikum með að velja réttu fermingarfötin erum við alltaf til staðar og aðstoðum við valið. Við finnum það sem fer best og fermingardrengnum líður vel í.“


Ingimunda Maren Guðmundsdóttir, verslunarstjóri í Selected í Smáralind.


Hilmar Eyþór Ásgeirsson og Izabele Grigoriana, verslunarstjóri Jack & Jones í Smáralind, veita góða þjónustu í kaupum á fermingarfötum.

# Frænkan saumaði draumakjólinn

Aldís María Einarsdóttir fermdist 8. apríl 2017 í Lindakirkju. Hún á afar góðar minningar frá deginum og segir að hann hafi verið ógleymanlegur.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Aldís María hafði ákveðnar hugmyndir um hvernig kjól hún vildi fermast í. Hún leitaði lengi að rétta kjólnum en án árangurs. „Mér leist eiginlega ekkert á það sem ég sá í búðum. Mig langaði í frekar gamaldags kjól, svona eins og voru 1940-1950. Mömmu datt þá í hug að fá frænku mína, Önnu Guðnýju Magnúsdóttur, en hún er lærður klæðskeri, til að sauma draumakjólinn minn. Hún var sko alveg til í að gera það svo við fórum að leita að rétta efninu,“ segir Aldís María. „Ég fann það mjög fljótt enda var mikið úrval af efnum hér á landi,“ bætir hún við.

„Síðan settumst við niður og teiknuðum kjólinn í sameiningu. Ég sagði hvað ég vildi og úr varð samstarfsverkefni okkar. Ég var virkilega ánægð með kjólinn og naut mín ótrúlega vel á fermingardeginum,“ segir Aldís. „Sumir gestir höfðu á orði hversu fallegur kjóllinn væri. Ég hef samt ekki notað hann síðan. Hugsa samt að hann passi enn,“ segir hún.

Aldís María er dóttir Halldóru Ingunnar Magnúsdóttur og Einars Ísfeld Ríkharðssonar. Hún ákvað hvernig veislan ætti að vera með foreldrum sínum. „Við ákváðum að hafa smárétti eins og litla hamborgara og svoleiðis en líka tertur. Þetta var ótrúlega skemmtilegur dagur og ég fékk margt mjög fallegt. Besta gjöfin var úkúlele sem ég hef spilað mikið á. Mig langaði í svoleiðis hljóðfæri og hef verið að læra á það sjálf. Ég ætlaði eiginlega að kaupa úkúlele fyrir fermingarpeninginn en þurfti þess ekki. Ég fékk líka peninga að gjöf, keypti mér góðan síma og lagði afganginn inn í banka,“ segir Aldís. „Foreldrar mínir gáfu mér síðan húsgögn í herbergið mitt.“

Aldís María er að klára tíunda bekk í vor. Leiðin liggur í menntaskóla enda langar hana í framhaldinu í listaháskóla. „Ég hef mikinn áhuga á listnámi, hef áhuga á tónlist og teikningum. Ég myndi hvetja alla krakka til að fermast. Það breytir kannski ekki miklu í lífi manns en er mjög skemmtileg upplifun og gaman að muna þennan dag. Við vorum með bingó og pub quiz og ég held að allir hafi skemmt sér vel þennan dag.“




**Aldís María í dag. Hún stefnir á listnám í framtíðinni.**



**Aldís í fallega kjólnum á fermingardaginn sinn.**




MOS MOSH
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is






Útskornu ávextirnir hennar Arndísar eru sannkölluð listaverk eins og sjá má.

# Listaverk úr ávöxtum

**Listilega útskornir ávextir eru einkennismerki Arndísar Lífar Birgisson. Ávaxtalistaverkin hennar sóma sér prýðilega á veisluborðum í fermingum enda vekja þau sérstaka athygli veislugesta.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is





Ég lærði að skera út ávexti fyrir nokkrum árum af annarri filippseyskri konu. Síðan hef ég verið að æfa mig og læra meira bæði með því að prófa mig áfram en líka með því að skoða myndbönd á YouTube," segir Arndís.

Hún byrjaði á því að bjóða upp á fallega útskorna ávexti í veislum sem hún hélt sjálf. Skreytingarnar vöktu mikla athygli og spurðust fljótlega út. Nú hefur hún útbúið æði margar skreytingar fyrir veislur af öllum toga, bæði fermingar, brúðkaup, afmæli og aðrar uppákomur.

Arndís hefur búið í Keflavík í átján ár, eða frá því hún flutti til Íslands frá Filippseyjum. „Fjölskylda fyrrverandi mannsins míns var hér á Íslandi og við fluttum hingað með dóttur okkar árið 2001. Á þeim tíma var ekki mjög erfitt að koma hingað frá Asíu en það er allt annað og erfiðara í dag," segir Arndís en hún og maður hennar skildu árið 2009 og hann hélt aftur heim en Arndís vildi búa áfram á Íslandi. Hún er í dag gift Brynjari Rafni Birgissyni og starfar sem vaktstjóri á Mathúsinu á Keflavíkurflugvelli.

Arndís hefur haft áhuga á matargerð frá unga aldri og útskrifaðist úr námi í matartækni. „Kennarinn minn í matartækninni hvatti mig áfram í útskurðinum og pantaði meira að segja sjálfur hjá mér útskorna ávexti í fermingarveislu," segir Arndís sem einnig hefur séð um matreiðslu í stórum og smáum veislum.

„Ég elda íslenskan mat eða filippseyskan og stundum bæði. Fólk hefur gaman af að prófa eitthvað nýtt. Ég elda líka vegan rétti en þeir eru mjög vinsælir núna. Það eru margir að spá í hollustu og finnst þá líka fínt að bjóða upp á ávexti í staðinn fyrir eða með kökunum."

Ávaxtaskreytingar Arndísar vekja alltaf óskipta athygli í öllum veislum. Hróður hennar hefur spurst út og hún segir að nóg verði að gera hjá henni á næstunni í útskurðinum.

> **Það eru margir að spá í hollustu og finnst þá líka fínt að bjóða upp á ávexti í staðinn fyrir eða með kökunum.**

Á Facebook-síðu Arndísar Lífar er hægt að skoða myndaalbúm með myndum af skreytingum sem hún hefur útbúið.




FERMING 2019
gallerisautján
17
NTC
GJAFAKORT
VINSÆL FERMINGARGJÖF
GALLERISAUTJAN
GALLERI17
KRINGLAN | SMÁRALIND

# Elskar fermingarveislur

## Hjördís Dögg Grímarsdóttir, kennari og eigandi mömmur.is, er með ráð undir rifi hverju þegar kemur að veisluréttum. Hún segir kaffiboð hentug því auðvelt sé að undirbúa þau fyrir fram.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég elska fermingarveislur því tilefnið er svo skemmtilegt,“ segir Hjördís Dögg Grímarsdóttir, kennari og bakari af Guðs náð.

„Fermingarkakan hefur alltaf heillað mig, litrík og tengd fermingarbarninu. Oftar en ekki fær fermingarbarnið að setja sinn svip á veisluna og skreytingar eru tengdar áhugasviði barnsins. Flestir vilja svo halda í hefðirnar þegar kemur að fermingarveislunni en oft má sjá fermingartertu með nafni barnsins, kransaköku og brauðtertur á veisluborðinu.“

Hjördís segir kaffiboð góðan kost á fermingardaginn og henta á hvaða tíma dagsins sem er.

„Í kaffiboði er hægt að undirbúa veitingarnar með góðum fyrirvara. Tertubotnar eru þá frystir og teknir upp þegar nær dregur. Brauð í brauðrétti má líka skera tímanlega, setja í poka og frysta. Fyllingin er gerð kvöldinu áður og hellt yfir brauðið. Kransakakan er bökuð í tíma og líka sett í frysti. Allt þetta má gera mánuði fyrr og geyma á þurrum stað með plasti eða poka yfir, en rjómafyllingar eru settar á milli botna degi fyrir veisluna. Með þessu móti geta gestgjafarnir verið rólegir á sjálfan fermingardaginn þegar veitingarnar eru komnar á veisluborðið og lítið sem þarf að huga að þeim nema að fylla á, skera og hita það sem þarf að hita,“ ráðleggur Hjördís.

### Leikur sér með marengs

Bakstursáhugi Hjördísar vaknaði þegar hún var ung stelpa og fylgdist með móður sinni í eldhúsinu.

„Mamma hefur alltaf verið mikið fyrir að halda veislur með dýrindis veitingum og mikið lagt í. Það var fljótt að smitast yfir til mín og þegar ég fór að heiman hafði ég þær hefðir í heiðri. Við mamma hjálpumst oft að fyrir veislur og það er mikil stemning að vera fleiri í undirbúningnum,“ segir Hjördís sem hefur mikið dálæti á marengs.

„Mér finnst gaman að leika mér með marengsinn, lita hann, búa til munstur með sprautustútum og gera mismunandi rjómafyllingar, en best finnst mér að setja eplabita og karamellusúkkulaði á milli.“

Liðinn er rúmur áratugur síðan Hjördís stofnaði matarbloggið Mömmur.is.

„Mömmur.is er með fyrstu matarbloggunum sem sýndu matar- og kökugerð með myndaleiðbeiningum skref fyrir skref. Kökurnar vöktu áhuga fólks og margar voru sjaldséðar á þeim tíma, en þetta hitti í mark og hefur allar götur síðan verið vinsælt. Ég varð þess fljótt áskynja að bakstur, matseld og skreytingar heilluðu fólk,“ segir Hjördís sem fann löngun til að hjálpa fólki að fá hugmyndir og sýna fram á að allir geti bakað og útbúið fallegar veitingar.

„Það er allt hægt með viljanum og ekki verra ef fólk fær aðstoð sinna nánustu.“

### Gagnlegur gátlisti

Hjördís kennir 9. bekk í Grundaskóla á Akranesi á daginn en breytist í kökukonu á kvöldin og um helgar.

„Ég nýti hvert tækifæri til að gera skemmtilegar veitingar og baka aðallega fyrir sjálfa mig en nánustu vinir og ættingjar hafa fengið aðstoð frá mér þegar kemur að stóru kökunni í veisluna. Ég hef líka unnið mikið með Betty Crocker á Íslandi, blogga fyrir Gott í matinn og hræri eins og vindurinn með KitchenAid-hrærivélunum mínum. Ég hef því sannarlega fengið mörg tækifæri í gegnum mömmur.is,“ upplýsir Hjördís sem í fyrra fékk Parka til að hanna fyrir sig einstakt Mömmueldhús og er því með tvö eldhús í húsinu sínu, en þar vinnur hún allt efni sem fer inn á mömmur.is.

Hjördís gefur frábærar hugmyndir og gagnlegan gátlista fyrir ferminguna á mömmur.is.

„Það er gott að hafa gátlista við hönd og þegar eldri sonur minn fermdist í fyrra kom hann sér vel. Ég skoðaði mikið á netinu, bjó til minn eigin lista og vikuna fyrir fermingardaginn gerði ég lista fyrir hvern dag. Það lukkaðist allt vel með góðri hjálp frá fjölskyldunni.“

Hjördís segir rjómatertu, súkkulaðiköku, marengs, kransaköku, bollakökur, ístertu og brauðrétti sígildar og vinsælar veitingar á fermingarveisluborðið.

„Yngstu gestirnir kunna svo að meta veitingar í smærri kantinum og í fermingarveislu stráksins míns buðum við upp á kleinuhringi frá Krispy Kreme sem slógu í gegn hjá yngri kynslóðinni, sem og nammibarinn, popp og Cheerios-bitar.“

### Brauðréttir slá alltaf í gegn

Hjördís gefur hér lesendum uppskriftir að gómsætum brauðréttum.

„Þegar kemur að brauðréttum og brauðtertum er fólk oftast vanafast. Hefðbundin majónessalöt með skinku, rækju eða túnfiski, eru sígilt álegg og brauðterturnar eru skreyttar með til dæmis skinku, vínberjum og gúrku,“ upplýsir Hjördís um það vinsælasta á veisluborðið.

„Brauðréttir með mildri fyllingu slá alltaf í gegn en þá samanstendur fyllingin af til dæmis smurosti, rjóma, aspassafa, skinku, papriku og sveppum. Það er þó alltaf að færast í aukana að gera eitthvað öðruvísi og skemmtilegt, og með því að setja snakk ofan á brauðréttinn verður hann öðruvísi. Þá má líka smyrja brauðtertur á annan máta og setja á þær álegg í líkingu við það sem er sett á samlokur.“

Heilræði og uppskriftir Hjördísar má finna á mömmur.is, Instagram undir mömmur og á Facebook, þar sem hún á um 22 þúsund fylgjendur.



Hjördís Dögg Grímarsdóttir kennari og matarbloggari. MYNDIR/STEFÁN



Gómsætt baguette með brauðréttarfyllingu er dásamlegt í munn og maga.



Bergbys-brauðterta er algjört lostæti, búin til úr mismunandi sælkeralögum. Hér er hún borin fram á nýstárlegan hátt.



Með því að sáldra góðu snakki yfir gómsætan brauðrétt fær hann nýtt og spennandi yfirbragð.

## Bergbys-brauðterta

fyrir 25-30 manns

**4 rúllutertubrauð**
**Hráefni:**
**Majónes**
**Beikonsmurostur**
**Kál**
**Hunangsskinka**
**Mexíkóostur**
**Rautt pestó**
**Bergbys-sinnep**
**Doritos**

Fyrsta brauðlag: Majónes, kál og Bergbys-sinnep. Mæjónesi er smurt undir næsta brauðlag.
Annað brauðlag: Smurostur, hunangsskinka og rifinn Mexíkóostur. Smurostur smurður undir næsta brauðlag.
Þriðja brauðlag: Pestó, kál og Bergbys-sinnep. Majónesi er smurt undir næsta brauðlag.
Fjórða brauðlag – efsta lag: Sýrðum rjóma er smurt yfir brauðið. Kál sett yfir ásamt Doritos-flögum og rifnum Mexíkó-osti.

## Brauðteningar

Vel er hægt að útfæra þessa brauðtertuhugmynd sem brauðteninga. Fylgt er sömu aðferð að fjórða brauðlaginu en þá er brauðið pressað í 2 tíma með því að setja eitthvað þungt yfir kökuna. Brauðið er haft í kælingu á meðan. Síðan er rauðu pestói smurt í þunnu lagi yfir. Brauðið skorið í bita og tannstönglar settir í miðjuna á hverjum brauðteningi.

Það má geta þess að standurinn sem brauðtertan er á fæst í versluninni Basti í Kringlunni. Þar er til mikið úrval af kökudiskum.

## Æðislegur brauðréttur með snakki

Fyrir 25 manns

**1½ samlokubrauð**
**Fylling:**
**1 pakki skinka**
**1 stk. paprika**
**½ dós sveppir**
**½ l matreiðslurjómi**
**1 dós papriku-smurostur**
**½ dós beikon-smurostur**
**1 stk. pepperóní-ostur, rifinn**
**1 grænmetisteningur**
**2-3 msk. Hellmanns chili-majónes**

### Yfir réttinn:

**Mozzarella-ostur – rifinn**
**Salt og pipar Maruud-snakk**

Skinka, paprika og sveppir skorið í litla bita og steikt upp úr smjöri. Matreiðslurjóma hellt yfir og smurostunum og rifnum pepperóní-osti blandað saman við. Grænmetisteningur settur út í ásamt chili-majónesi. Hitið þar til osturinn hefur bráðnað. Skerið brauðið í litla teninga og setjið í smurt eldfast mót. Hellið fyllingunni yfir réttinn og sáldrið mozzarella-osti yfir. Hitið við 175°C hita (blástur) þar til osturinn hefur tekið smá lit, í um 20 mínútur. Sáldrið þá snakkinu yfir og hitið áfram í 5-10 mínútur.

## Baguette-brauðréttur

**Eitt baguette-brauð dugar fyrir 20 manns.**

Hægt er að nota sömu fyllinguna og í brauðréttinum til að búa til baguette-brauðrétt. Fylling sem gefin er upp með brauðréttinum dugar í 3 til 4 baguette-brauð. Það er nauðsynlegt að nota baguette-brauð og brauðið þarf að vera ágætlega breitt.
Brauðið er skorið eftir miðju, hreinsað innan úr því með skeið og bætt saman við brauðréttarfyllinguna. Fyllingin er sett inn í baguette-brauðið með skeið, osti sáldrað yfir og baguette-brauðrétturinn hitaður við 175°C hita (blástur) í 18 til 20 mínútur. Passið að baguette-brauðið verði ekki of mikið bakað. Skerið í sneiðar og berið fram.

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Fermingardagar



www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF OPIN**

Fermingar

**TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR**



## NATURE'S REST heilsurúm með Classic botni

Aukahlutur á mynd: Helsinki höfuðgafl.
Val um þrjá liti á botni: Hvítt, svart og grátt.

Nature's Bedding

**Nature's Rest með Classic botni og fótum**

| Stærð í cm | Fullt verð | Fermingartilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 55.900 | **44.720** |
| 90x200 | 59.900 | **47.920** |
| 100x200 | 63.900 | **51.120** |
| 120x200 | 69.900 | **55.920** |
| 140x200 | 79.900 | **63.920** |

NATURE'S REST | SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI | BURSTAÐIR STÁLFÆTUR | STERKUR BOTN | 320 GORMAR PR FM² | GÓÐAR KANTSTYRKINGAR



## FERMINGAR TVENNUTILBOÐ

SB-sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
**Fullt verð: 12.900 kr**
SB-koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
**Fullt verð: 6.900 kr**

**Fullt verð samtals:**
**14.800 kr.**

SCANDINAVIAN BEDDING

## TVENNUTILBOÐ

Aðeins **12.900 kr.**



## Fallegar vörur til fermingargjafa!

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Metfjöldi fermist borgaralega

Siðmennt hefur skipulagt borgaralega fermingu síðan árið 1989 þegar 16 ungmenni tóku fyrst þátt. Síðan þá hefur þátttakan aukist jafnt og þétt.

Í ár taka alls 544 ungmenni þátt í borgaralegri fermingu sem er tæplega 13% af árganginum og eru þau víðsvegar að af landinu. Alls verða átta fermingarathafnir á höfuðborgarsvæðinu en einnig verða athafnir á Akureyri, Húsavík, Akranesi, í Reykjanesbæ, á Selfossi, Höfn og í Neskaupstað.

„Landsbyggðin hefur verið að koma sterk inn í ár. Ég er búinn að fara víða að kenna á námskeiðum, meðal annars á Akranes, Árborg, Reykjanesbæ og Egilsstaði,“ segir Jóhann Björnsson hjá Siðmennt.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan 16 ungmenni fermdust borgaralega fyrst allra hér á landi fyrir 30 árum. „Þetta hefur ekki verið svona fjölmennt. Það voru innan við 500 krakkar í fyrra. Þetta er skemmtileg vinna og ég er búinn að vera sex helgar í röð að hitta fermingarbörn. Þetta er heilmikið starf á meðan á þessu stendur,“ segir hann en Jóhann byrjaði að kenna 1997.

„Ferming er sterk hefð hér á Íslandi og það virðist vera mikill vilji til að halda upp á unglingsárin á þessum tímapunkti með námskeiðum og athöfn.

Það sem hefur líka verið að aukast er að börn sem eru að fermast í kirkjunni, þau vilja vera með okkur. Það eru allir velkomnir og börn sem hafa alls konar trúar- og lífsskoðanir hafa komið til okkar. Útgangspunkturinn er að efla skapandi og gagnrýna hugsun.“



**Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan 16 ungmenni fermdust borgaralega fyrst allra hér á landi fyrir 30 árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Gátlisti fyrir ferminguna

Til að fermingardagurinn gangi sem best er gott að vera vel undirbúinn. Sumu þarf að huga að tímanlega, annað er hægt að gera með stuttum fyrirvara. Hér eru nokkur atriði sem huga þarf að.

**Panta sal**
Eitt það fyrsta sem þarf að gera er að panta sal, það er ef veislan á ekki að vera í heimahúsi. Vinsælustu staðirnir eru pantaðir með allt að árs fyrirvara.

**Gestalisti**
Drög að gestalisa ættu að vera tilbúin þegar ákveðið er hvar á að halda veisluna.

**Boðskort**
Gott er að senda boðskortin út með að minnsta kosti mánaðarfyrirvara en láta ættingja erlendis vita nokkrum mánuðum fyrr.

**Myndataka**
Það borgar sig að panta myndatöku tímanlega.

**Fatnaður**
Gott er að fara nokkuð snemma af stað því unglingar geta haft nokkuð ákveðnar skoðanir á hvað þeir vilja.

**Hárgreiðsla**
Best að panta með góðum fyrirvara.

**Servíettur og kerti**
Sumir láta árita servíettur og skreyta kerti.



## Þægilegur réttur

Blinis eru litlar pönnukökur sem eru mjög hentugar á fermingarhlaðborðið. Þær eru vinsælar hjá veislugestum og um leið er auðvelt að útbúa þær. Þær má skreyta með ýmsu áleggi og ferskum kryddjurtum en algeng útgáfa inniheldur sýrðan rjóma, reyktan lax eða annars konar fiskmeti og ferskar kryddjurtir. Hnnig má leika sér með grafinn fugl, t.d. önd, alls kyns sultur og bragðmikið sinnep.




# MARKAÐURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

**30 DAGA**
**PRUFUÁSKRIFT**
**+ TVÆR SKÝRSLUR**
**AÐ EIGIN VALI!**




## PRÓFAÐU FRÍTT Í ÞRJÁTÍU DAGA OG FÁÐU TVÆR FRÍAR SKÝRSLUR AÐ EIGIN VALI.

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ


Grænn og hollur drykkur.

## Góður flensudrykkur

Ertu með flensu eða kvef? Þá gæti verið ágætt að fá sér grænan drykk sem er stútfullur af hollustu. Þessi drykkur er með fersku engifer, epli, spínati og fleira. Það tekur stutta stund að útbúa hann.

**15 g rifinn engifer**
**1 grænt epli**
**⅓ agúrka**
**2 lúkur spínat**
**Safi úr hálfri sítrónu**
**2 dl nýkreistur appelsínusafi**

Rífið engifer, hreinsið eplið og skerið í litla bita. Skerið agúrkuna í bita og setjið allt sem talið er upp í blandara. Keyrið blönduna þar til hún verður jöfn og fín. Gott er að setja ísmola í drykkinn.


Vinsælt salat við Miðjarðarhafið enda mjög gott.

## Salat með perum og gorgonzola

Æðislegt salat sem getur ekki klikkað. Gorgonzola er mildur gráðostur sem kemur frá Ítalíu og er einstaklega góður. Hann fæst í ostabúðum og í Costco.

**2 perur**
**50 g klettasalat**
**4 msk. valhnetur**
**2 msk. hunang**
**40 g parmesan-ostur**
**Salt og nýmalaður pipar**
**Ólífuolía**

Ristið hneturnar á þurri pönnu við meðalhita, ekki láta þær brenna. Skrælið perurnar og skerið í þunnar sneiðar. Setjið klettasalat á disk, raðið perunum þar ofan á, síðan bitum af gorgonzola-ostinum. Dreifið góðri ólífuolíu yfir ásamt valhnetum, parmesan-osti, salti og pipar.

## Appelsínusalat með lárperu og granatepli

Æðislegt salat sem hægt er að borða eitt og sér eða hafa með kjúklingi. Uppskriftin miðast við fjóra.

**100 g spínat**
**2 appelsínur**
**2 blóðappelsínur**
**1 lárpera**
**1 dl granateplakjarnar**
**1 rauðlaukur**
**Fetaostur**
**Dressing**
**1 msk. valmúafræ**
**1 msk. Dijon-sinnep**
**1 msk. hunang, fljótandi**
**1 msk. sítrónusafi**
**3 msk. ólífuolía**
**Salt og pipar**

Ristið valmúafræin á þurri pönnu en það gefur þeim enn meira bragð. Hrærið saman allt annað sem á að fara í dressinguna. Bragðbætið með salti og pipar.
Takið börkinn af appelsínunum og skerið í sneiðar. Takið lárperuna úr hýðinu og skerið í sneiðar. Skerið laukinn sömuleiðis í sneiðar. Setjið spínat á disk og raðið appelsínum, rauðlauk og lárperu yfir. Því næst er rauðlauk dreift yfir ásamt fetaosti og granateplakjarna. Dreifið salatdressingunni yfir í lokin.


Hollt og gott salat.



BÍLABORG.is



RANGE ROVER SPORT 01/2017, ek. 11 Þ.KM, disel 307 hö, sjálfskiptur, leður, glerþak, krókur omfl. Verð 12.900 þús Rnr.123473.



TOYOTA LANDCRUISER150 GX 01/2018, ek. 47 Þ.KM, disel, sjálfskiptur. Verð 7.690 þús Rnr.111874.



